

DEIGLA

## FYRIRTÆKJAKÖNNUN Á ÍSLANDI

---

Könnun meðal fyrirtækja sem starfa á landsbyggðinni

Vífill Karlsson

*Deigla: rit atvinnuþróunarfélaganna, Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna*

Nr. 1 2019

Júní 2019

ISSN 2672-6459



SSV



Vestfjarðastofa

HEKLAN

# EFNISYFIRLIT

---

1	Samantekt niðurstaðna.....	6
2	Inngangur .....	12
3	Aðferðir og fræðilegur bakgrunnur .....	13
3.1	Aðferð: Meðaltöl og frávik eftir eiginleikum fyrirtækja.....	15
3.1.1	Framleiðslufyrirtæki.....	17
3.1.2	Gamalt fyrirtæki .....	18
3.1.3	Ferðapjónustufyrirtæki .....	18
3.1.4	Sjávarútvegsfyrirtæki, fyrirtæki í landbúnaði og með dreifða starfsemi .....	19
3.2	Aðferð: Meðaltal og sammála.....	19
3.3	Aðferð: Aðhvarfsgreining, logit-líkan og líkan reglulegra viðbragða.....	20
3.4	Styrkleikar og veikleikar.....	21
4	Gögn .....	22
5	Temagreining.....	27
5.1	Starfsmannamál – ráðningar og menntun og færni.....	27
5.1.1	Fjölga eða fækka fólki.....	27
5.1.2	Starfsfólk með ákveðna menntun.....	31
5.1.3	Starfsfólk með ákveðna færni .....	33
5.2	Framleiðslutæki – fjárfestingar.....	37
5.3	Uppbygging .....	41
5.3.1	Vinnuafsvægi .....	41
5.3.2	Ferðamenn.....	44
5.3.3	Skapandi greinar .....	51
5.4	Afkoma .....	54
5.4.1	Afkoma til skemmri tíma .....	54
5.4.2	Afkoma til lengri tíma.....	57
5.5	Væntingar.....	61
5.5.1	Vænt tekjuþróun.....	61
5.5.2	Vænt útlit í efnahagsmálum að mati fyrirtækja á landsbyggðinni.....	65
6	Niðurstöður, aðhvarfsgreining .....	69
6.1	Ráðningar.....	70
6.2	Fjárfestingar.....	71
6.3	Þekkingarskortur.....	72
6.4	Afkoma til skemmri tíma .....	72

6.5	Afkoma til lengri tíma .....	74
6.6	Menning .....	74
6.7	Ferðapjónusta .....	75
7	Niðurstöður, landfræðileg greining .....	78
7.1	Fyrirtæki af Höfuðborgarsvæðinu .....	79
7.2	Suðurnes .....	80
7.3	Vesturland .....	82
7.4	Vestfirðir .....	83
7.5	Norðurland vestra .....	85
7.6	Norðurland eystra .....	87
7.7	Austurland .....	89
7.8	Suðurland .....	90
7.9	Samantekt styrkleika og veikleika .....	91
8	Athyglisvert í niðurstöðunum og óvænt .....	93
8.1	Bjartsýni: Sókn er besta vörn .....	93
8.2	Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu sterkust en hyggjast pakka í vörn .....	93
8.2.1	Best afkoma fyrirtækja af höfuðborgarsvæðinu en hika í mannráðningum .....	93
8.3	Fyrirtæki svartsýnust af höfuðborgarsvæðinu .....	94
8.4	Er landbúnaðurinn ekki tengdur ferðapjónustu? .....	94
8.5	Ferðapjónusta á Norðurlandi eystra .....	94
8.6	Heildarniðurstaða Vestfjarða og Norðurlands eystra .....	95
8.7	Skapandi greinar .....	95
8.8	Ferðapjónusta .....	96
8.9	Landbúnaður og sjávarútvegur .....	96
8.10	Sjávarútvegur misvinnuafsfrekur .....	97
9	Viðauki .....	98
9.1	Skilgreining landsvæða .....	98
9.2	Spurningar könnunarinnar .....	100
9.3	Stærð úrtaks með tilliti til þýðis .....	106
10	Heimildaskrá .....	107

## MYNDIR

---

Mynd 1: Demantslíkan Porters.....	14
Mynd 2: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun? .....	16
Mynd 3: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun? .....	17
Mynd 4: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum? .....	19
Mynd 5: Landshlutar könnunarinnar .....	22
Mynd 6: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum? .....	27
Mynd 7: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum? .....	28
Mynd 8: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum? .....	29
Mynd 9: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum? .....	29
Mynd 10: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum? .....	30
Mynd 11: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?.....	31
Mynd 12: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?.....	32
Mynd 13: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?.....	32
Mynd 14: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?.....	33
Mynd 15: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna færni, getu eða hæfni aðra en þá sem nefnd var í næstu spurningu á undan? .....	34
Mynd 16: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna færni, getu eða hæfni aðra en þá sem nefnd var í næstu spurningu á undan? .....	35
Mynd 17: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna færni, getu eða hæfni aðra en þá sem nefnd var í næstu spurningu á undan? .....	35
Mynd 18: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna færni, getu eða hæfni aðra en þá sem nefnd var í næstu spurningu á undan? .....	36
Mynd 19: Bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum? .....	37
Mynd 20: Bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum? .....	38
Mynd 21: Bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum? .....	39
Mynd 22: Bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum? .....	40
Mynd 23: Bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum? .....	40
Mynd 24: Hversu vinnuafsfrekir eru atvinnuvegir landsbyggðarinnar .....	42
Mynd 25: Hversu vinnuafsfrekir eru atvinnuvegir landsbyggðarinnar? .....	42
Mynd 26: Hversu vinnuafsfrekir eru atvinnuvegir landsbyggðarinnar? .....	43
Mynd 27: Hversu vinnuafsfrekir eru atvinnuvegir landsbyggðarinnar? .....	44
Mynd 28: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?.....	44

Mynd 29: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?.....	46
Mynd 30: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?.....	46
Mynd 31: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?.....	47
Mynd 32: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu? .....	47
Mynd 33: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu? .....	49
Mynd 34: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu? .....	49
Mynd 35: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu? .....	50
Mynd 36: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum? .....	51
Mynd 37: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum? .....	52
Mynd 38: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum? .....	53
Mynd 39: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum? .....	53
Mynd 40: Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)? .....	54
Mynd 41: Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)? .....	55
Mynd 42: Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)? .....	56
Mynd 43: Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)? .....	56
Mynd 44: Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)? .....	57
Mynd 45: Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin 5-10 ár? .....	58
Mynd 46: Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin 5-10 ár? .....	59
Mynd 47: Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin 5-10 ár? .....	59
Mynd 48: Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin 5-10 ár? .....	60
Mynd 49: Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin 5-10 ár? .....	60
Mynd 50: Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári? .....	61
Mynd 51: Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári? .....	62
Mynd 52: Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári? .....	63
Mynd 53: Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári? .....	63
Mynd 54: Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári? .....	64
Mynd 55: Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði? .....	65
Mynd 56: Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði? .....	66
Mynd 57: Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði? .....	67
Mynd 58: Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði? .....	67

Mynd 59: Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði? ..... 68

## TÖFLUR

---

Tafla 1: Yfirlit þýðis og fjölda svara eftir landshlutum .....	23
Tafla 2: Þátttakendur eftir atvinnugreinum.....	23
Tafla 3: Þátttakendur eftir smærri landhlutum.....	24
Tafla 4: Þátttakendur eftir landsvæðum .....	25
Tafla 5: Hlutdeild ferðamanna í veltu atvinnulífs eftir landshlutum .....	45
Tafla 6: Hlutdeild ferðaþjónustufyrirtækja í veltu atvinnulífs eftir landshlutum .....	48
Tafla 7: Hlutdeild skapandi greina í veltu atvinnulífs eftir landshlutum .....	51
Tafla 8: Niðurstaða aðhvarfsgreiningar á ráðningum, fjárfestingum og færniskortur. ....	69
Tafla 9: Niðurstaða aðhvarfsgreiningar á afkomu til skemmri og lengri tíma ásamt menningu...	73
Tafla 10: Niðurstaða aðhvarfsgreiningar á afkomu til lengri og skemmri tíma.....	76
Tafla 11: Yfirlit styrkleika og veikleika landshlutanna.....	92
Tafla 12: Skilgreiningar landsvæða m.t.t. sveitarfélaga og landshluta.....	98
Tafla 13: Stærð úrtaks og þýðis.....	106

# 1 SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA

---

Hér fer samantekt á niðurstöðum spurningakönnunar, sem var lögð fyrir fyrirtæki allra landshluta nema höfuðborgarsvæðisins í nóvember 2018 og stóð yfir til loka janúar 2019. Nokkuð mörg fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu voru hins vegar með í könnuninni en það er af því að þau starfa á landsbyggðinni. Rúmlega 2000 fyrirtæki tóku þátt. Þátttakan hefði mátt vera meiri á Reykjanesi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi og skulu niðurstöður þeirra landshluta túlkaðar af varfærni.

Samantektin fjallar fyrst um hin ýmsu viðfangsefni (temu) könnunarinnar, þar á eftir um greiningu þar sem farið var á dýptina um hin ýmsu viðfangsefni og að síðustu hvernig niðurstöðurnar voru fyrir hvern landshluta.

## TEMAGREINING

- Starfsmannamál.
  - *Fjölga eða fækka fólki.* 22% þátttakenda sögðust ætla að fjölga starfsmönnum lítið eitt eða mikið en 13% sögðust ætla að fækka mikið eða lítið eitt. Fyrirtæki á Suðurnesjum og Norðurlandi vestra eru lang líklegust til að ráða fólk á næstunni meðan ólíklegast er að fyrirtæki á Austurlandi og af höfuðborgarsvæðinu geri það (Mynd 7). Þegar atvinnulífinu var síðan skipt upp í sjávarútveg, landbúnað, ferðaþjónustu og þjónustu þá benti flest til að sjávarútvegurinn væri líklegastur til að fækka fólki, landbúnaðurinn ólíklegri til þess en ferðaþjónustan líkleg til að bæta við sig fólki (Mynd 8). Þá virtust þjónustugreinar líklegri til að bæta við sig fólki en framleiðslugreinar (Mynd 7).
  - *Menntað vinnuafl.* 24% þátttakenda töldu sig vanta starfsfólk með ákveðna menntun (Mynd 11). Mest var þörfin á Vestfjörðum og þar á eftir Suðurnesjum (Mynd 12). Minnst var hún á Norðurlandi vestra. Hún var heldur meiri í þjónustugreinum en framleiðslugreinum.
  - *Vinnuafl með sérstaka færni.* 18% þátttakenda töldu sig vanta starfsfólk með ákveðna færni (Mynd 15). Mest var þörfin á Suðurnesjum og Austurlandi (Mynd 16). Minnst var hún á Norðurlandi eystra.
- Fjárfestingar.
  - *Bæta við framleiðslutækjum eða losa sig við.* 30% þátttakenda ætlaði að bæta við sig framleiðslutækjum (fjárfesta) á meðan 12% sögðust ætla að losa sig við eða draga saman seglin. Mestur var fjárfestingaviljinn á Suðurnesjum en minnstur hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu (Mynd 20). Almennt var hugur fyrirtækja til fjárfestinga óljós þegar svörin voru brotin upp eftir atvinnugreinum og það rennir aðhvarfsgreiningin stöðum undir (Tafla 8). Þó var eins og greina mætti ákveðið munstur þegar horft var til einstakra landshluta (Mynd 21).
- Stuttur samanburður á hugum fyrirtækja til mannráðninga og fjárfestinga.
  - Athygli vakti að fleiri sögðust ætla að fjárfesta en þeir sem ætluðu að ráða fólk. Þá var landfræðilegur breytileiki líka meiri í fjárfestingum en mannráðningum.
- Uppbygging atvinnulífsins
  - *Vinnuafsvægi.* Fyrirtæki á Vesturlandi voru vinnuafsfrekust á landinu, þá á Suðurnesjum en síst voru þau það á Norðurlandi vestra og síðan komu fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu (Mynd 24).

- *Ferðapjónusta*. 20% af allri veltu fyrirtækja á landsbyggðinni var vegna ferðapjónustu (Tafla 5). Þetta hlutfall var hæst 27% á Austurlandi og lægst hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu. 12% af allri veltu fyrirtækja á landsbyggðinni var vegna ferðapjónustufyrirtækja (Tafla 6). Þetta hlutfall var hæst 20% á Suðurnesjum og lægst hjá fyrirtækjum af Norðurlandi vestra.
- *Skapandi greinar*. 3,5% af allri veltu fyrirtækja á landsbyggðinni var af menningu og listum (Tafla 7). Þetta hlutfall var hæst 4,3% á Vestfjörðum og 4,2% á Vesturlandi en lægst 2,1% hjá fyrirtækjum á Suðurnesjum og Norðurlandi vestra 2,5%.
- Afkoma til skemmri tíma
  - 77% fyrirtækja skiluðu hagnaði eða voru með reksturinn í jafnvægi árið 2017. Best var afkoman á Suðurlandi en verst á Austurlandi. Landbúnaður skilaði lítið eitt verri afkomu en aðrar greinar og sama gilti um sjávarútvegsfyrirtæki og jafnvel ferðapjónustu þó svo þær greinar hafi komið betur út en landbúnaður. Með frekari landfræðilegri sundurliðun á svörun kom í ljós að afkoman var best á Akureyri og í Árnessýslu en síst á stökum svæðum Vestfjarða og Austurlands.
- Afkoma til lengri tíma
  - 85% þátttakenda sögðust oftast hafa hagnast eða verið með rekstur sinn í jafnvægi sl. 5-10 ár. Best var afkoman að þessu leyti hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu en síst á Austurlandi. Afkoma fyrirtækja í landbúnaði er yfirleitt lakari en flestra annarra atvinnugreina, betri í sjávarútvegi en í ferðapjónustu er niðurstaðan ýmist of eða van. Ítarlegri landfræðilegri sundurliðun benti til að afkoman til lengri tíma hafi verið best hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu, þá á Akranesi og Hvalfirði og Akureyri en verst á Austurlandi norðan Fagradals, A-Hún og Borgarfjarðarsvæði.
- Væntar tekjur fyrirtækjanna
  - Fleiri þátttakendur bjuggust við tekjuaukningu á næsta starfsári en þeir sem bjuggust við samdrætti þeirra. Ekki var mikill munur á milli landshlutanna að þessu leyti. Landbúnaðurinn kom verst út að þessu leyti. Þegar landsvæði voru skoðuð komu Vestfirðir einna best út (sunnanverðir og norðanverðir) en verst Strandir og Reykhólar, Skaftafellssýslur og Dalir.
- Efnahagshorfur
  - Meirihluti þátttakenda töldu aðstæður í efnahagslífinu eiga eftir að verða verri eða mikið verri eftir 12 mánuði. Að þessu leyti voru fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu almennt svartsýnni en önnur en þau á Suðurnesjum og Suðurlandi bjartsýnust. Framleiðslufyrirtæki voru almennt bjartsýnni en þjónustufyrirtæki sem og ferðapjónustufyrirtæki. Sjávarútvegsfyrirtæki voru ekki eins bjartsýn og ferðapjónustufyrirtæki og fyrirtæki í landbúnaði svartsýnust í þessum samanburði. Bjartsýnust voru þau í Rangárvallasýslu og V-Hún. Suðurland kom reyndar óvenju vel út þegar landsvæði voru skoðuð í þaula.

## DJÚPGREININGAR

- Starfsmannamál.
  - Yngri fyrirtæki eru líklegri en þau sem eldri eru til að ráða fólk. Þá ýtti góð afkoma undir ráðningaráform fyrirtækja. Þetta eru kunnugleg stef og komu ekki á óvart.



Hins vegar kom á óvart að fyrirtæki sem höfðu átt velgengni að fagna um lengri tíma virtust vera ólíklegri til að ráða fólk en þau sem gekk verr. Í þessari greiningu var fyrirtækjum skipt upp í fernt: Þjónustufyrirtæki, landbúnað, sjávarútveg og ferðaþjónustu. Af þessum skáru eingöngu fyrirtæki í landbúnaði sig frá hinum (marktækt) og það með neikvæðum hætti og þau því ólíklegri til að ráða fólk. Mest áhrif á vilja til þess að ráða fólk hafði sýn fyrirtækjanna á (bjartar) horfur í efnahagsmálum. Fyrirtæki í nágrenni höfuðborgarsvæðisins eru líklegri til að ráða fólk en þó eru fyrirtæki í fámennari sveitarfélögum líklegri til að ráða fólk en þau sem eru í fjölmennari sveitarfélögum. Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu voru ólíklegri til að ráða fólk en fyrirtæki af öðrum svæðum. Fyrirtæki í Þingeyjarsýslum og á Akureyri voru líklegust til að ráðast í mannaáðningarásamstæðum nokkrum öðrum landsvæðum.

➤ Fjárfestingar

- Ung fyrirtæki eru líklegri til fjárfestinga en eldri. Þau fyrirtæki sem högnuðust á undangengnu starfsári eru það líka. Aftur höfðu horfur í efnahagsmálum mest hvetjandi áhrif. Þetta eru allt saman væntar niðurstöður. Hins vegar dró úr fjárfestingarvilja meðal fyrirtækja eftir því sem sveitarfélagið varð fjölmennara sem var óvænt. Að öðru leyti var breytileiki í fjárfestingavilja ekki marktækt ólíkur á milli sveitarfélaga nema hvað fyrirtæki í Dölunum voru marktækt ólíklegri til fjárfestinga sem og þau á sunnanverðum Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum.

➤ Þekkingarskortur

- Fyrirtæki sem voru bjartsýnni hvað varðar horfur í efnahagsmálum voru líklegri til að svara því til að þau vantaði starfsfólk með ákveðna menntun. Fyrirtæki í Reykjanesbæ voru líklegri en annars staðar til að svara þessu játandi. Þau í landbúnaði voru síður á því að þau vantaði fólk með ákveðna menntun.

➤ Afkoma til skemmri tíma

- Ung fyrirtæki voru með laka afkomu en hún lagaðist eftir því sem eldri þau voru en á ákveðnum aldri fór aftur að halla undan fæti og afkoman að versna. Afkoma fyrirtækja í landbúnaði var langverst allra atvinnugreina, þá fyrirtækja í sjávarútvegi, síðan í þjónustugreinum en bestar í ferðaþjónustu. Fyrirtæki, sem töldu horfur í efnahagsmálum vera góðar, voru með betri afkomu en þau sem töldu þær verri. Afkoma fyrirtækja var marktækt verri eftir því sem fjær dró frá höfuðborgarsvæðinu.

➤ Afkoma til lengri tíma

- Líkt og varðandi hagnað til skemmri tíma litið batnaði afkoman hratt hjá ungum fyrirtækjum en náði síðan mettun á ákveðnum aldri og versnaði síðan eftir það. Þá var afkoma í landbúnaði langverst, síðan sjávarútvegi, þá í þjónustu og best í ferðaþjónustu. Fjarlægð frá Reykjavík grefur undan afkomu til lengri tíma. Þau landsvæði sem skáru sig marktækt úr frá höfuðborgarsvæðinu varðandi afkomu til lengri tíma voru öll með lakari afkomu en það voru fyrirtæki á Akranesi og í Hvalfirði, á Borgarfjarðarsvæði, í Dölum, Reykjanesbæ og annarsstaðar á Suðurnesjum.

➤ Menning

- Fyrirtæki sem byggja afkomu sína á menningu og listum (skapandi greinar) dafna betur í stærri sveitarfélögum en þeim minni. Meðal atvinnugreina byggja fyrirtæki í landbúnaði síst á sölu menningar og lista, þá fyrirtæki í sjávarútvegi, svo ferðaþjónustu en mest í annarri þjónustu. Fyrirtæki af Suðurnesjum utan Reykjanesbæjar, V-Húnavatnssýslu og Borgarfjarðarsvæði voru með marktækt meiri umsvif af menningu og listum en fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu þegar leiðrétt hafði verið fyrir því hvort fyrirtæki væru í landbúnaði, sjávarútvegi, ferðaþjónustu eða annarri þjónustu og fjölda íbúa.
- Ferðaþjónusta
  - Ferðaþjónustufyrirtæki eru ung fyrirtæki. Landbúnaður og sjávarútvegur eru mun minna í ferðaþjónustu en fyrirtæki í almennri þjónustu. Ferðaþjónusta er hlutfallslega mikilvægari í fámennari sveitarfélögum en þeim fjölmennari. Fyrirtæki á Akranesi og Hvalfirði voru í marktækt minni viðskiptum við ferðmenn í þessari greiningu.

## LANDSHLUTAR

- Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu
  - Til **styrkleika** fyrirtækja af höfuðborgarsvæðinu samanborið við fyrirtæki á landsbyggðinni voru afkomuþættirnir tveir til lengri og skemmri tíma og væntingar fyrirtækjanna um þróun tekna sem voru sérlega jákvæðar og með besta lagi. **Veikleikar** fyrirtækjanna af höfuðborgarsvæðinu voru hins vegar fleiri. Þau voru einna líklegust til að ráðast í uppsagnir á fólki sem og ólíklegust til að ráðast í fjárfestingar. Þá var vinnuafsvægi þeirra einna lægst. Að lokum voru fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu einna svartstýnt varðandi horfur þeirra í efnahagsmálum.
- Suðurnes
  - **Styrkleikar** Suðurnesja fólust í því að fyrirtæki þaðan mældust langlíklegust til að ráða fólk. Nokkuð margir þátttakendur sögðu skort á menntuðu starfsfólki sem og fólki með ákveðna færni. Þá var fjárfestingahugur hvergi meiri en í þessum landshluta. Vinnuafsvægi var einnig styrkleiki hér. Þá voru fyrirtæki af svæðinu með hæstu hlutdeild sem mældist af viðskiptum við ferðaþjónustufyrirtæki. Afkoma fyrirtækjanna til skemmri tíma mældist nokkuð góð. Þá var bjartsýni ríkjandi á svæðinu hvort sem litið var inn á við (til eigin tekna) eða út á við (efnahagshorfunar almennt). Allt þetta er mjög grátlegt í ljósi nýrrar stöðu í kjölfar gjaldþrots Wow-air og snúum við þá okkur að **veikleikum** svæðisins að mati fyrirtækja á svæðinu í janúar 2019. Þeir fólust eingöngu í takmörkuðum hlut svæðisins í skapandi greinum samkvæmt þessari greiningu. Hins vegar benti djúpgreiningin til þess að þeim væri samt ekki alls varnað hvað þann þátt varðaði.
- Vesturland
  - Á Vesturlandi fólust **styrkleikar** svæðisins í nokkurri eftirspurn eftir menntuðu vinnuafli. Þá var vinnuafsvægið hvergi hærra. Að auki lenti landshlutinn í öðru sæti þegar horft var til skapandi greina. Á Vesturlandi var að finna bæði landsvæði með fyrirtæki, sem sýndu einna besta afkomu til lengri tíma, og fyrirtæki með einna verstu afkomu og þá fjöllum við um **veikleikana**. Dalirnir komu illa út er

varðaði fjölgun eða fækkun starfsfólks. Einnig varðandi þörfina fyrir menntað vinnuafli og vinnuafli með sérstaka færni. Hún er einstaklega lítil þar. Einnig ráku þeir lestina varðandi fjárfestingarhug, viðskipti við ferðaþjónustufyrirtæki og væntingar um tekjur á næsta ári. Þá var hugur til fjárfestinga óvenju lítill hjá fyrirtækjum á Akranessvæðinu og ferðaþjónusta veik á Akranesi. Afkoma til lengri tíma kom illa út á Borgarfjarðarsvæði.

➤ Vestfirðir

- **Styrkleikar** Vestfjarða fólust helst í hug þeirra til að fjölga menntuðum á vinnumarkaði, sem var hvergi meiri. Á N-Vestfjörðum var mest þörfin fyrir vinnuafli með sérstaka færni en á S-Vestfjörðum voru allnokkur viðskipti við ferðaþjónustufyrirtæki. Hlutur skapandi greina mældist hæstur á Vestfjörðum og þá sérstaklega á N-Vestfjörðum. Þá voru væntingar um auknar tekjur fyrirtækjanna á næsta rekstrarári mestar á S-Vestfjörðum og N-Vestfirðir höfnuðu þar í þriðja sæti. Þar var útlitið verst að þessu leyti fyrir Strandir og Reykhóla og hverfum nú yfir í **veikleikana**. Strandir og Reykhólar koma oft illa út í samanburði landsvæða. Það á við varðandi fjölgun eða fækkun starfsfólks, fjárfestingar, afkomu til skemmri tíma og væntingar um tekjuþróun fyrirtækjanna. Þá var afkoman til skemmri tíma einnig slæm á S-Vestfjörðum sem og þörfin fyrir vinnuafli með ákveðna færni sem var með allra minnsta móti. Þar fór einnig óvenju lítið fyrir skapandi greinum. Almennu voru fyrirtæki á Vestfjörðum svartsýnust þegar spurt var um horfur í efnahagslífinu.

➤ Norðurland vestra

- Hugur fyrirtækjanna á Norðurlandi vestra til mannaráðninga, sérstaklega í V-Hún, var einn tveggja **styrkleika** landshlutans þar sem þeir höfnuðu í efsta sæti að þessu leyti. Þá voru fyrirtæki í V-Hún næstbjartsýnust þegar spurt var út í horfur í efnahagsmálunum en hin landsvæðin tvö í landshlutanum voru meðal þeirra svartsýnustu. En **veikleikarnir** voru fleiri en styrkleikarnir í þessum landshluta. Þar var þörfin minnst fyrir menntað vinnuafli og sérstaka færni einnig. Einnig var vinnuafli svægi lægst í landshlutanum sem og viðskipti við ferðaþjónustufyrirtæki. Hins vegar voru viðskipti við ferðamenn næstlægst meðal landshluta, sem og tekjur af menningu og listum, afkoma til skemmri og lengri tíma og væntingar um þróun tekna fyrirtækjanna.

➤ Norðurland eystra

- Á Norðurlandi eystra fólust **styrkleikar** svæðisins í afkomu til lengri og skemmri tíma sem og bjartsýni á efnahagshorfunar. Viðskipti við ferðamenn voru mikil í Þingeyjarsýslum en á óvart kom að Akureyri varð þar í þriðja neðsta sæti að þessu leyti og förum þá yfir í **veikleikana**. Þörfin fyrir menntaða starfsmenn og fjárfestingahugur voru óvenju lítill á Norðurlandi eystra. Þörfin fyrir fólk með sérstaka færni var enn meiri veikleiki á Norðurlandi eystra þar sem þörfin var þar minnst og lenti það því í neðsta sæti í samanburði milli landshlutanna. Þá var Eyjafjörður með lægsta vinnuafli svægið í samanburði landsvæða.

➤ Austurland

- **Styrkleikar** Austurlands fólust aðallega í viðskiptum við ferðamenn og í viðskiptum með menningu og listir, einkum á svæðinu norðan Fagradals. Þá lágu styrkleikar landshlutans einnig í þörfinni fyrir starfsfólk með ákveðna færni og þegar viðskipti við ferðaþjónustufyrirtæki voru skoðuð. **Veikleikana** í landshlutanum var hins vegar að finna í hugmyndum fyrirtækjanna í fjölgun eða fækkun starfsfólks og afkomu til skemmri og lengri tíma en einnig bjartsýni varðandi eigin tekjuþróun yfir á næsta rekstrarár. Þá voru fyrirtæki sunnan Fagradals almennt svartsýnust á horfurnar í efnahagsmálum þegar borin voru saman landsvæði.

➤ Suðurland

- Fyrirtæki í Árnessýslu voru ákveðnust í að ráða til sín fólk frekar en að reka og er það fyrsti **styrkleiki** landshlutans sem tíundaður er hér. Þá var fjárfestingahugur allnokkur á Suðurlandi. Hins vegar voru Skaftafellssýslurnar með hæsta vinnuafflsvægið þegar landsvæðin voru skoðuð. Þar voru viðskipti við ferðaþjónustufyrirtæki líka há í slíkum samanburði. Afkoman til skemmri tíma mældist best á Suðurlandi en næstbest kom landshlutinn út þegar hlutur fyrirtækja í viðskiptum við ferðamenn var skoðaður og hvað bjartsýni vegna horfa í efnahagsmálum varðaði. **Veikleika** landshlutans var að finna í lágu vinnuafflsvægi Rangárvallasýslu, hlutfallslega lítil viðskipti í Vestmannaeyjum við ferðaþjónustufyrirtæki, hlutfallslega lítil viðskipti vegna menningar og lista í Skaftafellssýslum og svartsýni þar varðandi tekjuþróun fyrirtækja milli rekstrarára.

## 2 INNGANGUR

---

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa frá árinu 2013 gert fyrirtækjakönnun á hverju ári til að kanna viðhorf atvinnulífsins til ýmissa mikilvægra mála og fylgst með þróun viðhorfanna frá einum tíma til annars. Könnuninni hefur einnig ætlað að vera innlegg í byggðaþróun á Vesturlandi og munu gögnin geta nýst í frekari rannsóknir á því sviði.

Eftir nokkrar skoðanakannanir á Vesturlandi var ákveðið að bjóða öðrum landshlutum<sup>1</sup> utan höfuðborgarsvæðisins að vera með. Það þáðu þeir allir og er þessi skýrsla samantekt og samanburður á þessum landshlutum. Þar sem þetta samstarf verður að teljast vel heppnað verður höfuðborgarsvæðinu boðið með næst þegar könnunin verður framkvæmd haustið 2019.

Meginmarkmið könnunarinnar var að draga fram afstöðu forsvarsmanna fyrirtækja einstakra landshluta til ýmissa þátta sem telja má meðal mikilvægustu rekstrarþátta fyrirtækja. Þó er þessi könnun það löng að henni er í raun skipt í fjóra aðskilda hluta. Hún er framkvæmd einu sinni á ári en það þarf fjögur ár til að klára hana. Sumar spurningar könnunarinnar eru það mikilvægar að okkar mati að þær eru settar fram á hverju ári. Nánar verður fjallað um könnunina hér á eftir undir kaflanum Aðferðir. Spurningalista könnunarinnar má síðan finna í viðauka skýrslunnar.

Í skýrslunni er annars gerð bæði nokkuð hefðbundin grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar, eins og t.a.m. í súlurítum, ásamt óhefðbundinni samanburðartölfræði sem útskýrð verður sérstaklega í hverjum kafla. Þess utan var gerð dýpri og flóknari greining til frekari glöggvunar.

Í næsta kafla verður greint frá vinnsluferli könnunarinnar og bakgrunni, aðferðum og úrvinnslu.

Athygli skal strax vakin á því að spurningakönnunin var lögð fyrir í nóvember 2018 og stóð yfir til loka janúar 2019. Margt hefur breyst síðan þá, eins og gjaldþrot Wow air er dæmi um, þó svo menn hafi líka átt von á ýmsum áskorunum. Það var t.d. vitað að erfiðir kjarasamningar voru framundan og teikn voru á lofti gagnvart ferðaþjónustu um að þar myndi vöxturinn vera mun minni en á undanförunum árum.

Skýrslan var unnin af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). Höfundur hennar er Vífill Karlsson. Spurningakönnunin var þróuð í samstarfi allra atvinnuþróunarfélaga og landshlutasamtaka og byggði á vinnu sem var þegar hafin hjá SSV. Atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök hvers landshluta tóku saman fyrirtækjalista og sendu könnunina til þeirra. Verkefnið allt er samstarfsverkefni allra atvinnuþróunarfélaga og landshlutasamtaka á landinu og Byggðastofnunar.

---

<sup>1</sup> Landshlutarnir eru átta: Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Skilgreining þeirra hér m.t.t. sveitarfélaga er sú sama og hjá Hagstofu Íslands.

### 3 AÐFERÐIR OG FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR


---

Spurningakönnun, sem var netkönnun, var lögð fyrir fyrirtæki allra landshluta nema höfuðborgarsvæðisins. Könnunin var lögð fyrir í nóvember 2018 og stóð yfir til loka janúar 2019. Atvinnuþróunarfélögin og landshlutasamtökin fengu hvert um sig lista yfir fyrirtæki í landshlutunum frá Credit-info. Þar var að finna netföng yfir hluta þeirra. Síðan réðust landshlutasamtökin í vinnu við að finna þau netföng sem vantaði. Síðan þótti ástæða til að bæta við fyrirtækjum sem vantaði inn á lista Credit-info. Fyrirtæki með lögheimili í einum landshluta en mikla starfsemi í öðrum gat verið dæmi um slíkt. Þar má nefna Bónus eða Húsasmiðjuna sem dæmi. Landshlutasamtökin lögðu í mikla vinnu við að ná inn fyrirtækjum sem starfa í landshlutunum en hafa lögheimili í öðrum. Oft eru þetta fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu og virðist sem þetta geti verið algengara í aðliggjandi landshlutum höfuðborgarsvæðisins en þeim sem fjær eru.

Áður en úrvinnsla könnunarinnar fór fram var farið vel yfir svör við fyrstu spurningu könnunarinnar. Í þeirri spurningu voru þátttakendur upplýstir um hvernig unnið yrði úr gögnunum og í hvaða vinnu þau yrðu nýtt (sjá orðrétta spurningalista í viðauka) og þeir síðan beðnir um samþykki fyrir því að þeirra svör yrðu nýtt þannig. Svörum þeirra sem merktu við „nei“ var hent út úr safninu áður en vinnsla fór fram.

Úrvinnsla könnunarinnar í þessari skýrslu verður þannig að gögnin verða sett fram í stöplaritum þar sem annaðhvort einföld meðaltöl eða hlutföll verða birt – þ.e. fjöldi eða hlutföll þeirra forsvarsmanna fyrirtækja sem svöruðu spurningum með einum eða öðrum hætti. Þá verður reynt að brjóta svörun upp eftir atvinnugreinum og landshlutum. Líkan reglulegra viðbragða (e. ordered response model) verður síðan nýtt til þess sem kallað er djúpgreining hér. Atvinnugreinarnar miðuðust við atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar, ÍSAT 2008 (sjá betur síðar). Þá var landinu skipt upp í átta mismunandi svæði og miðast við kjördæmin gömlu og landshlutaskiptingu atvinnuþróunarfélaganna og landshlutasamtakanna.

Fyrir utan hefðbundna áhugaverða þætti um fyrirtæki eins og afkomu til lengri og skemmri tíma og væntar breytingar í starfsmannahaldi tók upplýsingasöfnun mið af Demantslíkani Porters sem stundum er kallað Þjóðardemanturinn (Porter, 1990).



Mynd 1: Demantslíkan Porters

Þjóðardemantur Porters greinir samkeppnisstöðu þjóðar. Samkeppnisstaða þjóðar fjallar ekki um það hvernig þjóðir keppa hver við aðra líkt og fyrirtæki gera, heldur fjallar samkeppnisstaða þjóðar miklu fremur um það hvernig aðstæður í þjóðfélaginu styðja við tiltekna atvinnugreinar, með beinum eða óbeinum hætti.

Þó Porter noti þetta líkan til þess að greina samkeppnisstöðu þjóðar þá getur hann þess einnig að líkanið sé ágætt til þess að greina samkeppnisstöðu einstakra landshluta eða svæða<sup>2</sup>.

Eins og sést á mynd af Demantslíkani Porters þá hafa fjórir þættir bein áhrif á samkeppnisstöðu þjóðar:

- staða framleiðsluþátta
- staða eftirspurnar
- stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni
- skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar

Þess utan hafa stjórnvöld og tækifæri einnig veruleg áhrif en með óbeinum hætti þó eða öllu heldur í gegnum þættina fjóra.

Greining á stöðu framleiðsluþátta byrjar á því að tilgreina framleiðsluþættina. Þeir eru greindir niður eftir hreyfanleika, hversu sértækir þeir eru, hvort stöðug endurnýjun og þróun þeirra sé í gangi svo eitthvað sé nefnt.

Með stöðu eftirspurnar er í grófum dráttum reynt að varpa ljósi á það að hvað miklu marki kaupendur eða viðskiptavinir hvetja framleiðslugreinarnar til dáða.

<sup>2</sup> Í þessari skýrslu er talað bæði um landshluta og landsvæði. Landshlutarnir eru 8 en landsvæðin 22. Skilgreint betur í kaflanum um gögnin.

Það má segja að þátturinn *stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni* fjalli um það hvernig eigendur fyrirtækjanna og ytri markaðsaðstæður þrýsti á stjórnendur þeirra og hvetji þá þannig til stöðugar hagræðingar og sóknar á arðbærari viðskiptatækifæri.

*Skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar* mynda sterkt net sem getur haft hag af því að skiptast á upplýsingum, sameinast um þróunarvinnu og skiptast á viðskiptasamböndum svo eitthvað sé nefnt. Með þessu getur myndast afar skapandi og hvetjandi samfélag í tilteknum atvinnuklasa.

Eins og áður sagði er tvennt annað sem hefur áhrif á samkeppnisstöðu samfélags. Það eru tækifæri og stjórnvöld. Tækifæri eru skyndilegar ytri breytingar á högum samfélags. Þær geta bæði leitt til góðs og illis. Dæmi um þessar breytingar er iðnbyltingin, síðari heimstyrjöldin og tölvuþróunin sem allar veittu íslenska hagkerfinu tækifæri til þess að ná bættri samkeppnisstöðu. Aðrar breytingar gætu verið móðuharðindin og fall Lehman Brothers í september 2008 en það voru skyndilegar neikvæðar „ytri breytingar“ sem rýrðu afkomumöguleika þjóðarinnar og þá einnig samkeppnisstöðu hennar. Í dag spyrja menn sig síðan hvaða tækifæri felast í þróun gervigreindar.

Stjórnvöld hafa áhrif á samkeppnisstöðu þjóðar. Með ákvörðunum sínum geta stjórnvöld bæði stuðlað að betri og verri samkeppnisstöðu þjóðarinnar. Það er ekki langt síðan margir voru þeirrar skoðunar að bein afskipti hins opinbera af atvinnulífinu bættu samkeppnisstöðu þjóða. Nú eru menn almennt á því að óbein afskipti skili meiri árangri. Dæmi um óbein afskipti er lagasetning sem stuðlar að eðlilegri samkeppni á sem flestum mörkuðum á meðan bein afskipti eru þegar hið opinbera veitir atvinnulífinu eða einstökum atvinnugreinum styrki.


Þjóðardemanturinn gerir þó ráð fyrir að tækifæri og stjórnvöld hafi áhrif á samkeppnisstöðu samfélags í gegnum þættina fjóra.

### 3.1 AÐFERÐ: MEÐALTÖL OG FRÁVIK EFTIR EIGINLEIKUM FYRIRTÆKJA

---

Hér verður gerð grein fyrir myndrænni framsetningu gagnanna. Hún er í súluritum. Hver súla stendur fyrir meðaltal landshluta. Síðan er þeim raðað eftir stærð þannig að sú stærsta, eða besta útkoman, er lengst til vinstri og versta lengst til hægri. Síðan er afstaða fáeinna hópa dregin sérstaklega út. Það eru svör framleiðslufyrirtækja (einkennd með ljósbláum tígli), eldri fyrirtækja (einkennd með rauðum punkti) og dreifð fyrirtæki (einkennd með svörtu þverstriki). Öll gildin eru meðaltöl svaranna.





**Mynd 2: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?**


Þessi framsetning gefur færi á að sjá hvort og hvernig afstaða svokallaðra útflutningsfyrirtækja sé ólík þjónustufyrirtækjum að jafnaði – en framleiðslufyrirtæki flokkast til útflutningsfyrirtækja. Rekstur gististaða og veitingasölu hefði kannski átt að flokkast sem framleiðslufyrirtæki því þau eru ferðaþjónusta og því útflutningsfyrirtæki þó þau séu ekki beinlínis í hefðbundinni framleiðslu. Það er þá kannski til umhugsunar fyrir úrvinnslu næstu könnunar. Til þess að bæta það upp var ferðaþjónusta tekin sérstaklega út úr og skilgreind sérstaklega eins og síðar verður lýst.

Hér eru fyrirtæki því flokkuð í annað hvort þjónustu- eða útflutningsfyrirtæki og útflutningsfyrirtæki þau sem eru að mestu leyti að þjónusta fólk og fyrirtæki utan landshlutanna og hafa gjarnan mun meiri efnahagsleg margfeldisáhrif en þjónustufyrirtækin sem þjónusta heimamenn nánast eingöngu.

Það skal þó tekið fram að þjónustufyrirtækin eru á engan hátt minna mikilvæg eða „ómerkilegri“ en útflutningsfyrirtækin því þau ráða mjög miklu um ánægju íbúanna með búsetu sína á meðan útflutningsfyrirtækin sjá um nauðsynlegar forsendur fyrir rekstrargrundvelli þjónustufyrirtækjanna.

Þá er einnig áhugavert að sjá hvort munur er á afstöðu nýrri og eldri fyrirtækja því yngri fyrirtæki eru að takast á við önnur viðfangsefni en þau eldri. Sem dæmi geta ung fyrirtæki verið skuldsettari en þau eldri og þau geta verið að leggja meiri áherslu á að byggja upp markaðshlutdeild og viðskiptavild en þau sem eldri eru. Svo hafa þau eldri meiri reynslu en þau yngri og eru farin að mynda sér annars konar skoðun á því hvernig beri að sækja fram. Yngri fyrirtækin kunna að hafa oftari yngri og menntaðri leiðtoga/stjórnendur en þau eldri og hafa því mögulega ólíkari sýn á hvernig byggja eigi fyrirtækin upp. En þetta eru nú samt allt saman á vissan hátt getgátur og því

verður áhugavert að sjá hvort einhver raunverulegur munur er á afstöðu fyrirtækjanna eftir aldri þeirra.



Mynd 3: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?

Þá var einnig gerð tilraun til að draga fram afstöðu fyrirtækja í landbúnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu sem eru sennilega þrjár mannaflsfrekustu landdreifðu atvinnugreinarnar og því á vissan hátt kjölfesta atvinnulífs víða um land. Þar verður hins vegar að taka frávikin með miklum fyrirvara þegar þau eru tekin sérstaklega út fyrir landshlutana vegna þess hve fáir svöruðu en sérstaklega sjávarútvegi.

Hér á eftir verður greint frá nákvæmari skilgreiningu á framleiðslufyrirtæki, gömlu fyrirtæki, ferðaþjónustufyrirtæki, sjávarútvegsfyrirtæki, landbúnaðarfyrirtæki og fyrirtæki með dreifða starfsemi.

### 3.1.1 FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

Þátttakendur voru spurðir í hvaða atvinnugrein fyrirtækið starfaði: *Í hvaða atvinnugrein starfar fyrirtækið? Merktu eingöngu við einn valmöguleika. Ef fyrirtækið starfar í fleiri en einni atvinnugrein merktu þá sem vegur þyngst í starfsemi fyrirtækisins.* Síðan kom listi yfir atvinnugreinaflokkun ÍSAT 2008. Öllum atvinnugreinum var síðan skipt upp í tvennt: Framleiðsla og þjónusta. Til framleiðslu töldust:

- Landbúnaður og skógrækt,
- Fiskveiðar,
- Fiskvinnsla,

- Önnur framleiðsla,
- Námur og vinnsla hráefna úr jörðu,
- Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð,
- Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs- og afmengun

Til þjónustu töldust:

- Fasteignaviðskipti
- Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi
- Fjármála- og váttryggingarstarfsemi
- Flutningar og geymsla
- Fræðslustarfsemi
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta
- Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum
- Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta
- Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi
- Opinber stjórnýsla og varnarmál; almannatryggingar
- Rafmagns, gas- og hitaveitur
- Rekstur gististaða og veitingarekstur
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
- Upplýsingar og fjarskipti

### 3.1.2 GAMALT FYRIRTÆKI

Ákveðið var að draga út afstöðu eldri fyrirtækja sérstaklega til þess að sjá hvort þeirra afstaða væri að einhverju leyti frábrugðin meðaltalinu. Hér voru fyrirtæki sem voru eldri en 5 ára talin gömul.

Að baki þeirri tölu er spurningin: *Hvaða ár fór rekstur fyrirtækisins af stað?* Síðan gátu þátttakendur valið frá möguleikanum *fyrir 1900, 1901...2018*. Þau sem stofnuð voru fyrir árið 1900 gátu bara merkt við einn möguleika sem var „1900 eða fyrir“. Svörin voru síðan umreiknuð yfir í ár en talan 119 var alltaf gefin þegar merkt hafði verið við „1900 eða fyrir“.

### 3.1.3 FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI

Þegar fyrirtæki var skilgreint sem ferðaþjónusta var horft til svars þeirra við tveimur eftirfarandi spurningum:

- *Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?*
- *Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu?*

Fyrirtæki sem svaraði því til að það væri með meira en helming tekna sinna af ferðamönnum eða ferðaþjónustufyrirtæki (merkti við 51% og meira við annarri hvorri spurningunni að ofan) var flokkað sem ferðaþjónustufyrirtæki.


### 3.1.4 SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKI, FYRIRTÆKI Í LANDBÚNAÐI OG MEÐ DREIFÐA STARFSEMI

Dreifð starfsemi miðaðist við starfsemi í tveimur sveitarfélögum eða fleiri. Það svar byggði á tveimur eftirfarandi spurningum: *Í hvaða sveitarfélagi starfar fyrirtækið eða hefur mestan hluta starfsemi sinnar?* Strax á eftir kom svo þessi spurning: *Hefur fyrirtækið starfsemi í öðru/öðrum sveitarfélögum?* Þeir sem svöruðu þeirri spurningu játandi voru talin vera með dreifða starfsemi í þessari könnun.

Sjávarútvegur voru þau fyrirtæki sem merktu sig við fiskveiðar eða fiskvinnslu í atvinnugreinaflokkuninni. Sama gildir um landbúnaðinn en það var flokkurinn landbúnaður og skógrækt eins og sést í upptalningunni þar.

## 3.2 AÐFERÐ: MEÐALTAL OG SAMMÁLA

Sums staðar átti vel við og var upplýsandi að stilla niðurstöðum landsvæðanna upp í tvívíða mynd þar sem meðaltal svarsins var að finna á lóðrétta ásnum (y-ásnum) og kennitölu fyrir því hversu þátttakendur væru sammála þeirri niðurstöðu á lárétta ásnum (x-ásnum) eins og sjá má dæmi um í næstu mynd (Mynd 4).



Mynd 4: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?

Þessi framsetning bætti því nokkru við súluritinn á þann hátt að ef þátttakendur voru ekki mjög sammála um niðurstöðuna var kannski minni hættu á ferðum ef útkoman (viðkomandi meðaltal) var neikvæð fyrir samfélagið en minni ávinningur í vændum ef útkoman var jákvæð fyrir samfélagið.

Kennitalan fyrir sammála var reiknuð þannig að staðalfrávik var reiknað. Æskilegt þótti út frá greiningarlegu tilliti að gildi kennitölunnar hækkaði eftir því sem þátttakendur voru meira sammála. Þar sem lágt staðalfrávik bendir til að svör séu líkari en fyrir svör með háu staðalfrávik var ákveðið að spegla staðalfrávik þannig að ef kennitalan hækkaði þá voru þátttakendur meira sammála. Það var gert svona:

$$s_i = D_{max} - d_i$$

Kennitalan fyrir því hvort þátttakendur væru sammála,  $s$ , á hverju landsvæði,  $i$ , í tiltekinni spurningu var því fundin þannig að staðalfrávik hvers landsvæðis,  $d_i$ , var dregið frá hæsta staðalfrávik meðal allra landsvæðanna,  $D_{max}$ .

### 3.3 AÐFERÐ: AÐHVARFSGREINING, LOGIT-LÍKAN OG LÍKAN REGLULEGRA VIÐBRAGÐA

Aðhvarfsgreiningu var beitt til að meta almenna tilhneingingu fyrirtækjanna sem lesa má úr gögnum könnunarinnar. Þetta voru tvennskonar líkön: Logit-líkan og líkan reglulegra viðbragða. Með þessu móti gafst kostur á að kafa meira ofan í niðurstöður könnunarinnar og því freistandi að kalla þetta djúpgreiningu.

Nú verður fjallað um tæknilega og tölfræðilega framsetningu beggja líkana, svona formsins vegna. Til þess að þessi kafli verði ekki of fyrirferðarmikill er vitnað í heimildir þar sem hægt er að kynna sér þau nánar. Logit-líkanið og stærðfræðilega framsetningu þess má lesa um í nýlegri grein um nýliðun í landbúnaði (Vífill Karlsson, 2018) og verður umfjöllun um það ekki meiri hér.

Stærðfræðileg framsetning á líkani reglulegra viðbragða verður dregin upp hér. Nokkrar óháðar breytur, sem eru í vektornum  $X'$ , hafa áhrif á „duldar“ niðurstöður sem er til skoðunar hverju sinni og einkennd er með háðu breytum,  $M_i$ . Má setja líkanið fram á tölfræðilegan hátt með eftirfarandi hætti (Verbeek, 2004, bls. 203-205),

$$M_i = X'_i \beta + \varepsilon_i \tag{J.1}$$

þar sem  $\beta$  er vektor meitinna stuðla og  $\varepsilon_i$  leifar eða skekkjuliðir og  $\varepsilon_i \sim N(0,1)$ . Breytan  $y_i$  tengist  $M_i$  á eftirfarandi hátt:

$$y_i = \begin{cases} 1 & \text{if } X_i \leq \sigma_1 \\ 2 & \text{if } \sigma_1 \leq X_i \leq \sigma_2 \\ 3 & \text{if } \sigma_2 \leq X_i \leq \sigma_3, \\ \dots \\ M & \text{if } \sigma_{M-1} \leq X_i \end{cases}$$

Stikarnir  $\sigma = (\sigma_1 \dots \sigma_{M-1})$  eru þröskuldstikar (e. *threshold parameters*) og þar sem  $\sigma_1$  er 1.

Háðu breytur líkananna (líkön 1 til 9, í kafla 6) voru svörin við fyrirhuguðum mannaáráðningum, fjárfestingum, yfirlýstum þekkingarskorti, afkomu til lengri og skemmri tíma og hvort tekjur fyrirtækjanna væru vegna ferðapjónustu eða menningar og lista.

Á þessa greiningu verður að líta sem ákveðna frumraun því aldrei hafa gögn sem þessi verið greind á þennan hátt áður. Búast má við því að þau muni þróast eftir því sem reynslan mótast

greiningaraðila og athugasemdir berast. Upphaflega átti að beita þessum líkönum til að greina hvort marktækur munur væri á milli landshluta en svo þótti augljóst að bæta við skýringarbreytum sem af augljósum ástæðum gætu haft áhrif á afstöðu fyrirtækjanna í viðkomandi spurningum. Þá varð til safn eftirfarandi óháðra breyta: Fyrir utan leppbreytur fyrir landshlutana voru óháðu breyturnar aldur fyrirtækjanna, afkoma þeirra, mat á horfum í efnahagslífinu, fjarlægð frá Reykjavík, fjöldi íbúa í sveitarfélagi sem fyrirtækið starfaði í og að lokum hvort fyrirtækin væru í sjávarútvegi, landbúnaði eða ferðaþjónustu.

Val á þeim byggir á ýmsum kenningum hagfræðinnar. Fjöldi íbúa í viðkomandi sveitarfélagi byggir á hugmyndum um þéttbýlishagræði (O'Sullivan, 2009) og fjarlægð frá Reykjavík að hluta til líka en þó er líkanið um kenningar í kringum svokallað markaðsmöguleikalíkanið betri rökstuðningur þar sem nálægð við markaði skiptir líka verulegu máli varðandi afkomu og slíka hluti (Harris, 1954). Þá hefði reyndar kannski verið betra að þróa þetta líkan nær þyngdarlögmáslíkaninu sem er mjög vinsælt í hagnýtum rannsóknum á ýmsum sviðum hagfræði og reyndar annarra félagsvísindagreina. Samkvæmt Carrothers (1956) var Carey (1865) sennilega fyrstur til að útskýra hvers vegna þyngdarlögmáslíkanið getur verið heppilegt til að útskýra hegðun mannsins. En þyngdarlögmáslíkanið verður ekki notað að þessu sinni. Það verður nýtt í frekari úrvinnslu þessara gagna.

Þar sem tilvist fyrirtækja hverfist oft um sölu eða framleiðslu á tilteknum vörum eða þjónustu var aldur þeirra tekinn með vegna ákveðinna kenninga um þroska og æviskeið vara (Einarsson, 2005) sem farið verður betur í síðar.

Þá er velgengni fyrirtækjanna oft hvetjandi og jákvæðar væntingar (Blanchard & Fischer, 1989) í efnahagsmálum einnig og því var það tekið með þegar reynt var að greina mannaráðningar, fjárfestingar o.þ.h.

Þá þótti eðlilegt að hafa leppbreytur fyrir þrjár megin landdreifðu atvinnugreinarnar (landbúnað, sjávarútveg og ferðaþjónustu) og stuðlar þeirra standa gagnvart öllum öðrum atvinnugreinum sem eru mestmegnis þjónustufyrirtæki: Stuðlarnir gefa því til kynna á hvorn veg (pósítíft eða negatíft), hversu mikið og hvort þeir séu marktækt ólíkir þjónustufyrirtækjum.

Athygli skal vakin á því að leppbreytur eru fyrir fyrirtæki úr öllum landshlutum nema höfuðborgarsvæðinu. Stuðlar landshlutanna gefa til kynna hvernig þeir standa gagnvart höfuðborgarsvæðinu.

### 3.4 STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR

---

Að lokum verða styrkleikar og veikleikar landsvæðanna dregnir saman í eina einkunn þar sem horft er til röðunar landshlutanna í myndrænni framsetningu (sbr. Mynd 3) og verður framgangsmátinn útskýrður nánar þar (kafla 7.9). Það er tilraun til að meta útkomu hvers landshluta heildstætt út úr könnuninni í samanburði við aðra. Næst þegar þessi könnun verður endurtekin ætti að vera hægt að sjá breytingu landshlutans á milli kannana, bæði í samanburði við aðra og án þess. Það gefur færi á að sjá hvert landshlutarnir stefna. Þetta er einföld leið til að draga saman hvernig landshlutarnir skara fram úr í þessum samanburði og alls ekki hafin yfir gagnrýni. Allar tillögur um úrbætur eru vel þegnar.

## 4 GÖGN

---

Spurningakönnunin, sem var netkönnun, var lögð fyrir fyrirtæki allra landshluta nema höfuðborgarsvæðisins. Atvinnuþróunarfélögin og landshlutasamtökin fengu hvert um sig lista yfir fyrirtæki í landshlutunum frá Credit-info. Þar var að finna netföng yfir hluta þeirra. Síðan réðust félögin í vinnu við að finna þau sem vantaði. Þá þótti ástæða til að bæta við fyrirtækjum sem vantaði inn á lista Credit-info. Fyrirtæki með lögheimili í öðrum landshlutum en mikla starfsemi annars staðar voru dæmi um slík eins og t.a.m. Bónus og Húsasmiðjan.

Í fyrri könnunum, sem hafa bara verið gerðar á Vesturlandi, var landshlutanum skipt upp í fjögur mismunandi svæði: Fyrst voru Akranes og Hvalfjarðarsveit sett saman í eitt svæði, svo Borgarbyggð og Skorradalshreppur, næst sveitarfélögin á Snæfellsnesi og að síðustu var Dalabyggð í einu svæði. Í þessari könnun verður aðallega horft til landshlutanna í heild þar sem svörun var víða ekki næg til að brjóta þá mikið upp. Með hliðsjón af reynslu af Vesturlandi verður kannski reynt að brjóta einstaka landshluta upp. Þar býður svörun á Vesturlandi, Suðurlandi og Norðurlandi eystra helst upp á einhverja slíka vinnslu.



---

**Mynd 5: Landshlutar könnunarinnar**

---

Spurningakönnunin var sameiginleg fyrir alla landshluta en ekki gátu allir byrjað á sama tíma. Fyrst fór hún af stað um miðjan október á Vesturlandi. Viku seinna fóru allir landshlutar af stað utan Suðurlands og Suðurnesja. Suðurnes fóru af stað 17. desember en Suðurland fór ekki af stað fyrr en í byrjun janúar 2019. Könnuninni lauk í lok janúar 2019.

Erfitt er að meta fjölda fyrirtækja í hverjum landshluta en áhugi atvinnuþróunarfélaganna og landshlutasamtakanna var aðallega á fyrirtækjum í virkum atvinnurekstri. Mikið er af skráðum fyrirtækjum en ekki nema brot þeirra í virkum atvinnurekstri því sum er kannski stofnuð utan um eignasöfn eða einhverja hagsmuni eða eitthvað annað en virkan atvinnurekstur með starfsmenn á launum. Á grundvelli listanna frá Credit-info og þeirrar vinnu sem landshlutarnir inntu af hendi

reyndu þeir hver um sig að meta fjölda fyrirtækja í hverjum landshluta. Niðurstöðuna er að finna hér ásamt þátttökunni til hliðsjónar (Tafla 1). Ljóst má þykja að þátttakan hefði víða þurft að vera meiri til að geta yfirfært niðurstöðurnar á einstaka landsvæði<sup>3</sup>.

**Tafla 1: Yfirlit þýðis og fjölda svara eftir landshlutum**

Landshluti	Fjöldi fyrirtækja	Fjöldi svara	Svarhlutfall af heildarfjölda
Austurland	609	120	19,7%
Höfuðborgarsvæðið		100	
Norðurland eystra	1.500	368	24,5%
Norðurland vestra	660	161	24,4%
Suðurland	5.100	390	7,6%
Suðurnes	304	96	31,6%
Vestfirðir	336	141	42,0%
Vesturland	1.428	397	27,8%
Óstaðsett		290	
Samtals	9.937	2.063	20,8%

Þar sem lítið ber á bændum og smábátasjómönnum í hefðbundnum fyrirtækjalistum eins og þeim sem fást hjá Credit-info var ákveðið að fá Bændasamtökin og Landssamband smábátæigenda í lið með aðstandendum könnunarinnar og þeir beðnir um að bjóða sínum félagsmönnum, vítt og breitt um landið, að vera með í könnuninni. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna tókst Landsambandi smábátæigenda ekki að senda könnunina á sína félagsmenn en vilja gjarnan vera með næst.

Í könnuninni bárust 2.125 svör en 2.063 samþykktu að svör þeirra væru nýtt til hins ítrasta í vinnu atvinnuþróunarfélaganna og landshlutasamtakanna (Tafla 1). Við vinnum því áfram með þann hluta. Þar af voru það 290 sem varð að flokka sem fyrirtæki sem ekki var hægt að staðsetja eftir landshlutum. Fyrirtæki voru staðsett eftir spurningunni: *Í hvaða sveitarfélagi starfar fyrirtækið eða hefur mestan hluta starfsemi sinnar?* 290 fyrirtæki svöruðu ekki þessari spurningu með vissu.

Þátttakan var nokkuð misjöfn. Flest, tæplega 400, tóku þátt á Vesturlandi og Suðurlandi (Tafla 1). Fæst tóku þátt á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu um 100. Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu voru ekki sérstaklega til skoðunar í þessari könnun en þeim, sem tóku þátt, var sent boð um þátttöku af því að þau starfa úti á landi en hafa mestan hluta starfsemi sinnar á höfuðborgarsvæðinu og eru þá rauninni þaðan þó svo þau starfi líka utan þess.

**Tafla 2: Þátttakendur eftir atvinnugreinum**

	Fjöldi
Námur og vinnsla hráefna úr jörðu	8
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs- og afmengun	11
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	16
Atvinnurekstur innan heimilis <sup>1)</sup>	22
Fasteignaviðskipti	22

<sup>3</sup> Í könnuninni er unnið með landshluta og landsvæði. Landshlutarnir eru átta og miðast við skilgreiningu Hagstofunnar á landshlutum. Landsvæðin eru skilgreind sérstaklega í þessari könnun og er að finna í öftustu töflu þessa kafla.



Rafmagns, gas- og hitaveitur	24
Upplýsingar og fjarskipti	24
Fjármála- og váttryggingarstarfsemi	30
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	34
Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar	35
Menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi	36
Fræðslustarfsemi	37
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	45
Flutningar og geymsla	58
Fiskvinnsla	64
Fiskveiðar	66
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	94
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum	105
Önnur framleiðsla	123
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	221
Rekstur gististaða og veitingarekstur	244
Landbúnaður og skógrækt	359
Óflokkað	385
Samtals	2.063

Þátttakendur voru flokkaðir eftir atvinnugreinum sem þeir gáfu upp þegar eftirfarandi spurning var sett fram: „Í hvaða atvinnugrein starfar fyrirtækið? Merktu eingöngu við einn valmöguleika. Ef fyrirtækið starfar í fleiri en einni atvinnugrein merktu þá sem vegur þyngst í starfsemi fyrirtækisins.“ Samkvæmt þeirri skráningu voru flestir 359 í landbúnaði og skógrækt, næst 244 í rekstri gisti- og veitingastaða og þar á eftir 221 í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sé horft til þriggja fjölmennustu atvinnugreinanna (Tafla 2). Fæstir voru þeir hins vegar 8 í vinnslu hráefna úr jörðu, þá 11 í vatnsveitu, fráveitu, meðhöndlun úrgangs- og afmengun og 16 í félagsamtök og önnur þjónustustarfsemi.

**Tafla 3: Þátttakendur eftir smærri landhlutum**

Landsvæði	Fjöldi þátttakenda
Óstaðsett	405
A-Húnavatnssýsla	37
Akranes og Hvalfjörður	66
Akureyri	185
Annað á hbsv	26
A-Þingeyjarsýsla	12
Árnessýsla	173
Borgarfjarðarsvæði	137
Dalir	32
Eyjafjörður	93
Firðir FB	43
Firðir SBD	21
Grindavíkurbær	15
Hérað	39
Norðanverðir Vestfirðir	79
Rangárvallasýsla	63
Reykjanesbær	71
Reykjavík	93
Skaftafellssýslur	71

Skagafjarðarsýsla	45
Snæfellsnes	100
Strandir og Reykhólar	35
Sunnanverðir Vestfirðir	28
Sveitarfélagið Vogar	4
S-Þingeyjarsýsla	67
V-Húnavatnsýsla	53
Vopnafjörður	10
Vestmannaeyjabær	54
Fyrrum svf Sandgerði og Garður	6
Samtals	2063

Nú vaknaði áhugi á að brjóta landið meira upp en í átta hluta og skoða landfræðilegan breytileika þannig sem og að greina hvernig atvinnulífið stendur innan þeirra. Til hugar kom landsvæðaskipting sem beitt hefur verið áður í samstarfsverkefnum landshlutasamtakanna og atvinnuþróunarfélaganna (Tafla 3). Þegar það var gert kom í ljós að svörun var óvenju lítil innan þeirra sumra og því var unnin ný landsvæðaskipting og voru 22 landsvæði í endanlegri flokkun (Tafla 4).

**Tafla 4: Þátttakendur eftir landsvæðum**

Landsvæði	Landshluti	Fjöldi þátttakenda
Óstaðsett		405
A-Húnavatnssýsla	Norðurland vestra	37
Akranes og Hvalfjörður	Vesturland	66
Akureyri	Norðurland eystra	185
Austurland NF	Austurland	58
Austurland SF	Austurland	55
Árnessýsla	Suðurland	173
Borgarfjarðarsvæði	Vesturland	137
Dalir	Vesturland	32
Eyjafjörður	Norðurland eystra	93
HBSV	Höfuðborgarsvæðið	119
Norðanverðir Vestfirðir	Vestfirðir	79
Rangárvallasýsla	Suðurland	63
Reykjanesbær	Suðurnes	71
Skaftafellssýslur	Suðurland	71
Skagafjarðarsýsla	Norðurland vestra	45
Snæfellsnes	Vesturland	100
Strandir og Reykhólar	Vestfirðir	35
Suðurnes annað	Suðurnes	25
Sunnanverðir Vestfirðir	Vestfirðir	28
Vestmannaeyjabær	Suðurland	54
V-Húnavatnsýsla	Norðurland vestra	53
Þingeyjarsýsla	Norðurland eystra	79
Samtals		2063

Þrátt fyrir þessa breytingu urðu heldur fá svör innan sumra landsvæðanna (Tafla 4) og því ráðlegt að taka niðurstöðum þeirra með fyrirvara. Þetta var samt talið upplýsandi þó svo niðurstöðurnar endurspegli ekki afstöðu þýðisins nema í nokkrum tilvikum. Niðurstöðurnar eru

Því ekki einkennandi fyrir afstöðu allra fyrirtækja á viðkomandi landsvæðum þó svo þarna séu mikilvægar og áhugaverðar vísbendingar um hana og landfræðilegan breytileika þeirra.

## 5 TEMAGREINING


Hér verða niðurstöður kjarnaspurninganna settar fram. Fyrst verða svör þeirra sett fram ósundurliðuð. Síðan verða þau brotin upp eftir landshlutum, atvinnugreinum og nokkrum eiginleikum fyrirtækjanna. Síðan verður reynt að skoða hversu sammála þátttakendur voru í svörum sínum.

### 5.1 STARFSMANNAMÁL – RÁÐNINGAR OG MENNTUN OG FÆRNI

Í könnuninni var spurt út í nokkra þættir er tengjast starfsmannamálum fyrirtækja. Spurt var út í hvort fyrirtækin væru að spá í að fjölga eða fækka starfsmönnum og hvort þau vantaði starfsfólk með sértæka menntun eða færni.

#### 5.1.1 FJÖLGA EÐA FÆKKA FÓLKI

Hvað fyrsta atriðið varðar var spurt: *Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?* Í ljós kom að 1.789 fyrirtæki svöruðu þessari spurningu og 22% sögðust ætla að fjölga lítið eitt eða mikið en 13% sögðust ætla að fækka mikið eða lítið eitt (Mynd 6). Munurinn var því 9 prósentustig á milli þessara aðila. Þetta má umorða með því að segja að 70% fleiri svöruðu því til að þeir ætluðu að fjölga fólki en þeir sem sögðust ætla að fækka því.




**Mynd 6: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?**


Þegar þetta var brotið upp eftir landshlutum kom í ljós að fyrirtæki á Suðurnesjum voru lang líklegust til að fjölga starfsfólki á næstunni en líklegust voru þau til að segja upp fólki á Austurlandi (Mynd 7). Annað sem vakti athygli var að framleiðslufyrirtæki voru miklu ólíklegri en þjónustufyrirtæki til að ráða fólk á næstunni (Mynd 7). Þar var Austurland undantekning en svörun þar var að vísu helst til dræm (Tafla 1) til að gert sé of mikið úr þeirri afstöðu fyrir landshlutann. Þá voru yngri fyrirtæki líklegri en þau sem eldri voru til að ráða og sama gilti um

fyrirtæki sem voru með dreifða starfsemi. Einnig virtust þjónustugreinar líklegri til að bæta við sig fólki en framleiðslugreinar.


Síðan voru landdreifðu atvinnugreinarnar ferðaþjónusta, landbúnaður og sjávarútvegur skoðaðar sérstaklega og þá kom í ljós að sjávarútvegur var síst á þeim buxunum að ráða til sín fólk (Mynd 8). Hann var frekar að fækka fólk. Þar var neikvæðnin reyndar mest á höfuðborgarsvæðinu, hjá þeim sem flokkuðust sem óstaðsettir og á Suðurlandi. Landbúnaðurinn var lítið eitt jákvæðari en sjávarútvegurinn en ferðaþjónustan jákvæðust. Jákvæðnin var hvergi meiri en hjá ferðaþjónustunni á Suðurnesjum en vegna fárra svara (Tafla 1) má ekki gera of mikið úr því. Þá var landbúnaðurinn á Suðurlandi mest sannfærandi jákvæður innan þeirrar atvinnugreinar og skal kannski engan undra þar sem það landsvæði er afar hentugt til hverskyns ræktunar.



Mynd 7: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?



Mynd 8: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?




Mynd 9: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?

Þegar svör við því hvort fyrirtæki ætluðu að fækka eða fjölga fólki voru brotin upp eftir landsvæðum kom í ljós að fyrirtæki í Árnassýslu voru hlutfallslega ákveðnust í að ráða fólk, þá á Suðurnesjum utan Reykjanesbæjar og V-Húnavatnssýslu (Mynd 9). Í þremur landshlutum ætluðu fleiri fyrirtæki að fækka fólki en þau sem ætluðu að fjölga. Flest voru þau hlutfallslega á Ströndum og Reykhólum, þá í Dölum og á höfuðborgarsvæðinu.

Að síðustu voru svör landsvæða við þessari spurningu skoðuð samtímis sem meðaltal við því hvort fyrirtæki ætluðu að fjölga eða fækka starfsfólki (lóðrétti ásinn) og hvort þau væru sammála eða ósammála um þá niðurstöðu (lárétti ásinn) og byggt á staðalfrávikum<sup>4</sup>. Í myndinni eru fjórðungar og verst er það að lenda í þeim neðri til hægri þar sem fyrirtæki eru síst á því að fjölga fólki og verulega sammála um þá skoðun. Þar lentu Dalirnir verst í því en þar er líka að finna Húnavatnssýslurnar, Snæfellsnes, Vestmannaeyjar og Akureyri.

Best er að lenda í efri fjórðungi til hægri. Þar varð Árnassýsla „efst“ á blaði. Akranessvæðið er á svipuðum stað en þar eru fyrirtæki ekki eins sammála og í Árnassýslu. Í Eyjafjarðarsýslu eru fyrirtæki hins vegar meira sammála um sína einkunn en í Árnassýslu en einkunnin bendir hins vegar til að ekki verði eins mikið um mannráðningar þar og í Árnassýslu.




Mynd 10: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?

<sup>4</sup> Þarna var staðalfrávikinu í raun snúið við þannig að hægt væri að túlka ásinn með þeim hætti sem gert er. Sjá nánar í kaflanum um aðferðir.

### 5.1.2 STARFSFÓLK MEÐ ÁKVEÐNA MENNTUN


Í könnuninni voru fyrirtækin spurð hvort þau teldu sig vanta menntað starfsfólk og gátu þau svarað þeirri spurningu annað hvort játandi eða neitandi. Spurningin var orðrétt svona: *Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?* Síðan gátu þátttakendur svarað því játandi eða neitandi. Ef þeir svöruðu játandi var þeim boðið að svara því hvaða menntun það starfsfólk þyrfti að hafa. Engir valmöguleikar voru þeim gefnir heldur gátu þeir skrifað það sem þeim fannst að vild (þ.e. opin spurning).




**Mynd 11: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?**

1.796 þátttakendur svöruðu þessari spurningu og 433 (24%) svöruðu henni játandi (Mynd 11). Þegar svörin voru brotin upp milli landshluta kom í ljós að þörfin var mest á Vestfjörðum og Suðurnesjum en minnst var hún á Norðurlandi vestra (Mynd 12). Mest virtist þörfin vera hjá fyrirtækjum sem störfuðu víða um landið. Heldur meiri virtist hún vera í þjónustugreinum en framleiðslugreinum en þó var það nokkuð misjafnt eftir landshlutum. Hún var meiri í þeim landshlutum þar sem þátttakan var hvað best.






Mynd 12: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?



Mynd 13: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?

Frekari sundurliðun á gögnunum eftir atvinnugreinum (Mynd 13) leiddi í ljós að þörfin fyrir menntað starfsfólk var sérlega lítil í landbúnaði, allmisjöfn eftir landshlutum í sjávarútvegi og nærri alls staðar í meðallagi í ferðaþjónustu.




**Mynd 14: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?**

Að lokum voru svörin brotin upp eftir landsvæðum og það leiddi í ljós að menntunarþörfin var langmest í Reykjanesbæ, þá á N-Vestfirðum og síðan á Akranessvæði. Síst var þörfin í Dölunum og í Húnavatnssýslunum (Mynd 14).

### 5.1.3 STARFSFÓLK MEÐ ÁKVEÐNA FÆRNI

Úr því grennslast var eftir þörfinni eftir starfsfólki með ákveðna menntun, sem vísar meira til formlegrar þekkingar og færni sem við fáum í almenna skólakerfinu, þá vaknaði áhugi á því að spyrja út í færni og þar með höfðað til annarra eiginleika starfsfólks en þeirra sem það getur öðlast í almenna skólakerfinu. Spurt var orðrétt: „Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna færni, getu eða hæfni aðra en þá sem nefnd var í næstu spurningu á undan?“ Síðan fylgdi þessi texti til nánari útskýringar: „Hér er verið að spyrja um aðra færni en þá sem fæst í skólakerfinu (hinu formlega)“. Síðan gátu þátttakendur svarað játandi eða neitandi. Ef þeir svöruðu játandi var þeim boðið að svara því hvaða færni það starfsfólk þyrfti að hafa. Engir valmöguleikar voru þeim gefnir heldur gátu þeir skrifað það sem þeim fannst að vild (þ.e. opin spurning).

Svörin við þessu voru 1.762 og 320 (18%) játandi (Mynd 15). Það eru mun færri en svöruðu spurningunni um menntað vinnuafl játandi (Mynd 11).




**Mynd 15: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna færni, getu eða hæfni aðra en þá sem nefnd var í næstu spurningu á undan?**


Þegar svörin voru brotin upp eftir landshlutum kom í ljós að fyrirtæki á Suðurnesjum voru í mestri þörfinni fyrir starfsfólk með annars konar færni (Mynd 16). Minnst var þörfin á Norðurlandi eystra. Þá voru fyrirtæki með dreifða starfsemi í meiri þörf heldur en gekk og gerðist meðal annarra fyrirtækja á viðkomandi svæðum.

Almennt var þörfin fyrir fólk með sérstaka færni heldur minni í landbúnaði en í annars konar fyrirtækjum (Mynd 17). Sama má segja um sjávarútvegsfyrirtæki að Suðurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi vestra undanskildum. Þessi þörf var hins vegar ýmist meiri, minni eða svipuð hjá ferðaþjónustufyrirtækjum og innan annars konar fyrirtækja.


Við nánari landfræðilega sundurliðun á svörum kom í ljós að þörfin var mest á norðanverðum Vestfjörðum, Suðurnesjum og á Austurlandi sunnan Fagradals en minnst var hún í Dölum, Þingeyjarsýslum og S-Vestfjörðum (Mynd 18).



Mynd 16: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna færni, getu eða hæfni aðra en þá sem nefnd var í næstu spurningu á undan?



Mynd 17: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna færni, getu eða hæfni aðra en þá sem nefnd var í næstu spurningu á undan?




**Mynd 18: Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna færni, getu eða hæfni aðra en þá sem nefnd var í næstu spurningu á undan?**

## 5.2 FRAMLEIÐSLUTÆKI – FJÁRFESTINGAR

Í könnuninni voru fyrirtæki spurð hvort þau ætluðu að ráðast í fjárfestingar eða losa sig við framleiðslutæki og aðra fastafjármuni. Spurningin var orðrétt svona: *Hvort telur þú að fyrirtækið eigi eftir að bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum? Það gildir einu hvort fyrirtækið á, kaupir eða leigir viðkomandi húsnæði eða búnað. Með búnaði er átt við land, kvóta, tæki, bíla, innréttingar og annað þess háttar.* Þá gátu þátttakendur merkt við 1) Bæta miklu við, 2) Bæta við, 3) Hvorki né, 4) Draga saman og 5) Draga mikið saman.

1797 þátttakendur svöruðu þessari spurningu og 547 (30%) sögðust ætla að bæta við og 219 (12%) sögðust ætla að draga saman (Mynd 19). Athygli vekur að fleiri ætla sér að fjárfesta en þeir sem ætla að ráða fólk (Mynd 11). Það geta bæði verið viðbrögð við fyrirsjáanlegu samdráttarskeiði og/eða vilja til að bæta afkomu félaganna til framtíðar. Þá geta þetta líka verið (og kannski líklegast) viðbrögð við stöðugt hækkandi launum á vinnumarkaði héraðs. Þekkt er að fyrirtæki hafa tilhneigingu til að tæknivæða meira eftir því sem launaliðurinn verður hærri (Varian, 1992, bls. 34-35). Við það verður ný tækni arðbærari. Laun hafa hækkað mikið á Íslandi um nokkurt skeið (*Fjármálastöðugleiki*, 2019, bls. 20) og ekki er útlit fyrir að lát verði á. Dæmi um þetta má sennilega finna í fiskveiðum er snýr að línuveiðum. Þrátt fyrir línuviltun sem fiskveiðistjórnunarkerfið býður fyrir landbeitta línu berast fréttir af því að ódýrara sé nú að kaupa sér beitningavél í litla báta og segja upp beitningarmönnunum (Jónsson, 2018).



Mynd 19: Bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum?


Fjárfestingarvilji, sem reiknaður var sem hlutfall<sup>5</sup>, var mestur á Suðurnesjum en minnstur hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu (Mynd 20). Munurinn á milli landshluta er miklu meiri í fjárfestingum en breytingum í mannhaldi (Mynd 11). Aftur skáru fyrirtæki með dreifða

<sup>5</sup> Sviginn (fjöldi þeirra sem sögðust ætla bæta við og bæta miklu við deilt með fjölda þeirra sem ætla að draga saman og draga mikið saman) að frádreginni tölunni 1.

staðsetningu sig verulega frá öðrum með áform um fjárfestingar sem voru yfirleitt mun meiri en annarra fyrirtækja. Athygli skal vakin á því að gildið fyrir fyrirtæki með dreifða staðsetningu á Suðurlandi var 2.500% og sést því ekki á myndinni.

Í nokkrum landshlutum var fjárfestingarvilji ferðaþjónustufyrirtækja meiri en annarra eins og meðaltal allra fyrirtækja á viðkomandi svæðum gaf til kynna. Það voru Suðurland, Vestfirðir, Vesturland og hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu (Mynd 21). Athygli vekur að þetta er í nokkru samræmi við það hvar vöxtur hefur verið í ferðaþjónustu samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar ("Skammtímahagvísar ferðaþjónustu," 2019) þar sem fram kom að þegar horft er á 12 mánaða breytingu fyrir tímabilið febrúar 2018 til janúar 2019 borið saman við sama tímabil árið áður fjölgaði gistinóttum mest 29% á Vesturlandi og Vestfjörðum<sup>6</sup> og 15% á Suðurlandi þegar landið var brotið upp eftir landshlutum.

Fyrirtæki í landbúnaði sýndu yfirleitt mun minni fjárfestingavilja en önnur fyrirtæki á meðan að fyrirtæki í sjávarútvegi voru mun ólíkari í afstöðu sinni (Mynd 21). Á Norðurlandi vestra voru sjávarútvegsfyrirtæki í miklum fjárfestingarhugleiðingum á meðan þær voru nánast engar á Norðurlandi eystra.



**Mynd 20: Bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum?**


Við nánara uppbrot á svörnum eftir landshlutum kom í ljós að hugur var mestur hjá fyrirtækjum á Suðurnesjum utan Reykjanesbæjar<sup>7</sup>, í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjum (Mynd

<sup>6</sup> Þarna hefur Hagstofan slegið Vesturlandi og Vestfjörðum saman í eitt landsvæði eins hún gerir stundum í tölum yfir fjölda gistinátta.

<sup>7</sup> Hér var fjöldi svara reyndar mjög lítil og því skal best að draga ekki of miklar ályktanir af niðurstöðunni.


22). Þátttakendur úr Dölnum voru í mestri vörn þar sem vísbendingar komu fram um að þar ætluðu menn að draga saman seglin, líka fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu en ekki eins mikið og í Dölnum. Þá var fjárfestingarhugur minnstur í fyrirtækjum frá Akureyri.

Að lokum var meðaltalið fyrir því hvort fyrirtæki ætluðu að fjárfesta eða draga saman borið saman við hvort þátttakendur væru sammála um það meðaltal eða ekki (Mynd 23). Þá kom í ljós að Suðurnes annars staðar en í Reykjanesbæ komu einna best út þar sem vísbendingar fyrir fjárfestingarvilja voru hæstar og þátttakendur voru mjög sammála um það svar. Verst var niðurstaðan fyrir Akranessvæðið og jafnvel Strandir og Reykhóla þar sem vísbendingar fyrir fjárfestingar voru hvað veikastar og um þá afstöðu ríkti mikil samstaða meðal þátttakenda í samanburði við önnur svæði. Í Dölnum var hugur fyrirtækja gagnvart fjárfestingum minnstur þar sem vísbendingar voru fyrir því að menn ætluðu að draga saman seglin. Hins vegar voru þátttakendur ekki á einu máli um það þar sem svörin voru með ólíkara móti.




Mynd 21: Bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum?





Mynd 22: Bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum?



Mynd 23: Bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum?

## 5.3 UPPBYGGING

---

Nokkrar spurningar lutu að uppbyggingu fyrirtækja/atvinnulífsins og verður nú farið yfir svör við þeim. Þetta voru þær tvær spurningar sem nýttust til að meta hversu vinnuaflsfrekt atvinnulífið á landsbyggðinni er:

1. Hverjar voru heildartekjur fyrirtækisins á síðasta starfsári (2017)?
2. Hver voru heildarlaun sem fyrirtækið greiddi starfsmönnum sínum á síðasta starfsári (2017)?

Á grundvelli þessara tveggja spurninga var reiknað út hversu hátt hlutfall laun voru af heildartekjum fyrirtækjanna og það látið duga sem vísbending um hversu vinnuaflsfrekt þau væru.

Þá voru tvær spurningar sem nýttust til að meta hversu stór ferðaþjónustan væri á landsbyggðinni.

3. Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?
4. Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu?

Síðan voru svör við báðum spurningum notuð til að finna út að hve miklu leyti fyrirtækin höfðu tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna eða fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Að lokum var reynt að finna út hversu mikið vægi skapandi greinar höfðu í atvinnulífinu á landsbyggðinni sem byggði á svörum við eftirfarandi spurningu:

5. Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?


### 5.3.1 VINNUAFLSVÆGI

---


Samkvæmt svörum við fyrstu tveimur spurningunum hér að ofan kom í ljós að fyrirtæki á Vesturlandi voru almennt þau vinnuaflsfrekustu á landsbyggðinni þar sem 39% rekstrartekna voru launakostnaður en hann var 27% á Norðurlandi vestra þar sem hann var lægstur (Mynd 24). Fast á hæla Vesturlands komu Suðurnes og Suðurland. Hluttur launa í rekstrarkostnaði var því rúmlega 40% hærri á Vesturlandi en á Norðurlandi vestra. Framleiðslufyrirtæki voru lítið eitt vinnuaflsfrekari en aðrar atvinnugreinar. Athygli vakti hvað aldur virtist telja lítið í þessu hlutfalli því að á vissan hátt hefði mátt halda að fyrirtæki sem eru búin að vera lengi í atvinnugrein geti séð tækifæri í tæknivæðingu þegar þau hafa lært meira í faginu eða í þeim viðskiptum sem þau stunda. Aftur voru það frekar fyrirtæki sem starfa dreift er lentu ofarlega á þessum kvarða. Það bendir til þess að það geti verið mannaflsfrekara að reka fyrirtæki á fleiri stöðum. Slík fyrirtæki gætu verið þyngr í stjórnun og erfiðara að samnýta verkferla ef þau starfa víða.

Þá virðist ferðaþjónusta vera lítið eitt vinnuaflsfrekari en fyrirtæki almennt eftir landshlutum en ekki sjávarútvegur og miklu síður landbúnaður (Mynd 25). Þarna verður þó að hafa í huga að af þessum þremur atvinnugreinum eru laun hæst í sjávarútvegi, þá ferðaþjónustu og trúlega lægst í landbúnaði. Þó er væntanlega hægt að færa rök fyrir því að meðallaun séu lægri í ferðaþjónustu

en meðallaun allra atvinnugreina og þess vegna sé ferðaþjónustan vinnuafslfrekari en þarna kemur fram, líka landbúnaður, en sjávarútvegur síður vinnuafslfrekur.




Mynd 24: Hversu vinnuafslfrekir eru atvinnuvegir landsbyggðarinnar




Mynd 25: Hversu vinnuafslfrekir eru atvinnuvegir landsbyggðarinnar?

Frekari landfræðileg sundurliðun á svörunum leiddi í ljós að vinnuafsvægið var mest í Skaftafellssýslum, þá Reykjanesbæ og á Snæfellsnesi (Mynd 26). Lægst var það í Eyjafirði, V-Húnavatnssýslum og Rangárvallasýslu. Hæst 41% en lægst 25% þannig að vinnuafsvægið er 64% hærra í Skaftafellssýslum en Eyjafirði.



**Mynd 26: Hversu vinnuafsfrekir eru atvinnuvegir landsbyggðarinnar?**


Athygli vakti 45° neikvæð leitni á milli vinnuafsvægis og hversu einsleit svörin voru. Þannig að þar sem vægið var lægst í Eyjafirði voru flest fyrirtæki í kringum það meðaltal en þar sem það var hæst (óstaðsett) var staðfrávikid hærra og því lítið samræmi á bakvið þær tölur (Mynd 27).



Mynd 27: Hversu vinnuafsfrekir eru atvinnuvegir landsbyggðarinnar?

### 5.3.2 FERÐAMENN

Í könnuninni var spurt út í hversu miklar tekjur fyrirtækið hefði af sölu til ferðamanna: „Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?“.



Mynd 28: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?

1.701 fyrirtæki svöruðu spurningunni og 954 þeirra sögðust hafa engar tekjur af ferðamönnum eða 56% þátttakenda. 172 þeirra sögðust hafa 90% og meira af sínum tekjum af ferðamönnum eða 10%. Ef öll þessi hlutavelta er umreiknuð yfir í „heil“ ferðaþjónustufyrirtæki með því að reikna vegið meðaltal<sup>8</sup> kom í ljós að 20% af allri veltu fyrirtækja á landsbyggðinni var vegna ferðaþjónustu. Svona reiknað væri þetta með eftirfarandi hætti fyrir hvern landshluta:

**Tafla 5: Hlutdeild ferðamanna í veltu atvinnulífs eftir landshlutum**

Landshlutar	Sala vegna ferðamanna
Austurland	27%
Höfuðborgarsvæðið	6%
Norðurland eystra	20%
Norðurland vestra	15%
Suðurland	25%
Suðurnes	21%
Vestfirðir	19%
Vesturland	19%
Landið allt	20%


Fátt kom á óvart í þessum tölum nema kannski hlutur Austurlands sem reiknast hæstur. Suðurland kom þar á eftir með 25% og er því næst hæst. Þar var þátttaka góð og því nokkuð nærri lagi. Fyrir utan fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu var Norðurland vestra lægst á þennan kvarða með 15%.

Þegar þessum niðurstöðum var stillt upp í mynd og dregin út svör þeirra eftir nokkrum eiginleikum og hvaða atvinnugreinum þau tengdust kom í ljós að ef fyrirtæki voru gömul dró lítið eitt úr viðskiptum við ferðamenn, enn frekar ef þau störfuðu dreift en sérstaklega mikið ef fyrirtæki gátu flokkast sem framleiðslufyrirtæki (Mynd 29).


Enn fremur var ekki augljós munur á því hvort munur var að þessu leyti milli fyrirtækja í landbúnaði eða sjávarútvegi (Mynd 30). Þá voru ferðaþjónustufyrirtæki, eins og þau voru skilgreind hér, í miklum viðskiptum við ferðamenn eða á bilinu 67-85% af öllum viðskiptum.

Næst var gerð tilraun til að brjóta þessi svör upp eftir landsvæðum og þá kom út enn meiri landfræðilegur munur. Þá lentu fyrirtæki í Skaftafellssýslum, Þingeyjarsýslum og á Austurlandi sunnan Fagradals efst en í A-Hún, af höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri neðst. (Mynd 31)


<sup>8</sup> Þá var valið að nota meðaltal hvers bils um sig inn í útreikninginn þannig að á bilinu 1-10% var notað 5,5% og 15,5% á bilinu 11-20% og svo koll af kolli.



**Mynd 29: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?**  
Skali lóðrétta ássins á bilinu 0 til 11.




**Mynd 30: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?**  
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 11.



**Mynd 31: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?**  
Skali lóðrétta ássins á bilinu 0 til 11.

Í könnuninni var spurt út í hversu miklar tekjur fyrirtækið hefði af sölu til ferðamanna: „Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu?“.



**Mynd 32: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu?**



1.696 fyrirtæki svöruðu spurningunni og 784 þeirra sögðust hafa engar tekjur af ferðamönnum eða 46% þátttakenda. Það er lægra hlutfall en þeirra sem eiga í engum viðskiptum við ferðamenn (Mynd 28). 49 þeirra sögðust hafa 90% og meira af sínum tekjum af ferðamönnum eða um 3% sem er hins vegar miklu lægra í sama samanburði. Ef öll þessi hlutavelta er umreiknuð yfir í „heil“ ferðaþjónustufyrirtæki með því að reikna vegið meðaltal<sup>9</sup> kom í ljós að 12% af allri veltu fyrirtækja á landsbyggðinni voru við ferðaþjónustufyrirtæki. Svo var þetta reiknað fyrir einstaka landshluta (Tafla 6).

Aftur lenti Austurland ofarlega á þessum kvarða þegar borin voru saman svör fyrirtækjanna við því hvort þau hefðu tekjur sínar af ferðamönnum (Mynd 29) eða ferðaþjónustufyrirtækjum (Mynd 33). Suðurnes hækkuðu hins vegar um sæti samanborið við hlut fyrirtækja af tekjum sínum við ferðmenn en Suðurland lækkaði í fjórða sæti úr öðru. Suðurnes halda sínu nokkurn veginn frá því sem áður var, úr 21% í 20%, á meðan Suðurland lækkaði úr 25% í 14%. Þarna munar sjálfsagt mest um Leifsstöð. Allir landshlutar lækka í þessum samanburði en engin eins lítið og Suðurnes.

Á þessum kvarða koma framleiðslufyrirtækin mun betur út sem eðlilegt er. Þá hefur aldur fyrirtækja nánast engin áhrif að þessu sinni. Miklu minna munar um það hvort fyrirtæki starfar dreift eða ekki. Það er svona eins og það vinni frekar með fyrirtækjum: Fyrirtæki sem starfa dreift eru jafnvel líklegri til að vera í viðskiptum við ferðaþjónustufyrirtæki en við ferðamenn beint.


**Tafla 6: Hlutdeild ferðaþjónustufyrirtækja í veltu atvinnulífs eftir landshlutum**

Landshlutar	Sala vegna ferðaþjónustufyrirtækja
Austurland	19%
Höfuðborgarsvæðið	9%
Norðurland eystra	11%
Norðurland vestra	8%
Suðurland	13%
Suðurnes	20%
Vestfirðir	14%
Vesturland	11%
Landið allt	12%


Hluttur landbúnaðar og sjávarútvegs í viðskiptum við ferðaþjónustufyrirtæki virtust vera ótrúlega svipuð frá einum landshluta til annars (Mynd 34). Ferðaþjónustufyrirtæki voru svo nokkuð misjafnlega mikið í viðskiptum við önnur ferðaþjónustufyrirtæki eða á bilinu rúmlega 21-47%.

Svörin voru síðan brotin upp eftir landsvæðum og þá jókst landfræðileg breidd lítið eitt og náði úr 5% í 23% (Mynd 35) en hafði verið á bilinu 9-21% ef þeim, sem gáfu ekki upp staðsetningu sína, var sleppt (Mynd 33). Þar var þetta hæst á Suðurnesjum utan Reykjanesbæjar en lægst í Dölunum.


<sup>9</sup> Þá var valið að nota meðaltal hvers bils um sig inn í útreikninginn þannig að á bilinu 1-10% var notað 5,5% og 15,5% á bilinu 11-20% og svo koll af kolli.



**Mynd 33: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðabjónustu?**  
Skali lóðrétta ássins á bilinu 0 til 11.



**Mynd 34: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðabjónustu?**  
Skali lóðrétta ássins á bilinu 0 til 11.




**Mynd 35: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu?**

Skali lóðrétta ássins á bilinu 0 til 11.

### 5.3.3 SKAPANDI GREINAR

Í könnuninni var spurt út í hversu miklar tekjur fyrirtækið hefði af sölu af menningu og listum: „Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?“.



**Mynd 36: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?**

1.688 fyrirtæki svöruðu spurningunni og 1329 þeirra sögðust hafa engar tekjur af menningu og listum eða 79% þátttakenda. Það er mun herra hlutfall en þeirra sem eiga í engum viðskiptum við ferðamenn (Mynd 28). 14 þeirra sögðust hafa 90% og meira af sínum tekjum af menningu og listum eða um 0,8% þátttakenda. Ef öll þessi hlutavelta er umreiknuð yfir í „heil“ fyrirtæki í skapandi greinum með því að reikna vegið meðaltal<sup>10</sup> kom í ljós að 3,5% af allri veltu fyrirtækja á landsbyggðinni voru í skapandi greinum. Svona reiknað væri þetta með eftirfarandi hætti fyrir hvern landshluta:

**Tafla 7: Hlutdeild skapandi greina í veltu atvinnulífs eftir landshlutum**

Landshlutar	Tekjur vegna menningar og lista
Austurland	4,0%
Höfuðborgarsvæðið	2,6%
Norðurland eystra	3,5%
Norðurland vestra	2,5%
Suðurland	3,4%
Suðurnes	2,1%
Vestfirðir	4,3%
Vesturland	4,2%
Landið allt	3,5%


Þó hlutföllin séu lág er nærri tvöfaldur munur á því hlutfalli þar sem það er lægst 2,1% á Suðurnesjum og þar sem það er hæst á Vestfirðum 4,3% (Tafla 7). Aldur fyrirtækja virðist ekki

<sup>10</sup> Þá var valið að nota meðaltal hvers bils um sig inn í útreikninginn þannig að á bilinu 1-10% var notað 5,5% og 15,5% á bilinu 11-20% og svo koll af kolli.


hafa mikil áhrif á hlutfallið en framleiðslugreinar eru greinilega minna skapandi greinar en þjónustugreinar þegar þetta er skoðað svona út frá menningu og listum (Mynd 37). Hérna hefði kannski verið betra að bæta við spurningu um nýsköpun en hún kemur inn á seinni stigum könnunarinnar.

Þá hefur ferðaþjónustan haft meiri tekjur af menningu og listum en landbúnaður og sjávarútvegur og ætti ekki að koma á óvart (Mynd 38).


Við nánari sundurliðun á landinu kom í ljós að fyrirtæki á N-Vestfjörðum höfðu mestar tekjur af menningu og listum 6%, þá Austurland norðan Fagradals 6% og síðan 4,5% í Dölum og Borgarfjarðarsvæði (Mynd 39). Lægstar voru þær hjá fyrirtækjum í A-Hún 1% og 2% í Skaftafellssýslum og á sunnanverðum Vestfjörðum.



**Mynd 37: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?**  
Skali lóðrétt ássins á bilinu 0 til 11.



Mynd 38: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?  
Skali lóðrétta ássins á bilinu 0 til 11.




Mynd 39: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?  
Skali lóðrétta ássins á bilinu 0 til 11.

## 5.4 AFKOMA

### 5.4.1 AFKOMA TIL SKEMMRI TÍMA

Til þess að fá einhverja hugmynd um hversu vel atvinnulífínu hefur gengið og þá hvernig fyrirtækin hafi spjarað sig m.t.t. afkomu var ákveðið að spyrja: *Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)?* Þarna var bætt við til skýringar: „*Hagnaður/tap eftir fjármagnsliði, afskriftir og skatta.*“ Síðan gátu þátttakendur merkt við: 1) Mikið tap (meira en 10% af heildartekjum), 2) Frekar mikið tap (á bilinu 6-10% af heildartekjum), 3) Lítið tap (á bilinu 2-5% tap af heildartekjum), 4) Afkoma í jafnvægi (á bilinu -2% til 2% hagnaður af heildartekjum), 5) Lítil hagnaður (á bilinu 2-5% af heildartekjum), 6) Frekar mikill hagnaður (á bilinu hagnaður 6-10% af heildartekjum), 7) Mikill hagnaður (meira en 10% af heildartekjum) og að síðustu 8) Á ekki við.

Með þessu fást svör sem eru bæði huglæg og hlutlæg. Þau eru í reynd bland af svári við því hversu sáttir forsvarsmenn fyrirtækja eru með afkomu fyrirtækja sinna og því sem niðurstaða ársreiknings myndi skila.



Mynd 40: Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)?


1.199 svöruðu þessari spurningu og 920 sögðust ekki hafa tæpað á umræddu ári eða 77% sem verður að teljast nokkuð góð útkoma (Mynd 40).

Þegar svörin voru greind eftir landshlutum kom í ljós að best var afkoman hjá fyrirtækjum á Suðurlandi og þeir landshlutar sem komu best út voru í reynd fjölmennustu landshlutarnir: Suðurland, höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Norðurland eystra (Mynd 41). Lökust var afkoman á Austurlandi. Afkoman var hverfandi lítið betri eða verri eftir því hvort um var að ræða framleiðslu- eða þjónustufyrirtæki, gamalt eða ungt eða fyrirtæki sem starfar á einum stað eða fleiri.

Landbúnaðurinn skilaði lítið eitt verri afkomu en önnur fyrirtæki og það sama gildi yfirleitt um sjávarútvegsfyrirtæki og jafnvel ferðapjónustu þó svo þau hafi komið eitthvað betur út en fyrirtæki í landbúnaði (Mynd 42).


Frekari landfræðileg greining skilaði því að fyrirtæki á Akureyri komu best út úr svörun við þessari spurningu, þá fyrirtæki á Suðurnesjum utan Reykjanesbæjar og Árnessýslu (Mynd 42). Síst var afkoman á S-Vestfjörðum, Austurlandi norðan Fagradals og á Ströndum og Reykhólum.

Þegar svörin voru skoðuð m.t.t. þess hversu sammála þátttakendur innan hvers landshluta væru, kom í ljós að fyrirtæki á S-Vestfjörðum komu illa út þar sem útkoman var verst og þar voru fyrirtækin mjög sammála um það (Mynd 44). Þá komu Strandir og Reykhólar og jafnvel Dalir líka illa út úr þessari greiningu. Betri útkomu fengu fyrirtæki frá höfuðborgarsvæðinu þar sem afkoman mældist góð og þátttakendur einna mest sammála um það af þeim sem komu best út. Þá voru fyrirtæki af Suðurnesjum ekki langt undan að þessu leyti og ekki heldur í Rangárvallasýslu.




**Mynd 41: Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)?**  
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7. Fer úr tapi í hagnaði við 4.






**Mynd 42: Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)?**  
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7. Fer úr tapi í hagnaði við 4.



**Mynd 43: Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)?**  
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7. Fer úr tapi í hagnaði við 4.



**Mynd 44: Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)?**  
Skali lóðrétt ássins á bilinu 1 til 7. Fer úr tapi í hagnaði við 4.

#### 5.4.2 AFKOMA TIL LENGRI TÍMA

Upplýsingar um það hvernig fyrirtækjum vegnaði til lengri tíma í sínum rekstri eru nú áhugaverðari þar sem mögur ár má nú alltaf vinna upp ef það gefur betur seinna. Í þeim tilgangi var spurt: *Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin ár? Hagnaður/tap eftir fjármagnsliði, afskriftir og skatta.* Þarna gátu þátttakendur merkt við: 1) *Fyrirtækið hefur oftast verið rekið með tapi sl. 5-10 ár*, 2) *Fyrirtækið hefur oftast verið í jafnvægi sl. 5-10 ár (hverfandi lítill hagnaður eða tap)*, 3) *Fyrirtækið hefur oftast verið rekið með hagnaði sl. 5-10 ár* og að síðustu mátti merkja við 4) *Á ekki við*.

Þessu svöruðu 1.129 þátttakendur. Lang fæstir eða um 15% sögðust oftast hafa búið við tap sl. 5-10 ár (Mynd 45) en hafa skal í huga að þetta tímabil hefur verið mikið hagvaxtarskeið og meðbyr sérstaklega í ferðaþjónustu og tengdum greinum. Þetta þýðir að 85% þátttakenda hafi sagst oftast hafa hagnast eða verið með rekstur sinn í jafnvægi sl. 5-10 ár.


Þegar svörin voru brotin upp í 8 landshluta kom í ljós að fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu komu einna best út en næst best á Norðurlandi eystra (Mynd 46). Verst var afkoman á Austurlandi og Norðurlandi vestra. Ekki virtist aldur hafa haft nein áhrif á afkomuna til lengri tíma eða það hvort fyrirtækið var framleiðslu- eða þjónustufyrirtæki. Misvísandi eru niðurstöðurnar eftir því hvort fyrirtækin eru starfrækt á mörgum eða fáum stöðum.

Afkoma fyrirtækja í landbúnaði er yfirleitt lakari en flestra annarra atvinnugreina, betri í sjávarútvegi en í ferðaþjónustu er niðurstaðan ýmist of eða van (Mynd 47). Sjávarútvegsfyrirtæki


á Suður- og Austurlandi komu best út úr þessum samanburði. Landbúnaður kemur best út á Suðurlandi, Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Ferðaþjónustufyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu komu einna best út, þá á Suðurlandi og Vesturlandi.

Við nánari landfræðilega rýni kom höfuðborgarsvæðið best út, þá Akranes og Hvalfjörður og Akureyri en verst Austurland norðan Fagradals, A-Hún og Borgarfjarðarsvæði (Mynd 48). Þar var mismunurinn á milli landsvæða frá því að vera 72% af þátttakendum Austurlands norðan Fagradals sem sögðust oftast rekin með hagnaði eða vera í jafnvægi að 94% hjá þátttakendum fyrirtækja af höfuðborgarsvæðinu.


Þegar meðaltal þetta var borið saman við það hversu fyrirtækin voru sammála í afstöðu sinni kom í ljós að fyrirtæki í Dölnum voru mest sammála, af þeim landshlutum sem komu verst út, sem er mjög óheppilegt (Mynd 49). Af þeim landshlutum sem komu best út voru svör fyrirtækja af höfuðborgarsvæðinu líkust sem er mjög gott og í raun besta niðurstaða sem landshluti getur óskað sér.




**Mynd 45: Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin 5-10 ár?**




Mynd 46: Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin 5-10 ár?



Mynd 47: Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin 5-10 ár?



Mynd 48: Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin 5-10 ár?



Mynd 49: Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin 5-10 ár? Skali lóðrétt á bilinu 1 til 3. Fer úr tapi í hagnaði við 2.


## 5.5 VÆNTINGAR

### 5.5.1 VÆNT TEKJUÞRÓUN

Nú hefur verið greint frá því hvernig afkoma fyrirtækjanna hefur verið þegar horft er um öxl – til lengri og skemmri tíma. Að auki var áhugi á að komast nær stöðu fyrirtækjanna í dag og í allra nánustu framtíð þeirra. Spurt var: *Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári?* Þar gátu þátttakendur merkt við:

Mikið meiri tekjur  Meiri tekjur  Svipaðar tekjur  Minni tekjur  Mikið minni tekjur

1.756 svöruðu spurningunni og þar af svöruðu 361 því til að tekjurnar yrðu minni en 479 að þær yrðu meiri (Mynd 50). Fyrri hópurinn var 21% þátttakenda en seinni 27% og því sjö prósentustiga mismunur á þeim sem telja tekjurnar dragast saman og þeim sem telja þær aukast – seinni hópnunum í vil. Þátttakendur voru því almennt bjartsýnni en svartsýnni á þróunina.




**Mynd 50: Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári?**

Ekki var mikill munur á milli landshlutanna átta í svörun við þessari spurningu eða hvort fyrirtækin væru framleiðslu- eða þjónustufyrirtæki, gömul eða ung, eða störfuðu á einum stað eða fleirum (Mynd 51).


Hins vegar var landbúnaðurinn svartsýnni á þróun sinna tekna en aðrar atvinnugreinar (Mynd 52). Annars voru frávik vart greinileg að sjávarútvegi undanskildum á Vestur- og Austurlandi annars vegar og Suðurlandi hins vegar. Á fyrri stöðunum var atvinnugreinin jákvæðari í garð væntrar þróunar í samanburði við aðrar atvinnugreinar en neikvæðari á Suðurlandi.

Fyrirtæki á S-Vestfjörðum komu best út þegar landið var brotið upp í fleiri landshluta, þá á Suðurnesjum án Reykjanesbæjar og síðan á N-Vestfjörðum (Mynd 53). Verst (en þó kannski ekki vont) virðist útlitið vera hjá fyrirtækjum á Ströndum og Reykhólum, þá í Skaftafellssýslum og Döllum.


Þegar væntingameðaltal þetta var skoðað m.t.t. þess hvort þátttakendur á viðkomandi svæðum væru almennt sammála um afstöðuna eða ekki kom í ljós að Strandir og Reykhólar komu verst út þar sem menn voru líklegri til að sjá samdrátt í tekjum og mest voru þeir sammála um þá afstöðu (Mynd 54). Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu, í Árnassýslu og af Suðurnesjum utan Reykjanesbæjar komu hins vegar best út þegar væntingarnar voru skoðaðar svona.



**Mynd 51: Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári?**  
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 5.




**Mynd 52: Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári?**  
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 5.



**Mynd 53: Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári?**  
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 5.






Mynd 54: Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári? Skali lóðrétt ássins á bilinu 1 til 5.

### 5.5.2 VÆNT ÚTLIT Í EFNAHAGSMÁLUM AÐ MATI FYRIRTÆKJA Á LANDSBYGGÐINNI

Væntingar fyrirtækja og einstaklinga segja almennt frekar mikið um það hvort þau og þeir séu líklegir til að ráðast í framkvæmdir eins og fjárfestingar o.þ.h. Fjárfestingar eru síðan oft ein af nokkrum mikilvægustu forsendum hagvaxtar eða/og virðisauka framleiðsluþáttanna í viðkomandi samfélögum sem síðan getur nýst til að hlúa að velferð í víðum skilningi.

Búið er að greina frá væntingum forsvarsmanna fyrirtækja gagnvart þróun tekna þeirra og mögulegri afkomu en að þessu sinni var grennslast fyrir um það hvernig fyrirtækin sæju fyrir sér ytri aðstæður þeirra. Það var gert með því að spyrja: *Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði?* Síðan gafst þeim kostur á að merkja við: 1) Mikið verri, 2) Verri, 3) Óbreyttar, 4) Betri, og 5) Mikið betri.

1.752 fyrirtæki svöruðu þessari spurningu og 919 þeirra, eða 52% þátttakenda, töldu hana eiga eftir að vera verri en eingöngu 146 betri eða 8% (Mynd 55).



**Mynd 55: Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði?**


Greining á svörunum eftir landshlutum leiddi í ljós að fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu voru svartsýnust þegar spurt var út í almennt útlit í efnahagsmálum en þau á Suðurnesjum og Suðurlandi bjartsýnust (Mynd 56). Þarna var þó kannski ekki mikill munur þar sem 6% fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu töldu aðstæður eiga eftir að verða betri á næstu 12 mánuðum á meðan þetta hlutfall var 9% á Suðurnesjum og Suðurlandi. Þá var hlutfallið á Norðurlandi eystra og Vesturland nærri Suðurnesjum í 9%.

Framleiðslufyrirtæki voru almennt bjartsýnni en þjónustufyrirtæki, aldur þeirra virtist ekki leika neitt hlutverk í afstöðu þeirra en fyrirtæki sem störfuðu víða voru frekar svartsýnni en þau sem störfuðu á einum stað héraendis. (Mynd 56)


Þá voru ferðaþjónustufyrirtæki almennt bjartsýnni en önnur fyrirtæki að jafnaði (Mynd 57). Hið sama gildi um sjávarútvegsfyrirtæki sem þó eru ekki eins bjartsýn og ferðaþjónustufyrirtæki. Fyrirtæki í landbúnaði voru hins vegar lítið eitt svartsýnni nema á Norðurlandi og Austurlandi.

Með frekari sundurliðun á gögnum eftir landshlutum kom í ljós að munurinn jókst verulega þar sem hlutfall þeirra sem litu jákvæðum augum á efnahagshorfurnar urðu nú lægstar 3,6% á Austurlandi sunnan Fagradals en hæstar í Rangárvallasýslu 12,9% (Mynd 58). Næsthæstar voru þær í V-Hún en næstlægstar í Skagafjarðarsýslu.


Þegar samstaða um afstöðu fyrirtækjanna innan hvers landshluta var könnuð komu Austurland sunnan Fagradals og A-Hún verst út en Vestmannaeyjar best og síðan voru Árnassýsla og Skaftafellssýslur býsna nærri (Mynd 59).




**Mynd 56: Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði?**



Mynd 57: Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði?



Mynd 58: Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði?



**Mynd 59: Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði?**  
Skali lóðréttá ássins á bilinu 1 til 5. Skiptir úr verri í betri við 3.

## 6 NIÐURSTÖÐUR, AÐHVARFSGREINING

Ákveðið var að gera ítarlegri greiningu á niðurstöðum fyrirtækjakönnunarinnar og til þess gerð aðhvarfsgreining með líkani reglulegra viðbragða<sup>11</sup>. Þar var skoðað hvort það væri einhver fylgni á milli svörunar nokkurra spurninga og fjölda annarra þátta samtímis.

Tafla 8: Niðurstaða aðhvarfsgreiningar á ráðningum, fjárfestingum og færnikortur.

Áhrifaþættir	Líkan 1 Ráðningar	Líkan 2 Fjárfestingar	Líkan 3 Þekkingarskortur
Aldur fyrirtækis	-0.008785 (-2.84)**	-0.034275 (-3.23)**	0.006589 (1.72)
Aldur fyrirtækis í öðru veldi <sup>2</sup>		0.000324 (3.54)**	
Hagnaður 2017	0.147120 (4.19)**	0.193097 (2.96)**	0.058411 (1.01)
Hagnaður sl. 5-10 ár	-0.226218 (-2.79)**	0.094562 (1.44)	-0.029852 (-0.19)
Landbúnaður	-0.286831 (-1.89)*	0.150253 (0.98)	-1.912234 (-7.71)***
Ferðaþjónusta	0.120809 (0.57)	0.086617 (0.42)	0.325449 (1.71)
Sjávarútvegur	-0.233694 (-0.83)	0.091284 (0.56)	-0.191850 (-0.87)
Mat á horfum í efnahagslífinu	0.856763 (7.02)***	0.552016 (3.47)**	0.237541 (2.32)*
Fjarlægð frá Reykjavík	-0.004453 (-2.84)**	0.000526 (1.73)	0.002944 (1.16)
Fjöldi íbúa í sveitarfélaginu	-0.000012 (-2.32)*	-0.000055 (-2.31)*	0.000002 (0.63)
Fjöldi íbúa í sveitarfélaginu <sup>2</sup>		3,12 E-10 (2.24)*	
A-Húnavatnssýsla	0.901809 (1.30)	-0.827170 (-1.09)	0.282606 (0.48)
Akranes og Hvalfjörður	0.202070 (0.39)	-1.039322 (-1.58)	0.513406 (1.53)
Akureyri	1.747010 (2.04)*	-1.012810 (-1.72)	-0.936546 (-0.73)
Austurland norðan Fagradals	1.714220 (1.68)	-1.174558 (-1.33)	-1.236655 (-0.74)
Austurland sunnan Fagradals	2.375560 (2.17)*	-1.180994 (-1.45)	-0.910943 (-0.61)
Árnessýsla	-0.020521 (-0.04)	-0.411874 (-0.59)	0.538958 (1.38)
Borgarfjarðarsvæði	-0.002948 (-0.01)	-0.969801 (-1.29)	0.266505 (0.68)
Dalir	-0.363234 (-0.61)	-1.700039 (-2.24)*	
Eyjafjörður	1.553163 (2.11)*	-1.056858 (-1.37)	-0.740878 (-0.79)
Norðanverðir Vestfirðir	1.705326 (2.29)*	-0.899844 (-1.09)	-0.811143 (-0.75)
Rangárvallasýsla	-0.267748 (-0.50)	-1.505745 (-1.99)*	-0.170594 (-0.40)
Reykjanesbær	0.448449 (0.61)	0.121989 (0.20)	1.239465 (2.57)**
Skaftafellssýslur	1.301959 (2.21)*	-1.162332 (-1.41)	-0.101181 (-0.09)
Skagafjarðarsýsla	1.301929 (2.04)*	-0.827967 (-1.08)	-0.086079 (-0.12)
Snæfellsnes	0.120218 (0.25)	-1.277041 (-1.64)	-0.073278 (-0.15)
Strandir og Reykhólar	0.058876 (0.11)	-1.167337 (-1.37)	0.539119 (0.78)
Suðurnes annað	-0.300820 (-0.65)	-0.599595 (-0.83)	-0.710068 (-1.74)
Sunnanverðir Vestfirðir	0.787513 (1.12)	-2.135547 (-2.37)**	-0.678575 (-0.74)
Vestmannaeyjabær	0.340417 (0.60)	-1.550221 (-1.93)*	-0.147431 (-0.20)
V-Húnavatnssýsla	0.653152 (1.15)	-1.410135 (-1.81)	-0.188722 (-0.39)
Þingeyjarsýslur	2.392483 (2.89)**	-1.343308 (-1.60)	-0.470744 (-0.38)
Fasti			-2.455394 (-4.71)**
Fjöldi athugana	990	991	982
Linktest	-1,72	-2,34	0,23
Líkan reglulegra viðbragða. Í flestum talnareitunum er að finna stuðul og svo t-gildi hans innan sviga til hægri. Linktest þarf „helst“ að vera lægra en tölugildið af tveimur. Enginn marglínuleiki mældist.			

Spurningarnar, sem greindar voru með þessum hætti, þóttu sérstaklega áhugaverðar miðað við ríkjandi aðstæður í efnahagslífinu þar sem ákveðinn ótti er gagnvart samdrætti eftir langvarandi

<sup>11</sup> Á ensku *ordered response model*

hagvaxtarskeið héraendis. Útlit getur verið fyrir að það slái á vöxt í ferðaþjónustu og ekki alveg vitað hversu víðtæk þau áhrif kunni að verða. Þess vegna var ráðist í frekari greiningu á svörum eftirfarandi spurninga:

1. **Ráðningar:** Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?
2. **Fjárfestingar:** Hvort telur þú að fyrirtækið eigi eftir að bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum? Það gildir einu hvort fyrirtækið á, kaupir eða leigir viðkomandi húsnæði eða búnað. Með búnaði er átt við land, kvóta, tæki, bíla, innréttingar og annað þess háttar.
3. **Þekkingarskortur:** Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?
4. **Afkoma s.l. ár:** Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)?
5. **Afkoma, sl. 5-10 ár:** Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin 5-10 ár?
6. **Menning:** Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?
7. **Ferðamenn í viðsk:** Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?
8. **Ferðaþjónustuft:** Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu?
9. **Ferðaþjónusta:** Þessi þáttur var settur saman úr tveimur fyrri spurningum: Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna? og Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu?

## 6.1 RÁÐNINGAR

---

Neikvætt marktækt samband kom fram á milli aldurs fyrirtækja og hvort þau hygðust ráða eða reka fólk. Það er nú eins og búast mátti við þar sem að ný fyrirtæki eru líklegri til að vera í þörf fyrir starfsfólk en þau sem eldri eru. Það er hæpið að eldri fyrirtæki séu að hugsa um að segja upp fólk en þau eru samt líklegri en þau sem yngri eru. Þá eru þau fyrirtæki sem högnuðust á undangengnu rekstrarári líklegri til að ráða fólk en þau sem töpuðu. Nú er almennt líklegra að eldri fyrirtæki skili hagnaði en þau yngri og því má túlka þetta þannig að ef eldra fyrirtæki skilar góðri afkomu er það líklegra til að ráða fólk en yngra fyrirtæki þar sem stuðull hagnaðar er mun stærri en aldurstuðullinn (þegar horft er fram hjá formerkinu -, þ.e. tölugildi).

Það kom hins vegar á óvart að þeir sem höfðu skilað hagnaði yfir lengra tímabil virtust vera ólíklegri til að ráða fólk. Það kann þó að vera að þeir séu búnir að byggja sig vel upp fjárhagslega og hugleiða stórar fjárfestingar sem auka afköst og/eða draga úr þörf fyrir vinnuafli líkt og sést nú í sjávarútvegi þar sem ný skip og vinnslulínur draga verulega úr þörfinni fyrir starfsfólk.

Nú voru fyrirtæki í þremur „útflutningsgreinum“ dregin sérstaklega út í þessari greiningu: Ferðaþjónusta, landbúnaður og sjávarútvegur. Engin, nema þau sem eru í landbúnaði, skáru sig frá öðrum fyrirtækjum (sem eru þá aðallega þjónustufyrirtæki af ýmsu tagi) á landsbyggðinni í fyrirátlunum gagnvart mannahaldi. Það frávik var neikvætt og því eru þeir ólíklegri en aðrir til að ráða fólk á næstunni.

Þá voru þeir sérstaklega líklegir til að ráða fólk sem eru bjartsýnir á horfur í efnahagslífinu og er engin annar þáttur sem hefur eins mikil áhrif mannráðningar.

Fjarlægð frá Reykjavík virðist grafa undan vilja fyrirtækja til að ráða fólk: að betra sé að vera ekki allt of langt frá höfuðborgarsvæðinu þó svo að sérstakar mælingar (ekki líkanið hér) bendi til að fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu séu ólíklegust til að ráða fólk eða líklegust til að láta fólk fara. Minnt skal á að hér voru þó eingöngu fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem eru með einhvern rekstur á landsbyggðinni. Þá sagði Seðlabanki Íslands frá því í Peningamálum (Seðlabanki, 2019, bls. 11) að fleiri fyrirtæki ætli sér að segja upp fólk en ráða í könnun sem gerð var meðal 400 stærstu fyrirtækjanna og kölluð vetrarkönnun og framkvæmd af Gallup.

Þá var athyglisvert að sjá mannráðningar líklegri meðal fyrirtækja í fámennum sveitarfélögum en fjölmennum. Það tengist annað hvort því að þar séu fyrirtæki almennt minni eða að fyrirtæki veigri sér við að ráðast í uppsagnir vegna nálægðar við starfsmenn innan og utan vinnustaðar. Að þá séu eigendur líklegri til að taka tapið frekar á sig. Eða að samfélagsleg ábyrgð sé meiri í minni samfélögum en stærri. Þetta er sagt því ekki virðist vera mikill munur á afkomu fyrirtækja þegar horft er til stærðar sveitarfélaga á þennan hátt (líkan 4).

Þegar skoðað var hvort einhver munur væri á milli landshluta þegar búið var að leiðrétta fyrir þeim áhrifaþáttum sem fjallað hefur verið um, kom í ljós að enginn þeirra var ómarktækt ólíklegri en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu til að ráðast í mannráðningar. Eingöngu var að finna nokkra landshluta sem voru marktækt líklegri til að ráðast í mannráðningar. Það voru fyrirtæki í Þingeyjarsýslum, á Akureyri, Austurlandi sunnan Fagradals, í Eyjafirði, á norðanverðum Vestfjörðum, í Skaftafellssýslum og Skagafjarðarsýslu. Annars staðar var munurinn ekki marktækur þó svo eiginlega allir landshlutar hafi verið með þetta meðaltal hagstæðara en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu (Mynd 9).

Að baki þessum niðurstöðum eru svör 990 fyrirtækja og líkanið er vel skilgreint samkvæmt hlekkjaprófinu<sup>12</sup> sem getið er neðst í töflunni.

## 6.2 FJÁRFESTINGAR

---

Þegar sömu áhrifaþættir voru skoðaðir gagnvart væntanlegum fjárfestingum, kom m.a. í ljós að aldur fyrirtækis hefur ekki einsleit jaðaráhrif á fjárfestingar heldur er þeim best lýst með falli af annarri gráðu og túlkast svona: Fyrst eftir stofnun fyrirtækisins dregur úr fjárfestingarvilja fyrirtækja sem er eðlilegt þar sem fyrirtæki fer af stað með ákveðinn búnað í höndunum og notar tímann fyrst á eftir til að læra og ná tökum á rekstrinum þar til það fer að hagnast og sér nýja möguleika eftir því sem hagur fyrirtækisins og þekking eigenda batnar. Þá eykst fjárfestingaviljinn aftur sem nýtist til að auka framleiðslu og/eða hagræða í rekstri og ná enn betri árangri í rekstrinum.

Skammtímahagnaður örvar fjárfestingarvilja fyrirtækjanna og langtímahagnaður líka en seinni áhrifin eru ekki marktæk (með t-gildi upp á 1,44).

---

<sup>12</sup> Á ensku *Linktest*



Mat á horfum í efnahagslífinu höfðu áhrif á fyrirætlanir í fjárfestingum og er langstærsti einstaki áhrifaþáttur þeirra eins og sjá má á stuðlinum í samanburði við aðra. Þá er eins og fjarlægð frá Reykjavík sé heldur til að ýta undir fjárfestingarvilja fyrirtækja þó svo að þau áhrif séu ekki marktæk en nærri því.

Fjárfestingarviljinn er einnig meiri hjá fyrirtækjum í minni sveitarfélögum en þeim stærri upp að vissu marki en þá snýst það samband við. Það mark er við 87.820 íbúa – þannig að það eru eingöngu fyrirtæki í Reykjavík sem snúa þessu neikvæða sambandi við á milli aukinnar stærðar sveitarfélaga og þverrandi fjárfestingarvilja.

Að lokum var ekki marktækur munur á fjárfestingarvilja fyrirtækja eftir landsvæðum nema hvað að fyrirtæki í Dölunum voru marktækt óviljugri til fjárfestinga en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem og fyrirtæki á sunnanverðum Vestfjörðum og í Vestmannaeyjabæ.

Að baki þessum niðurstöðum eru svör 991 fyrirtækis en líkanið gæti alveg verið betur skilgreint samkvæmt hlekkjaprófinu sem getið er neðst í töflunni.

### 6.3 ÞEKKINGARSKORTUR

---

Þegar kom að því að greina svör við spurningunni „Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?“ kom í ljós að þau tengdust afkomu ekki á neinn hátt, ekki fjarlægð frá Reykjavík eða íbúafjölda sveitarfélags eins og búast mátti við (líkan 3). Hins vegar var landbúnaðurinn marktækt mun ólíklegri en þjónustugreinar til að svara spurningunni játandi og þar með hverfandi lítil þörf fyrir starfsfólk með meiri menntun en þeir hafa.

Þá voru fyrirtæki sem sáu fram á betri horfur í efnahagslífinu líklegri til að svara þessu játandi en þau sem töldu horfurnar verri.

Að öðru leyti svöruðu fyrirtæki í Reykjanesbæ þessari spurningu frekar játandi en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Að öðru leyti kom fátt fram í frekari greiningu á svörum við þessari spurningu. Að baki þessum niðurstöðum eru svör 982 fyrirtækja og líkanið er vel skilgreint samkvæmt hlekkjaprófinu sem getið er neðst í töflunni.

### 6.4 AFKOMA TIL SKEMMRI TÍMA

---

Í könnuninni var spurt: Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)? Svörin við þeirri spurningu voru krufin til mergjar hér. Í ljós kom að afkoman var breytileg eftir aldri fyrirtækjanna en batnaði hratt meðan þau voru ung. Svo hægði á batanum eftir því sem þau eltust þar til þau náðu hámarki á ákveðnum aldri og lækkaði eftir það, fyrst hægt en svo hraðar eftir því sem þau eltust.

Þá var afkoma fyrirtækja í landbúnaði langverst allra atvinnugreina, þá fyrirtækja í sjávarútvegi, síðan þjónustugreinum en bestar í ferðaþjónustu<sup>13</sup>.

Síðan voru fyrirtæki sem höfðu jákvæða sýn á horfur í efnahagsmálum með betri afkomu en þau sem töldu horfurnar verri. Þarna getur orsakasamhengið verið á hinn veginn: Þau fyrirtæki sem voru með góða afkomu 2017 eru bjartsýnni á aðstæður í efnahagsmálum en þau sem töpuðu.

Þá fjaraði undan afkomunni eftir því sem fjær dró Reykjavík. Það gefur til kynna að aðgengi að stórum innanlandsmarkaði vinni með fyrirtækjunum, sem er mjög rökrétt. Stundum getur fjarlægð frá öflugum markaði virkað vel fyrir afkomu fyrirtækja ef hún skapar staðbundna einokun en það á ekki við samkvæmt þessu. Mörg fyrirtæki á landsbyggðinni eru líka í harðri alþjóðlegri samkeppni.

Að öðru leyti var ekki marktækur munur á svörum fyrirtækjanna nema hvað að fyrirtæki á Akureyri komu betur út en þau á höfuðborgarsvæðinu.

Að baki þessum niðurstöðum eru svör 1.097 fyrirtækja og líkanið er vel skilgreint samkvæmt hlekkjaprófinu sem getið er neðst í töflunni.

**Tafla 9: Niðurstæða aðhvarfsgreiningar á afkomu til skemmri og lengri tíma ásamt menningu.**

	Líkan 4 Afkoma, sl. ár	Líkan 5 Afkoma, sl. 5-10 ár	Líkan 6 Menning
Aldur fyrirtækis	0.021333 (2.92)**	0.071376 (5.53)***	0.002725 (0.58)
Aldur fyrirtækis í öðru veldi	-0.000201 (-3.15)**	-0.001315 (-4.12)**	
Aldur fyrirtækis í þriðja veldi		0.000006 (2.98)**	
Landbúnaður	-0.626718 (-5.05)***	-0.486205 (-2.45)**	-2.251604 (-9.69)***
Ferðaþjónusta	0.245564 (2.10)*	0.343464 (2.59)**	-0.285649 (-2.32)*
Sjávarútvegur	-0.475049 (-2.22)*	0.369076 (1.75)	-1.923441 (-3.83)**
Mat á horfum í efnahagslífinu	0.155483 (2.63)**	0.077207 (1.48)	
Fjarlægð frá Reykjavík	-0.002720 (-2.34)*	-0.002926 (-3.75)**	-0.000278 (-0.15)
Fjöldi íbúa í sveitarfélaginu	-0.000001 (-0.16)	-0.000011 (-1.51)	0.000007 (3.72)**
Fjöldi íbúa í sveitarfélaginu <sup>2</sup>			
A-Húnavatnssýsla	0.248506 (0.40)	-0.994530 (-1.03)	0.458272 (0.82)
Akranes og Hvalfjörður	0.071990 (0.22)	-1.481353 (-1.90)*	0.016715 (0.05)
Akureyri	1.702239 (2.04)*	0.438899 (0.48)	0.583154 (0.57)
Austurland norðan Fagradals	0.963403 (0.97)	-0.456132 (-0.44)	1.829022 (1.49)
Austurland sunnan Fagradals	1.224737 (1.24)	0.227466 (0.22)	1.591333 (1.30)
Árnessýsla	0.323988 (0.71)	-1.475242 (-1.88)	0.340288 (1.08)
Borgarfjarðarsvæði	-0.168408 (-0.34)	-1.972132 (-2.50)**	0.687886 (1.96)*
Dalir	-0.071400 (-0.13)	-1.683762 (-2.10)*	0.269672 (0.70)
Eyjafjörður	0.775189 (1.10)	-0.520712 (-0.55)	0.517357 (0.65)
Norðanverðir Vestfirðir	0.931741 (1.20)	-0.920277 (-0.92)	1.356542 (1.65)
Rangárvallasýsla	0.494427 (1.00)	-1.309647 (-1.57)	0.617530 (1.87)
Reykjanesbær	-0.143095 (-0.36)	-1.541884 (-2.10)*	-0.408495 (-1.73)
Skaftafellssýslur	1.095263 (1.47)	-0.651320 (-0.72)	0.336048 (0.47)
Skagafjarðarsýsla	0.016519 (0.03)	-1.145303 (-1.32)	0.946015 (1.55)
Snæfellsnes	0.331532 (0.57)	-1.194988 (-1.31)	0.511915 (1.25)
Strandir og Reykhólar	-0.275165 (-0.43)	-1.274019 (-1.46)	0.674067 (0.97)

<sup>13</sup> Athugið að í þessum greiningum okkar eru bara fjórir flokkar: Ferðaþjónusta, landbúnaður, sjávarútvegur og öll hin fyrirtækin flokkuð sem þjónusta sem er rétt að mestu leyti. Þ.e. fyrirtæki sem veita þjónustu eru ríkjandi í því safni.

Suðurnes annað	0.349274 (0.83)	-1.623067 (-1.97)*	1.533244 (5.68)***
Sunnanverðir Vestfirðir	-0.490217 (-0.66)	-1.251565 (-1.30)	0.629054 (0.88)
Vestmannaeyjabær	0.710886 (1.08)	-0.658773 (-0.71)	0.312792 (0.48)
V-Húnavatnssýsla	0.415441 (0.72)	-1.078152 (-1.27)	1.426568 (3.08)**
Þingeyjarsýslur	1.253516 (1.46)	-0.311862 (-0.31)	0.784097 (0.81)
Fjöldi athuganna	1.097	1.051	1.529
Linktest	0,35	-0,28	0,29
Líkan reglulegra viðbragða. Í flestum talmareitunum er að finna stuðul og svo t-gildi hans innan sviga til hægri. <i>Linktest</i> þarf „helst“ að vera lægra en tölugildið af tveimur. Enginn marglínuleiki mældist.			

## 6.5 AFKOMA TIL LENGRI TÍMA

Greining á afkomu til lengri tíma byggir á svörum við spurningunni: *Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin ár?* Síðan var tilgreint til skýringar: *Hagnaður/tap eftir fjármagnsliði, afskriftir og skatta.* Síðan gátu þátttakendur merkt við fjóra eftirfarandi kosti: 1) *Fyrirtækið hefur oftast verið rekið með tapi sl. 5-10 ár,* 2) *Fyrirtækið hefur oftast verið í jafnvægi sl. 5-10 ár (hverfandi lítill hagnaður eða tap),* 3) *Fyrirtækið hefur oftast verið rekið með hagnaði sl. 5-10 ár og* 4) *Á ekki við.*

Meðal niðurstaðna var aftur þetta samhengi líkt og í hagnaði til skemmri tíma lítið að afkoman batnaði hratt hjá ungum fyrirtækjum en náði síðan metun á ákveðnum aldri og versnaði síðan eftir það (Tafla 9), fyrst í hægum skrefum eftir aldri en stöðugt hraðar eftir því sem aldurinn færðist yfir. Þetta minnir óneitanlega á líftíma vöru eða þjónustu sem gengur í fjórum tímabilum: I) Þróun og kynning, II) Vaxtarskeið, III) Mettunarskeið og IV) Hnignun (Einarsson, 2005, bls. 345).

Þá var afkoma í landbúnaði lang verst, síðan sjávarútvegi, þá í þjónustu og best í ferðaþjónustu. Þetta er sama niðurstaða og fyrir afkomu til skemmri tíma. Það vekur á vissan hátt athygli hvað ferðaþjónustan ber sig vel á landsbyggðinni þar sem atvinnugreinin er ung – sérstaklega utan höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar hefur vöxturinn verið ævintýrlegur þar og það greinilega haft sín áhrif víða um land. Þó kemur það greinilega fram að afkoma fyrirtækja allra atvinnugreina versnaði eftir því sem fjær dró höfuðborgarsvæðinu.

Afkoman var marktækt daprari hjá fyrirtækjum á Akranesi og í Hvalfirði, á Borgarfjarðarsvæði, í Dölum, Reykjanesbæ og annarsstaðar á Suðurnesjum í samanburði við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Að baki þessum niðurstöðum eru svör 1.051 fyrirtækis og líkanið er vel skilgreint samkvæmt hlekkjaprófinu sem getið er neðst í töflunni (Tafla 9).

## 6.6 MENNING

Skapandi greinar og stærð þeirra og verðmætasköpun hefur verið til umræðu eftir að íslenskir listamenn fóru að ná árangri hérlandis sem erlendis. Þær eru hins vegar ekki vel skilgreindar í hefðbundinni atvinnugreinaflokkun eins og ÍSAT 2008 sem opinberir aðilar vinna alla jafna eftir.

Þess vegna var brugðið á það ráð að spyrja eftirfarandi spurningar og meta út frá henni umsvif skapandi greina: *Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?*

Síðan var gerð tilraun til að meta hvaða þættir hefðu áhrif á umfang greinanna eða hvort þeir væru breytilegir eftir landshlutum.

Heilt yfir þá má segja að skapandi greinum gangi betur í fjölmennari sveitarfélögum en fámennum (Tafla 9). Það er svo sem alveg í samræmi við hugmyndir hagfræðinnar um borgar- eða þéttbýlishagræði þar sem fjölbreytni atvinnulífsins vaxi með fjölmenni (O'Sullivan, 2009, bls. 71-73).

Að öðru leyti kemur fram (Líkan 6) að þessar greinar séu almennt og síður að finna innan auðlindagreinnanna þriggja (ferðaþjónusta, landbúnaði og sjávarútvegi) en þeirra sem flokkaðar hafa verið sem þjónusta: Síst innan landbúnaðar, þá sjávarútvegs en mest í ferðaþjónustu.

Þeir landshlutar sem skáru sig marktækt frá höfuðborgarsvæðinu voru fáir en það voru Suðurnes utan Reykjanesbæjar, V-Húnavatnssýsla og Borgarfjarðarsvæði.

Að baki þessum niðurstöðum voru svör 1.529 fyrirtækja og líkanið er vel skilgreint samkvæmt hlekkjaprófinu sem getið er neðst í töflunni.

## 6.7 FERÐAÞJÓNUSTA

---

Ferðaþjónusta og stærð hennar og verðmætasköpun hefur mikið verið til umræðu eftir að hún hóf að vaxa verulega öðru hvoru megin við þúsaldarmótin. Hún er heldur ekki vel skilgreind í hefðbundinni atvinnugreinaflokkun eins og ÍSAT 2008 frekar en skapandi greinar. Þess vegna var brugðið á það ráð að spyrja eftirfarandi spurninga og meta út frá þeim umsvif ferðaþjónustu: 1) *Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?* 2) *Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu?*

Síðan var gerð tilraun til að meta hvaða þættir hefðu áhrif á umfang greinanna eða hvort þeir væru breytilegir eftir landshlutum líkt og fyrir skapandi greinar. Hér verður fjallað um öll líkönin 7-9. Byrjum á líkani 7.

Samkvæmt niðurstöðunum eru dæmigerð ferðaþjónustufyrirtæki almennt ung fyrirtæki (líkan 7). Viðskipti við ferðamenn voru minni hjá eldri fyrirtækjum en þeim yngri. Það er trúlega vegna þess að ferðaþjónusta er ung atvinnugrein á Íslandi og ferðaþjónustufyrirtæki eru almennt ung fyrirtæki. Þetta kann líka að benda til þess að ferðaþjónustufyrirtæki verði ekki gömul því ýmis fyrirtæki sem hafa tekjur af ferðamönnum hafa verið lengi í rekstri eins og matvöruverslanir, sundlaugar o.þ.h. Þetta var óvenju sterkt marktækt samband: Hlutfall veltu vegna ferðamanna og aldur fyrirtækis.

Þá voru fyrirtæki í landbúnaði mun minna í beinum viðskiptum við ferðamenn en almenn þjónustufyrirtæki. Það átti líka við um fyrirtæki í sjávarútvegi en ekkert mikið meira.

Þetta ólínulega samband í líkani 7 og 9 gagnvart íbúafjölda benti til að fyrirtæki í fámennari sveitarfélögum væru í meiri viðskiptum við ferðamenn en þau sem eru í fjölmennari

sveitarfélögum. Þetta er þó eingöngu fyrir fámennustu sveitarfélögin en síðan snýst þetta við. Hér eru fámennustu sveitarfélögin þó eiginlega öll nema Reykjavík.

En hvers vegna ættu fyrirtæki í fámennum sveitarfélögum að vera í meiri viðskiptum við ferðamenn en þau sem eru í fjölmennum sveitarfélögum að Reykjavík frátaldri þar sem því hefur verið haldið fram að ferðamenn sæki sér frekar þjónustu í stærstu og fjölbreyttustu þjónustukjörnum (Vifill Karlsson, Jóhannsson, & Pétursson, 2017)? Það getur verið vegna þess að þjónustufyrirtækin eru fá í fámennum sveitarfélögum og samkeppnin því hverfandi lítil á meðan hún er að öllum líkindum meiri í fjölmennari sveitarfélögum. Verslun ferðamanna getur eftir sem áður verið meiri í fjölmennum sveitarfélögum en fámennum en það kemur bara minna í hlut hvers og eins fyrirtækis þar sem samkeppnin er meiri. Reykjavík hefur þá sérstöðu í þessari könnun að ekki voru öll fyrirtæki höfuðborgarsvæðisins með í þessari könnun heldur eingöngu þau sem eru með rekstur utan höfuðborgarsvæðisins líka. Á þessu má því ráða að þau fyrirtæki eru á höttunum eftir viðskiptum við ferðamenn. Þetta er samt að vissu leyti í mótsögn við það sem kom fram í lýsandi greiningunni frammar í skýrslunni þar sem fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu höfðu minnstar tekjur af ferðamönnum og mestar á Austurlandi (Mynd 29 og Mynd 31). Þetta samhengi snýst að einhverju leyti við þegar tekið var tillit til nokkurra þátta samtímis í greiningunni: Aldurs fyrirtækis, hvort fyrirtækið sé í landbúnaði eða sjávarútvegi, fjarlægð frá Reykjavík og fjöldi íbúa í sveitarfélaginu sem um ræðir.

Þá mældust fyrirtæki á Akranesi og í Hvalfirði marktækt minna í viðskiptum við ferðamenn en fyrirtæki á öðrum landsvæðum.

**Tafla 10: Niðurstaða aðhvarfsgreiningar á afkomu til lengri og skemmri tíma.**

	Líkan 7 <b>Ferðamenn í viðsk</b>	Líkan 8 <b>Ferðaþjónustuft</b>	Líkan 9 <b>Ferðaþjónusta</b>
Aldur fyrirtækis	-0.042953 (-11.54)***	-0.003301 (-0.52)	-0.028711 (-5.82)***
Aldur fyrirtækis í öðru veldi <sup>2</sup>	0.000378 (7.68)***	0.000071 (1.25)	0.000269 (5.45)***
Hagnaður 2017			
Hagnaður sl. 5-10 ár			
Landbúnaður	-1.608544 (-11.71)***	-1.631605 (-7.64)***	-2.029255 (-15.69)***
Ferðaþjónusta			
Sjávarútvegur	-1.785138 (-7.99)***	-1.641116 (-5.87)***	-2.133445 (-9.39)***
Mat á horfum í efnahagslífinu			
Fjarlægð frá Reykjavík	-0.004422 (-4.78)**	-0.001158 (-1.07)	-0.003555 (-4.09)**
Fjöldi íbúa í sveitarfélaginu	-0.000105 (-2.94)**	-0.000023 (-1.41)	-0.000086 (-3.06)**
Fjöldi íbúa í sveitarfélaginu <sup>2</sup>	6,61E-10 (2.86)**	0.000000 (1.57)	5.46e-10 (3.07)**
A-Húnavatnssýsla	-0.950036 (-0.94)	-0.234633 (-0.32)	-0.932460 (-1.02)
Akranes og Hvalfjörður	-1.669144 (-1.97)*	-1.209003 (-1.67)	-1.817229 (-2.25)*
Akureyri	1.260639 (1.58)	-0.041293 (-0.05)	0.967876 (1.20)
Austurland norðan Fagradals	1.722490 (1.43)	0.727562 (0.73)	1.595506 (1.38)
Austurland sunnan Fagradals	1.374599 (1.15)	0.570485 (0.59)	1.251362 (1.12)
Árnessýsla	-1.255685 (-1.36)	-0.170515 (-0.25)	-0.857935 (-1.01)
Borgarfjarðarsvæði	-1.059899 (-1.10)	-0.400096 (-0.56)	-0.830107 (-0.95)
Dalir	-0.997697 (-0.94)	-1.990451 (-2.64)**	-1.228372 (-1.26)
Eyjafjörður	0.098229 (0.08)	-0.354048 (-0.43)	-0.013819 (-0.01)
Norðanverðir Vestfirðir	0.234186 (0.21)	-0.204033 (-0.25)	-0.036478 (-0.04)
Rangárvallasýsla	-1.025014 (-1.00)	-0.330396 (-0.45)	-0.747990 (-0.80)
Reykjanesbær	-0.660187 (-1.07)	-0.081440 (-0.16)	-0.318471 (-0.55)
Skaftafellssýslur	1.429593 (1.30)	0.355928 (0.43)	1.299687 (1.27)
Skagafjarðarsýsla	-0.214952 (-0.21)	-0.215666 (-0.29)	-0.179735 (-0.20)

Snæfellsnes	-0.853915 (-0.78)	-0.439356 (-0.61)	-0.660132 (-0.71)
Strandir og Reykhólar	-0.817103 (-0.75)	-0.643114 (-0.79)	-0.772231 (-0.78)
Suðurnes annað	-1.672664 (-1.70)	0.208656 (0.30)	-0.832762 (-0.96)
Sunnanverðir Vestfirðir	-0.158776 (-0.14)	0.250497 (0.31)	-0.240675 (-0.23)
Vestmannaeyjabær	-0.907172 (-0.93)	-0.860909 (-1.26)	-1.144098 (-1.33)
V-Húnavatnssýsla	-0.872622 (-0.86)	-0.442712 (-0.58)	-0.707024 (-0.75)
Þingeyjarsýslur	1.279749 (1.08)	0.234641 (0.26)	1.153835 (1.07)
Fjöldi athuganna	1.537	1.536	1.529
Linktest	2,58	-0,78	1,18
Líkan reglulegra viðbragða. Í flestum talnareitunum er að finna stuðul og svo t-gildi hans innan sviga til hægri. <i>Linktest</i> þarf „helst“ að vera lægra en tölugildið af tveimur. Engin marglínuleiki mældist.			

Þegar fyrirtækin voru eingöngu spurð út í hvort þau hefðu ferðabjónustufyrirtæki í viðskiptum var mynstrið ekki eins reglulegt (líkan 8) og hjá þeim sem svöruðu því hvort þau væru með ferðamenn í viðskiptum (líkan 7). Afstaða landbúnaðar og sjávarútvegs gagnvart þjónustugreinum var aðallega það sem minnti á fyrri niðurstöður þar sem þau voru mjög marktækt minna í viðskiptum við ferðabjónustufyrirtæki en almenn þjónustufyrirtæki. Þá voru fyrirtæki í Dölunum þau einu, þegar horft var til landsvæða, sem skáru sig frá öðrum á þann hátt að þau voru mun minna í viðskiptum við ferðabjónustufyrirtæki. Fyrirtæki á Akranesi og í Hvalfirði voru einnig nærri því að vera í marktækt minni viðskiptum við ferðabjónustufyrirtæki, sem og þau sem eru í Vestmannaeyjum.

Þegar svörum beggja spurninga var slegið saman og tilsvarendi greining keyrð (líkan 9) voru niðurstöðurnar líkari því sem kom út í greiningu á viðskiptum við ferðamenn (líkan 7) en mun minni marktækni. Hins vegar var líkanið betur skilgreint samkvæmt hlekkjaprófinu. Rúmlega 1.500 svör voru að baki greiningunum öllum.

## 7 NIÐURSTÖÐUR, LANDFRÆÐILEG GREINING

---

Sjónarhorn þessarar greiningar er hversu vel atvinnulífið styður við almenna velferð í hinum ýmsu samfélögum landsbyggðarinnar.

Hér var ákveðið að fjalla um mestu styrkleika og veikleika landshlutanna á grundvelli niðurstöðu spurningakönnunarinnar. Þá verða tvö efstu og neðstu sætin dregin út meðal landshlutanna nema að umfjöllunin hafi gefið tilefni til annars t.d. af samhengi skýrslunnar og efnislegri umfjöllun. Hins vegar verða þrjú efstu og neðstu landsvæðin talin með til kosta og galla viðkomandi landshluta.

Greiningin á veikleikum og styrkleikum byggir eingöngu á því hvort landsvæðið eða landshlutinn lenti ofarlega eða neðarlega í samanburði við önnur landsvæði eða landshluta. Ef hagsmunir fyrirtækjanna og samfélagsins eru ólíkir er varðar einstaka þætti þessarar greiningar, eins og í tilfelli mikillar eða lítillar samkeppni (sem er reyndar ekki til skoðunar að þessu sinni), þá verða hagsmunir samfélagsins látnir ráða við túlkun á styrkleikum og veikleikum. Það er í samræmi við Þjóðardemant Porters (Porter, 1990). Í sumum tilvikum er jafnvel ekki alveg augljóst hvort hátt skor bendi til kosta eða ókosta fyrir landshlutann. Hér verða færð rök fyrir því hvernig nokkrir þættir, sem gátu orkað tvímælis á þennan hátt, voru flokkaðir í kosti eða ókosti.

- **Vöntun á starfsfólki með ákveðna menntun.** Ákveðið var að líta á vöntun að þessu leyti sem kost því það bendir til þess að fyrirtæki séu að sækja fram með sérhæft starfsfólk og það bendir til þess að vörur/afurðir fyrirtækjanna séu samkeppnishæfari og að laun í viðkomandi landshluta séu á uppleið. Það hefði alveg verið hægt að líta á þetta sem ókost ef svarið hefði verið túlkað sem svo að erfitt væri að fá menntað starfsfólk í viðkomandi landshluta.
- **Vinnuafllsvægi.** Ekki var endilega augljóst hvort líta bæri á hátt vinnuafllsvægi (heildarlaunakostnaður/heildartekjum) sem kost eða ókost fyrir landshlutana. Það er auðvitað ekki gott fyrir atvinnulífið til lengri tíma litið að sligast undan kostnaði – jafnvel þó það sé launakostnaður. Það gæti verið vísbending um lágt tæknistig (litla vél- og tölvuvæðingu) meðal fyrirtækja á svæðinu eða óráðsú í rekstri og gæti komið þeim í þrot. En ef það er hins vegar haft í huga að eftirsóknarvert sé að fyrirtækin komi sér upp vel þjálfuðu vinnuafli (menntuðu), vel launuðu og að atvinnulífið stuðli að fjölgun íbúa er sennilega betra að hafa marga hálaunaða starfsmenn en láglaunastarfsmenn. Því var ákveðið að líta á hátt vinnuafllsvægi sem kost þó svo það sé ekki einhlít vísbending eins og færð voru rök fyrir.
- **Ferðamenn.** Það var talinn kostur í þessari greiningu fyrir samfélögin úti á landi að þeir hefðu tekjur af ferðamönnum og ferðaþjónustufyrirtækjum því flest sveitarfélög virðast hafa kostnað af þeim en ekki er eins öruggt að þau hafi af þeim tekjur (Viðill Karlsson et al., 2017). Þá kom einnig fram hér og annars staðar að þetta er ein af fáu landdreifðu atvinnugreinunum sem eru í einhverjum vexti og hefur nýst smæstu byggðunum einna mest eins og ein greiningin hér á undan benti til (Kafli 6.7).
- **Afkoma fyrirtækja.** Gagnvart samfélögum er almennt talið að ofurhagnaður sé ekki af hinu góða því það getur m.a. bent til þess að samkeppni sé lítil, laun óheppilega lág eða vöruverð of hátt sem grefur almennt undan afkomu heimilanna. Hins vegar er tap þeirra af hinu illa því það stefnir þeim í þrot. Þar sem há laun (vinnuafllsvægi) hafa þegar verið talin til kosta í þessari greiningu og mörg fyrirtækja úti á landi eru mest í viðskiptum við

aðila annar staðar (í öðrum landsvæðum eða útlöndum) þá einföldum við hana og teljum það einhlítan kost að afkoma fyrirtækja sé góð. Hér er afkoma mæld á tvenna vegu: til lengri og skemmri tíma eins og farið hefur verið yfir hér á undan.

## 7.1 FYRIRTÆKI AF HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

---

Umfjöllunin um höfuðborgarsvæðið er til muna verulega ólík öðrum landshlutum því fyrirtækin þaðan koma inn eins og afgangsstærð í þessari könnun. Þau koma nefnilega inn vegna þess að þau starfa á landsbyggðinni en svöruðu því til að fyrirtækið starfaði á höfuðborgarsvæðinu eða hefði mestan hluta starfsemi sinnar þar þegar spurt var orðrétt: „Í hvaða landshluta starfar fyrirtækið eða hefur mestan hluta starfsemi sinnar?“

Þess vegna verða svörin hér túlkuð hvernig fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu styður við almenna velferð í samfélögum á landsbyggðinni allri. Styrkleikarnir og veikleikarnir eru því eins og að styðja við og veikja landsbyggðina.

### Styrkleikar

Afkoma til skemmri tíma

- Afkoma fyrirtækja til skemmri tíma mældist næst best meðal fyrirtækja af höfuðborgarsvæðinu en ekki marktækt síðri en hjá fyrirtækjum á Suðurlandi sem lentu í efsta sæti (Mynd 41). Síst var afkoman hjá sjávarútvegsfyrirtækjum þaðan (Mynd 42). Fyrirtækin voru mjög sammála um mat sitt á þessari afkomu – einkum ef hún var borin saman við hversu sammála þau voru á öðrum svæðum (Mynd 44).

Afkoma til lengri tíma

- Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu komu best út úr mati á afkomu til lengri tíma þegar bornir voru saman landshlutar (Mynd 46). Um þá niðurstöðu voru þátttakendur af svæðinu mest sammála þegar sá einhugur var borinn saman milli landsvæða (Mynd 49). Afkoma ferðapjónustunnar var best (Mynd 47).

Væntar tekjur

- Bjartsýni var mest meðal fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu þegar spurt var um væntingar á þróun tekna þeirra á næsta ári (Mynd 51).

### Veikleikar

Fjölgun starfsfólks/uppsagnir

- Áætlanir fyrirtækja af höfuðborgarsvæðinu eru frekar til þess fallnar að grafa undan almennri velferð á landsbyggðinni þar sem þau eru líklegri til að segja upp starfsmönnum fremur en að ráða sama hvort það var borið saman við landsvæði (Mynd 7) eða landshluta (Mynd 9). Þarna munaði mest um fyrirætlanir framleiðslufyrirtækja, einkum í sjávarútvegi (Mynd 7 og Mynd 8).



## Fjárfestingar

- Minnstur var hugur til fjárfestinga hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu samkvæmt þessari könnun þegar landshlutarnir voru bornir saman (Mynd 20). Ferðaþjónusta var hugaðri en önnur fyrirtæki þaðan (Mynd 21).

## Vinnuaflsvægi

- Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu höfðu næst lægsta vinnuaflsvægi þegar landshlutarnir voru bornir saman (Mynd 24). Ferðaþjónustufyrirtæki hífðu meðaltal höfuðborgarsvæðisins upp (Mynd 25).

## Ferðamenn

- Þegar bornir voru saman landshlutar mældust tekjur hlutfallslega lægstar hjá ferðaþjónustufyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu (Mynd 29). Á móti benti aðhvarfsgreiningin til þess að ferðaþjónusta væri meiri hjá fyrirtækjum þaðan (Líkan 7, Tafla 10) þannig að hér er um misvísandi skilaboð að ræða. Seinni niðurstaðan byggði á greiningu sem tók tillit til fleiri þátta en greining fyrri niðurstaðnanna.

## Ferðaþjónustufyrirtæki

- Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu áttu í litlum viðskiptum við ferðaþjónustufyrirtæki og var landshlutinn næst neðstur í röðinni þegar svör við viðkomandi spurningu voru borin saman milli landshluta (Mynd 33).

## Efnahagshorfur

- Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu voru svartsýnust á horfur í efnahagsmálum í samanburði milli landsvæða (Mynd 56). Þar voru framleiðslufyrirtæki bjartsýnni en þjónustufyrirtæki (Mynd 56), en samt var ferðaþjónusta sérstaklega bjartsýn (Mynd 57).

## 7.2 SUÐURNES

---

### Styrkleikar

#### Fjölgun starfsfólks

- Styrkleikar landshlutans liggja m.a. í mannauðsmálum. Fyrirtæki á Suðurnesjum voru lang líklegust til að ráða fólk (Mynd 7). Þetta er auðvitað dapurt að sjá í ljósi nýrra tíðinda vegna gjaldþrots Wow en könnuninni var svarað í janúar 2019 en þau hefðu nú mátt vera fleiri af svæðinu. Þetta átti frekar við um þjónustufyrirtæki og þau sem yngri eru. En þó átti þetta sérstaklega við ferðaþjónustu en miklu síður sjávarútvegsfyrirtæki sem hyggja greinilega á fækkun fólks á Suðurnesjum (Mynd 8). Hér komu Suðurnes utan Reykjanesbæjar betur út en Reykjanesbær (Mynd 9).

#### Fjölga á menntuðu starfsfólki

- Á Suðurnesjum segja margir þátttakendur að vöntun sé á starfsfólki með ákveðna menntun og varð landshlutinn í næst efsta sæti að þessu leyti (Mynd 12). Ferðapjónustan ýtti greinilega undir þessa þörf en sjávarútvegur dró verulega úr því (Mynd 13). Reykjanesbær lenti í efsta sæti í samanburði á milli landsvæða m.t.t. vöntunar á menntuðu vinnuafli (Mynd 14).

#### Fjölga fólki með ákveðna færni

- Þörfin var mest á Suðurnesjum fyrir starfsfólk með ákveðna færni (Mynd 16). Þar munaði mest um þörfina í ferðapjónustu (Mynd 17). Þörfin í landshlutanum var heldur meiri utan Reykjanesbæjar en innan hans (Mynd 18).

#### Fjárfestingar

- Á Suðurnesjum kom fram mesti fjárfestingahugur í þessari könnun þegar landshlutarnir voru bornir saman (Mynd 20). Þar stóðu fyrirtæki með dreifða starfsemi út úr og framleiðslufyrirtæki. Þessi hugur verður líklegast rakin til þjónustufyrirtækja og framleiðslufyrirtækja annarra en í sjávarútvegi (Mynd 20 og Mynd 21). Hins vegar var lítil fjárfestingarhugur í ferðapjónustunni miðað við önnur fyrirtæki í landshlutanum. Mestur hugurinn innan landshlutans var utan Reykjanesbæjar (Mynd 22).

#### Vinnuafllsvægi

- Suðurnes höfðu næst mesta vinnuafllsvægi þegar landshlutarnir voru bornir saman og framleiðslufyrirtæki voru heldur lægri að þessu leyti en þjónustufyrirtæki (Mynd 24). Sjávarútvegur var lægri að þessu leyti en fyrirtæki að jafnaði í landshlutanum en ferðapjónusta var í meðallagi (Mynd 25). Reykjanesbær var með næst hæsta vinnuafllsvægið þegar landsvæði voru borin saman (Mynd 26) og voru fyrirtækin lík að því leyti (Mynd 27).

#### Ferðapjónustufyrirtæki

- Fyrirtæki á Suðurnesjum áttu hlutfallslega mest undir viðskiptum við ferðapjónustufyrirtæki þegar svör við slíkri spurningu voru borin saman milli landshluta (Mynd 33). Fyrirtæki utan Reykjanesbæjar voru hlutfallslega meira í viðskiptum við ferðapjónustufyrirtæki en innan hans (Mynd 35).

#### Afkoma til skemmri tíma

- Afkoman fyrirtækja til skemmri tíma mældist næst best á Reykjanesi utan Reykjanesbæjar í samanburði sem gerður var á henni milli landsvæða (Mynd 43). Þá voru fyrirtækin á Reykjanesi nokkuð sammála um þessa afstöðu (Mynd 44).

#### Væntar tekjur

- Bjartsýni var næst mest meðal fyrirtækja á Suðurnesjum þegar spurt var um væntingar á þróun tekna þeirra á næsta ári og bornir voru saman landshlutar (Mynd 51). Þar munaði meira um afstöðu fyrirtækja utan Reykjanesbæjar (Mynd 53) og voru þátttakendur nokkuð sammála um það (Mynd 54).

#### Efnahagshorfur

- Fyrirtæki á Suðurnesjum eru bjartsýnust á horfur í efnahagsmálum í samanburði milli landsvæða (Mynd 56). Þar voru framleiðslufyrirtæki mun bjartsýnni en þjónustufyrirtæki (Mynd 56), einkum sjávarútvegsfyrirtæki (Mynd 57).

### **Veikleikar**

Skapandi greinar

- Fyrirtæki á Suðurnesjum höfðu litlar tekjur af menningu og listum og hafnaði landshlutinn í neðsta sæti þegar þeir voru bornir saman innbyrðis (Mynd 37). Þó eru það ferðaþjónusta og önnur þjónustufyrirtæki sem halda þessu uppi (Mynd 37 og Mynd 38).

## **7.3 VESTURLAND**

---

### **Styrkleikar**

Fjölga á menntuðu starfsfólki

- Á Akranesi og í Hvalfirði var þriðja mesta þörfin fyrir menntað vinnuafl þegar landsvæðin voru borin saman (Mynd 14).

Vinnuafllsvægi

- Vesturland hafði mesta vinnuafllsvægi þegar landshlutarnir voru bornir saman en framleiðslufyrirtæki voru heldur lægri að þessu leyti en þjónustufyrirtæki (Mynd 24). Þar kom sjávarútvegurinn best út, síðan þjónustugreinar og eða önnur framleiðsla, þá ferðaþjónusta og síst landbúnaður (Mynd 24 og Mynd 25). Snæfellsnes var með þriðja hæsta vinnuafllsvægið þegar landsvæði voru borin saman (Mynd 26) og voru fyrirtækin nokkuð lík að því leyti (Mynd 27).

Skapandi greinar

- Fyrirtæki á Vesturlandi höfðu næst mestar tekjur af menningu og listum og hafnaði landshlutinn í næst efsta sæti þegar þeir voru bornir saman innbyrðis (Mynd 37). Þar munaði mest um hlut ferðaþjónustunnar en hverfandi lítið var þetta innan sjávarútvegs og landbúnaðar (Mynd 38). Einnig munaði nokkuð um hlut þjónustufyrirtækja (Mynd 37). Dalir og Borgarfjarðarsvæði komu best út innan landshlutans (Mynd 39).

Afkoma til lengri tíma

- Fyrirtæki á Akranessvæði komu einna best út, næst á eftir þeim á höfuðborgarsvæðinu, þegar mat á afkomu til lengri tíma var gerð milli landsvæða. Hins vegar var Borgarfjarðarsvæði í þriðja neðsta sæti hér og Dalir ekki fjarri (Mynd 48).

### **Veikleikar**

Fjölgun starfsfólks

- Dalir komu næstverst út úr samanburði landshluta hvað varðar áform um fjölgun eða fækkun starfsfólks þar sem 38% fleiri ætluðu að fækka fólki en þeir sem ætluðu að fjölga (Mynd 9). Þá voru fyrirtækin einna mest sammála í þeirri afstöðu sinni (Mynd 10).

#### Fjölga á menntuðu starfsfólki

- Í Dölunum var minnsta þörfin fyrir menntað vinnuafli þegar landsvæðin voru borin saman (Mynd 14).

#### Fjölga fólki með ákveðna færni

- Þörfin fyrir vinnuafli með ákveðna færni var minnst í Dölunum í samanburði milli landsvæða (Mynd 18).

#### Fjárfestingar

- Minnstur var hugur til fjárfestinga meðal fyrirtækja í Dölunum þegar landsvæðin voru borin saman og í reynd var það eina landsvæðið sem ætlaði að draga saman seglin að þessu leyti ásamt fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu (Mynd 22). Þó er eins og ekki séu menn þar sammála að þessu leyti og því einhverjir sem eru harðákveðnir í að draga saman seglin en aðrir að fjárfesta (Mynd 23). Hins vegar kom Akranessvæðið einnig illa út í þessum samanburði, einkum eftir að eftir að í ljós kom að þátttakendur voru í meira lagi sammála um þá niðurstöðu (Mynd 23).

#### Ferðaþjónustufyrirtæki

- Dalir voru í neðsta sæti meðal landsvæða þegar hlutfall tekna fyrirtækja af viðskiptum við ferðaþjónustufyrirtæki voru borin saman á milli landsvæða (Mynd 35). Akranessvæði var í næst neðsta sæti.

#### Afkoma til lengri tíma

- Fyrirtæki á Borgarfjarðarsvæði lentu í þriðja neðsta sæti yfir afkomu til lengri tíma þegar borin voru saman landsvæði og Dalir ekki mikið betri (Mynd 48) en innan Borgarfjarðarsvæðis er afkoman greinilega breytileg milli þátttakenda (Mynd 49).

#### Væntar tekjur

- Væntingar um þróun tekna var einna síst meðal fyrirtækja í Dölunum þar sem þeir lentu í þriðja neðsta sæti þegar landsvæði voru borin saman (Mynd 53). Þátttakendur voru þó alls ekki sammála um að tekjurnar myndu þróast með svo óheppilegum hætti (Mynd 54).

## 7.4 VESTFIRÐIR

---

### Styrkleikar

#### Fjölga menntuðu starfsfólki

- Á Vestfjörðum sögðu flestir að vöntun væri á starfsfólki með ákveðna menntun (Mynd 12). Sjávarútvegur var ólíklegastur til þess, þá landbúnaður og síðan ferðaþjónusta en allar voru þær atvinnugreinar í minni þörf fyrir menntað vinnuafl en heildarmeðaltalið benti til (Mynd 13). Þörfin hlaut því að liggja hjá þjónustufyrirtækjum og öðrum framleiðslufyrirtækjum (Mynd 12). Þörfin var meiri á N-Vestfjörðum en annars staðar í landshlutanum (Mynd 14).

#### Fjölga fólki með ákveðna færni

- Á N-Vestfjörðum var mesta þörfin fyrir vinnuafl með ákveðna færni þegar borin voru saman landsvæðin (Mynd 18).

#### Ferðaþjónustufyrirtæki

- S-Vestfirðir voru í þriðja sæti þegar hlutfall tekna fyrirtækja af viðskiptum við ferðaþjónustufyrirtæki voru borin saman á milli landsvæða (Mynd 35).

#### Skapandi greinar

- Fyrirtæki á Vestfjörðum höfðu þó nokkrar tekjur af menningu og listum og hafnaði landshlutinn í efsta sæti þegar þeir voru bornir saman innbyrðis (Mynd 37) og munar hvað mest um hlut þjónustufyrirtækja sem og ferðaþjónustu (Mynd 38). Hluttur N-Vestfjarða er áberandi mestur í landshlutanum að þessu leyti þar sem þeir voru efstir í samanburði milli landsvæða (Mynd 39). Hins vegar skipuðu sunnanverðir Vestfirðir þriðja neðsta sætið í þessum samanburði.

#### Væntar tekjur

- S-Vestfirðir komu best út þegar væntingar um þróun tekna var bornar saman á milli landsvæða og N-Vestfirðir í þriðja besta sæti en hins vegar voru Strandir og Reykhólar í neðsta sæti (Mynd 53). Þetta gæti tengst atvinnugreinunum fiskeldi og landbúnaði. Fiskeldið er hrein ágiskun en landbúnaðurinn kom sérlega illa út á Vestfjörðum og er vægi hans mikið á Ströndum og Reykhólum (Mynd 52). Þátttakendur á S- og N-Vestfjörðum voru þó mjög á báðum áttum í afstöðu sinni til þróunar tekna á milli ára (Mynd 54).

### **Veikleikar**

#### Fjölgun starfsfólks

- Strandir og Reykhólar koma verst út úr samanburði landshluta er varðar áform um fjölgun eða fækkun starfsfólks þar sem þeir sem ætluðu að fækka fólki voru 38% fleiri en þeir sem ætluðu að fjölga því (Mynd 9).

#### Fjölga fólki með ákveðna færni

- Þörfin fyrir vinnuafl með ákveðna færni var með allra minnsta móti á S-Vestfjörðum þegar landsvæðin voru borin saman (Mynd 18).

#### Fjárfestingar

- Strandir og Reykhólar komu illa út úr samanburði milli landsvæða um hug þeirra til fjárfestinga þegar borin var saman útkoman úr spurningu þar að lútandi og hversu sammála þátttakendur voru um hana (Mynd 23). Þar var hugurinn einna minnstur á Ströndum og Reykhólum og þátttakendur frekar sammála um það.

#### Afkoma til skemmri tíma

- Afkoma fyrirtækja til skemmri tíma mældist lök á Vestfjörðum þegar samanburður var gerður á milli landsvæða þar sem S-Vestfirðir komu verst út og Strandir og Reykhólar höfnuðu í þriðja neðsta sæti (Mynd 43). Þá var þetta sérstaklega slæmt á S-Vestfjörðum þar sem afkoman var slökust og fyrirtækin sem tjáðu sig voru einna mest sammála um það (Mynd 44). Umsögn fyrirtækja á Ströndum og Reykhólum var ekki langt frá S-Vestfjörðum.

#### Væntar tekjur

- Strandir og Reykhólar voru í neðsta sæti þegar væntingar um þróun tekna voru bornar saman á milli landsvæða (Mynd 53) og tengist væntanlega landbúnaði (Mynd 52). Um þessa afstöðu var mikill einhugur meðal þátttakenda á svæðinu (Mynd 54).

#### Efnahagshorfur

- Fyrirtæki af Vestfjörðum voru næstsvartsýnust á horfur í efnahagsmálum í samanburði milli landsvæða (Mynd 56). Þar voru framleiðslufyrirtæki bjartsýnni en þjónustufyrirtæki (Mynd 56) en samt var ferðaþjónusta sérstaklega bjartsýn sem og sjávarútvegur en landbúnaður mjög svartsýnn (Mynd 57).

## 7.5 NORÐURLAND VESTRA

---

### Styrkleikar

#### Fjölgun starfsfólks

- Landshlutinn lenti í næsthæsta sæti þegar spurt var út í mannaáðningar (Mynd 7). Augljóst mátti þykja að yngri fyrirtækin skáru sig þar mest úr þegar aldur fyrirtækjanna var skoðaður. Bæði ferðaþjónusta en einkum landbúnaður voru almennt síður á því en önnur fyrirtæki að ráða fólk (Mynd 8). Hér var V-Hún í þriðja hæsta sæti þegar svarið við fjölgun starfa var brotið upp eftir landsvæðum (Mynd 9). Hugur ætti að vera í A-Hún þar sem þar er nú byggt gagnaver en það svæði lenti neðarlega og Skagafjarðarsýsla töluvert ofan við það.

#### Efnahagshorfur

- Fyrirtæki í V-Hún voru næstbjartsýnust þegar afstaða til útlits í efnahagsmálum var borin saman á milli landsvæða. Hins vegar voru fyrirtæki í A-Hún í þriðja sæti yfir þau svartsýnustu að þessu leyti og Skagafjarðarsýsla næstsvartsýnust fyrirtækja á landinu (Mynd 58). Fyrirtækin í V-Hún voru hins vegar óvenju ósammála um afstöðu sína að þessu leyti og reyndar ekki svo jákvæð þegar meðaltal var notað (Mynd 59).

## Veikleikar

### Fjölga á menntuðu starfsfólki

- Á Norðurlandi vestra sögðu fæstir þátttakendur að vöntun væri á starfsfólki með ákveðna menntun og varð landshlutinn í neðsta sæti að þessu leyti (Mynd 12). Landbúnaðurinn dró verulega úr þessari þörf í landshlutanum á meðan ferðaþjónustan þrýsti henni upp en þó sérstaklega sjávarútvegurinn (Mynd 13). Bæði A- og V-Hún lentu mjög neðarlega í samanburði á milli landsvæða að þessu leyti og þar er því einna minnsta þörfin fyrir menntað vinnuafli (Mynd 14).

### Fjölga fólki með ákveðna færni

- Þörfin var næstminnst á Norðurlandi vestra fyrir starfsfólk með ákveðna færni (Mynd 16). Þörfin virtist vera frekar jöfn á milli atvinnugreina en helst var að ferðaþjónustan væri í minni þörf en aðrar atvinnugreinar (Mynd 17).

### Vinnuafllsvægi

- Norðurland vestra hafði lægsta vinnuafllsvægi þegar landshlutarnir voru bornir saman (Mynd 24). Sjávarútvegur var með lægsta vinnuafllsvægið í landshlutanum af þeim atvinnugreinum sem horft var til, þá landbúnaður en ferðaþjónusta hífði það upp (Mynd 25). V-Húnavatnssýsla var með næstlægsta vinnuafllsvægið þegar landsvæði voru borin saman (Mynd 26). Þá voru öll landsvæði landshlutans með einna lægst vinnuafllsvægi og mjög sammála um að vinnuafllsvægið væri þar lágt (Mynd 27).

### Ferðamenn

- Á Norðurlandi vestra mældust tekjur næstlægstar hlutfallslega þegar landshlutarnir voru bornir saman (Mynd 29). Þar mældist A-Hún lægst allra landsvæða (Mynd 31).

### Ferðaþjónustufyrirtæki

- Fyrirtæki á Norðurlandi vestra áttu í litlum viðskiptum við ferðaþjónustufyrirtæki og var landshlutinn neðstur í röðinni þegar svör við þeirri spurningu voru borin saman milli landshluta (Mynd 33).

### Skapandi greinar

- Fyrirtæki á Norðurlandi vestra höfðu litlar tekjur af menningu og listum og hafnaði landshlutinn í næstneðsta sæti þegar þeir voru bornir saman innbyrðis (Mynd 37). Ferðaþjónustan á svæðinu hélt hins vegar þessum viðskiptum vel uppi en önnur þjónustufyrirtæki gerðu það líka þó í miklu minna mæli væri (Mynd 37 og Mynd 38). A-Húnavatnssýsla kom verst út úr samanburði milli landsvæða að þessu leyti (Mynd 39).

### Afkoma til skemmri tíma

- Afkoma fyrirtækja til skemmri tíma mældist næst verst á Norðurlandi vestra (Mynd 41). Heldur síðri var afkoman í ferðaþjónustu og landbúnaði en skárri í sjávarútvegi (Mynd 42).

## Afkoma til lengri tíma

- Fyrirtæki af Norðurlandi vestra komu næst verst út úr mati á afkomu til lengri tíma þegar landshlutar voru bornir saman (Mynd 46). Þar vekur athygli að ferðapjónusta dregur landshlutann niður að þessu leyti og voru bæði sjávarútvegur og landbúnaður öflugri og náðu meðaltali allra fyrirtækja á svæðinu (Mynd 47). Þessi útkoma ferðapjónustunnar á svæðinu, sem var einna slökust á landinu á þennan kvarða, kann að vera útskýrð með því hvað greinin er ung í landshlutanum eða að landshlutinn sé óheppilega langt frá suðvesturhorni landsins og gæti verið nær bæði Akureyri og Austurlandi þar sem hliðin inn í landið eru (Alþjóðlegir flugvellir og ferjustaður). Þegar horft var til landsvæða kom A-Húnavatnssýsla næst verst út þegar landsvæði voru borin saman (Mynd 48) en innan landsvæðisins er afkoman mjög breytilegt milli þátttakenda (Mynd 49).

## Væntar tekjur

- Bjartsýni var næst minnst meðal fyrirtækja á Norðurlandi vestra þegar spurt var um væntingar á þróun þeirra tekna allra næstu misserin (Mynd 51).

## Efnahagshorfur

- Fyrirtæki í A-Hún voru meðal þeirra svartsýnustu, þriðja neðsta sæti, þegar afstaða til útlits í efnahagsmálum var borin saman á milli landsvæða og í Skagafjarðarsýslu voru þau næstsvartsýnustu (Mynd 58). Fyrirtæki í A-Hún voru meira sammála í sinni afstöðu en þau í Skagafjarðarsýslu þar sem þau voru á báðum áttum (Mynd 59).

## 7.6 NORÐURLAND EYSTRÁ

---

### Styrkleikar

#### Ferðamenn

- Þingeyjarsýslur mældust með hlutfallslega næsthæstu tekjur af ferðamönnum þegar landsvæðin voru borin saman (Mynd 31). Hins vegar mældist Akureyri með þriðja lægsta hlutfall allra „landsvæða“. Það kemur verulega á óvart þar sem mikið er um ferðamenn á Akureyri. Það er mjög líklega vegna þess hversu fjölbreytt atvinnulíf á Akureyri er í samanburði við önnur landsvæði utan höfuðborgarsvæðisins. Þá getur hlutfall ferðamanna af farþegaskipum líka haft þessi áhrif en það eru ferðamenn sem versla ekki mikið í landi. Þannig að þó ferðamenn séu mjög sýnilegir þar sé verslun þeirra mun minni hlutfallslega en af ferðamönnum sem aka um landið og koma við annars staðar. Trúlega eru báðir þessir þættir að verki. Svo er mögulegt að svörun sé að einhverju leyti skökk milli atvinnugreina en svörun var samt mjög góð á Norðurlandi eystra og skipaði það sér í raðir með Suðurlandi og Vesturlandi hvað góða svörun varðar.

#### Afkoma til skemmri tíma

- Afkoman fyrirtækja til skemmri tíma mældist lang best á Akureyri í samanburði sem gerður var á henni milli landsvæða (Mynd 43).



## Afkoma til lengri tíma

- Fyrirtæki á Norðurlandi eystra komu næst best út úr mati á afkomu til lengri tíma þegar bornir voru saman landshlutar (Mynd 46). Ekki var mikill munur á milli atvinnugreina en sjávarútvegur kom einna best út og landbúnaður einna verst (Mynd 47). Fyrirtæki á Akureyri voru í þriðja hæsta sæti þegar landsvæði voru borin saman (Mynd 48) og um þá afstöðu ríkti mikill einhugur meðal þátttakenda (Mynd 49).

## Efnahagshorfur

- Í Eyjafirði voru þriðju bjartsýnustu fyrirtækin á landinu þegar afstaða til útlits í efnahagsmálum var borin saman á milli landsvæða (Mynd 58). Hins vegar voru fyrirtækin ekki mjög sammála um þá niðurstöðu og verður að segja þau vera á báðum áttum í þessu máli (Mynd 59).

## Veikleikar

### Fjölga á menntuðu starfsfólki

- Á Norðurlandi eystra sögðust fáir þátttakendur vanta starfsfólk með ákveðna menntun og varð landshlutinn í næstneðsta sæti að þessu leyti þegar landshlutar voru bornir saman (Mynd 12). Ferðaþjónustan, en þó sérstaklega landbúnaðurinn, drógu þessa þörf niður á meðan sjávarútvegur þrýsti henni upp (Mynd 13).

### Fjölga fólki með ákveðna færni

- Þörfin var minnst á Norðurlandi eystra fyrir starfsfólk með ákveðna færni (Mynd 16). Þarna virtust atvinnugreinarnar landbúnaður, sjávarútvegur og ferðaþjónusta halda þessari þörf niðri og þörfin því meiri í þjónustugreinum (Mynd 17) og annarri framleiðslu (Mynd 16). Þörfin fyrir vinnuafli með ákveðna færni var næst minnst í Þingeyjarsýslum þegar landsvæðin voru borin saman (Mynd 18).

### Fjárfestingar

- Næstminnstur var hugur á Norðurlandi eystra til fjárfestinga samkvæmt þessari könnun þegar landshlutarnir voru bornir saman (Mynd 20). Þar munaði mest um þátt sjávarútvegsins á meðan landbúnaðurinn var hugaðri en fyrirtæki almennt í landshlutanum (Mynd 21). Minnstur var hugurinn í Akureyringum að þessu leyti en fyrirtæki í Þingeyjarsýslu voru ekki mikið hugaðri (Mynd 22).

### Vinnuafllsvægi

- Eyjafjörður var með lágsta vinnuafllsvægið þegar landsvæði voru borin saman (Mynd 26). Þá voru fyrirtæki í Eyjafirði einnig mest sammála um þá afstöðu allra landsvæða (Mynd 27).

### Ferðamenn

- Akureyri mældist með þriðja lágsta hlutfall tekna af ferðamönnum meðal allra „landsvæða“ (Mynd 31).

## 7.7 AUSTURLAND

---

### Styrkleikar

Fjölga fólki með ákveðna færni

- Þörfin var næst mest á Austurlandi fyrir starfsfólk með ákveðna færni (Mynd 16). Þar munaði mest um þörfina í þjónustugreinum því hún var almennt minni í landbúnaði, enn minni í ferðaþjónustu og minnst í sjávarútvegi (Mynd 17). Þörfin í landshlutanum var heldur meiri sunnan Fagradals (Mynd 17).

Ferðamenn

- Hvergi mældust tekjur af ferðamönnum eins háar og á Austurlandi þegar landshlutarnir voru bornir saman (Mynd 29). Þar var hlutur Austurlands norðan Fagradals í þriðja sæti af landsvæðunum og sunnan hans í fjórða (Mynd 31).

Ferðþjónustufyrirtæki

- Fyrirtæki á Austurlandi áttu mikið undir viðskiptum við ferðþjónustufyrirtæki og var landshlutinn annar hæsti í röðinni þegar svör við slíkri spurningu voru borin saman milli þeirra (Mynd 33).

Skapandi greinar

- Austurland norðan Fagradals var í öðru sæti þegar landshlutar voru skoðaðir m.t.t. skapandi greina (Mynd 39).

### Veikleikar

Fjölgun starfsfólks

- Austurland kom verst út þegar fyrirtækin voru spurð út í mannráðningar. Þar voru fleiri fyrirtæki á því að segja upp fólki en ráða og ekkert landsvæði kom eins illa út úr þessari spurningu (Mynd 7). Athygli vakti að ferðaþjónusta hafði í hyggju að fækka fólki á Austurlandi og var það eini landshlutinn sem sú atvinnugrein var á því (Mynd 8). Þá kom landbúnaður vel út úr þessari spurningu.

Afkoma til skemmri tíma

- Afkoma fyrirtækja til skemmri tíma mældist verst á Austurlandi en ekki marktækt síðri en meðal fyrirtækja annars staðar (Mynd 41). Síst var afkoman í landbúnaði (Mynd 42). Af landsvæðum kom Austurland norðan Fagradals næstverst út í þessum samanburði (Mynd 43).

Afkoma til lengri tíma

- Fyrirtæki af Austurlandi komu verst út úr mati á afkomu til lengri tíma þegar bornir voru saman landshlutar (Mynd 46). Afkoma í landbúnaði kom einna verst út í landshlutanum

en sjávarútvegi best (Mynd 47). Af landsvæðum kom Austurland norðan Fagradals verst út þegar landsvæði voru borin saman (Mynd 48) en innan landsvæðisins er afkoman mjög breytilegt milli þátttakenda (Mynd 49).

#### Væntar tekjur

- Bjartsýni var minnst meðal fyrirtækja á Austurlandi þegar spurt var um væntingar á þróun tekna þeirra allra næstu misserin (Mynd 51).

#### Efnahagshorfur

- Fyrirtæki á Austurlandi sunnan Fagradals voru svartsýnust á landinu þegar afstaða til útlits í efnahagsmálum var borin saman á milli landsvæða (Mynd 58). Um þessa afstöðu ríkti mikill einhugur (Mynd 59).

## 7.8 SUÐURLAND

---

### Styrkleikar

#### Fjölgun starfsfólks

- Landshlutinn kom nokkuð vel út úr fyrirætlunum sínum hvað varðar mannráðningar þar sem fyrirtæki voru þriðju jákvæðustu í röðinni af landsvæðunum átta. Hér kom Árnessýsla best út þegar landið var brotið í landshluta (Mynd 9). Um þessa afstöðu voru fyrirtæki síðan vel sammála (Mynd 10).

#### Fjárfestingar

- Á Suðurlandi kom fram næst mesti fjárfestingahugur í þessari könnun þegar landshlutarnir voru bornir saman (Mynd 20). Ljóst er að þessi hugur er að miklu leyti rakinn til ferðaþjónustunnar á meðan landbúnaðurinn dregur hann lítið eitt niður (Mynd 21). Þegar horft var til einstakra landsvæða innan Suðurlands lentu Árnes- og Rangárvallasýsla í öðru og þriðja sæti í samanburði á milli landsvæða og reyndar Vestmannaeyjar í því fjórða (Mynd 22).

#### Vinnuafllsvægi

- Skaftafellssýslur voru með hæsta vinnuafllsvægið þegar landsvæði voru borin saman (Mynd 26).

#### Ferðamenn

- Á Suðurlandi mældust tekjur af ferðamönnum næstmestar hlutfallslega þegar landshlutarnir voru bornir saman (Mynd 29). Þar komu Skaftafellssýslur best út allra landsvæða (Mynd 31).

#### Ferðaþjónustufyrirtæki

- Skaftafellssýslur voru í þriðja sæti meðal landsvæða þegar hlutfall tekna fyrirtækja af viðskiptum við ferðaþjónustufyrirtæki voru borin saman á milli landsvæða (Mynd 35).

#### Afkoma til skemmri tíma

- Afkoma fyrirtækja til skemmri tíma mældist best á Suðurlandi (Mynd 41). Síst var hún í landbúnaði en ekkert mikið síðri en annarra fyrirtækja (Mynd 42). Árnessýsla var í þriðja besta sæti í samanburði sem gerður var á henni milli landsvæða (Mynd 43).

#### Efnahagshorfur

- Fyrirtæki á Suðurlandi voru næst bjartsýnust á horfur í efnahagsmálum í samanburði milli landhluta (Mynd 56). Þar voru framleiðslufyrirtæki mun svartsýnni en þjónustufyrirtæki (Mynd 56), einkum ferðaþjónusta (Mynd 57). Fyrirtæki í Rangárvallasýslu voru bjartsýnust þegar afstaða til útlits í efnahagsmálum var borin saman á milli landsvæða (Mynd 58). Þá komu fyrirtæki í Vestmannaeyjum mjög vel út í svona samanburði þegar meðaltal var notað í stað hlutfalls þeirra sem töldu efnahagsástandið verða betra (Mynd 59). Þá voru þeir líka mjög sammála í þeirri afstöðu sinni. Næst Vestmannaeyjum á þessum góða stað voru Árnes- og Skaftafellssýslur sem staðfestir afar góða útkomu fyrir Suðurland að þessu leyti.

### **Veikleikar**

#### Vinnuafllsvægi

- Rangárvallasýsla var með næstlægsta vinnuafllsvægið þegar landsvæði voru borin saman (Mynd 26).

#### Ferðaþjónustufyrirtæki

- Vestmannaeyjabær var þriðja neðsta sæti meðal landsvæða þegar hlutfall tekna fyrirtækja af viðskiptum við ferðaþjónustufyrirtæki voru borin saman á milli landsvæða (Mynd 35).

#### Skapandi greinar

- Þegar samanburður milli landsvæða var dreginn upp gagnvart því hvort fyrirtæki hefðu tekjur af menningu og listum lentu Skaftafellssýslur í næstneðsta sæti sem verður að teljast veikleiki (Mynd 39).

#### Væntar tekjur

- Skaftafellssýslur komu næst verst út í samanburði milli landsvæða um það hvort heildartekjur fyrirtækja yrðu meiri eða minni en í fyrra (Mynd 53). Þátttakendur voru þó á báðum áttum í þessu máli (Mynd 54).

## 7.9 SAMANTEKT STYRKLEIKA OG VEIKLEIKA

---

Að lokum var gerð tilraun til að draga saman styrkleika og veikleika landshlutanna í eina einkunn og bera þá saman með þeim hætti.

Ákveðið var að hafa einkunnina einfalda. Gefið var fyrir tvö efstu sætin milli landshluta, tvo fyrir efsta sæti og einn fyrir það næstefsta. Að auki fengu landshlutarnir einkunn (refsistig) ef þeir lentu í tveimur neðstu sætunum: mínus einn fyrir næst neðsta og mínus tveir fyrir það neðsta. Þá fengu landshlutarnir hálfan ef eitthvert landsvæði landshlutans hafði lent í þremur efstu eða þremur neðstu en þó eingöngu ef landshlutinn hafði ekki fengið einkunn í landshlutasamanburðinum. Þarna gildi einu hvort landsvæðin væru eitt eða fleiri, landshlutinn fékk bara hálfan ef einn eða fleiri landsvæði landshlutans fengu einkunn við þau skilyrði að landshlutinn allur fengi enga einkunn í þeim samanburði.

Hér skal varað við oftúlkun en einkunn eins og þessi er auðvitað bara tilraun gefa einhverjar vísbendingar og yfirsýn yfir landshlutana og á milli þeirra en langt frá því að vera hafin yfir nokkurn vafa.

Hér er t.d. gert ráð fyrir því að þeir þættir sem horft var til í þessari greiningu séu landshlutunum jafnir að mikilvægi.

**Tafla 11: Yfirlit styrkleika og veikleika landshlutanna**

Landshluti	Styrkleikar	Veikleikar	Mismunur
Suðurnes	15	2	13
Suðurland	6,5	2	4,5
Vestfirðir	5,5	3,5	2
Vesturland	4	3,5	0,5
Norðurland eystra	4	5,5	-1,5
Höfuðborgarsvæðið	5	9	-4
Austurland	4,5	10	-5,5
Norðurland vestra	1,5	13,5	-12

Samkvæmt þessari reikniáðgerð (Tafla 11) kom í ljós að Suðurnes og Suðurland koma best út en Suðurnes koma nú miklu betur út en Suðurland. Athygli vekur að Vestfirðir eru í þriðja sæti. Í neðstu sætunum tveimur lentu Norðurland vestra og Austurland.

## 8 ATHYGLISVERT Í NIÐURSTÖÐUNUM OG ÓVÆNT

---

### 8.1 BJARTSÝNI: SÓKN ER BESTA VÖRNIN

---

Í könnuninni kom það höfundi á óvart hvað jákvæðnin var mikil meðal fyrirtækja á landsbyggðinni þrátt fyrir efnahagshorfurnar. Það sést á því að 22% þátttakenda sögðust ætla að ráða nýtt starfsfólk en eingöngu 13% ætlaði að fækka starfsmönnum. Til samanburðar þá gaf Vetrarkönnun Gallup það til kynna að 12% ætluðu að fjölga starfsmönnum á meðan 30% ætlaði að fækka þegar 400 stærstu fyrirtæki landsins voru spurð. „Jákvæðnin“ varð ennþá meiri þegar svar við fjárfestingarhugleiðingum var greint. Þá sögðust 30% ætla að fjárfesta á meðan 12% sögðust stefna að því að selja eða losa sig við framleiðslutæki á annan hátt. Þetta voru svörin jafnvel þó þátttakendur byggjust við samdrætti í tekjum: 27% þátttakenda bjuggust við samdrætti í eigin tekjum á meðan 21% bjóst við aukningu þeirra. Að auki gerðu þátttakendur sér „fulla“ grein fyrir neikvæðum efnahagshorfum. 53% þeirra bjóst við þrengingum í efnahagslífinu næstu 12 mánuði á meðan 8% bjuggust við að aðstæður bötnuðu. Þannig að hér virðist „sókn besta vörnin“.

### 8.2 FYRIRTÆKI AF HÖFUÐBORGARSVÆÐINU STERKUST EN HYGJAST PAKKA Í VÖRN

---

Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu sem starfa á landsbyggðinni ætla sér að „pakka í vörn“, að öllum líkindum vegna neikvæðra horfa í efnahagsmálum en um leið er afkoma þeirra einna best til lengri og skemmri tíma. Ekki er alveg augljóst hvort aðrir þættir en horfur í efnahagsmálum leiki þarna stórt hlutverk og erfitt að átta sig á því.

#### 8.2.1 BEST AFKOMA FYRIRTÆKJA AF HÖFUÐBORGARSVÆÐINU EN HIKA Í MANNARÁÐNINGUM

Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu hafa skilað bestu afkomu undanfarin 5-10 ár (Mynd 46) en eru samt einna líklegust til að ráðast í uppsagnir á fólki þegar horft er til landshluta. Þetta er áhugaverð niðurstaða og vekur upp margar spurningar og vangaveltur. Getur verið að það séu fleiri fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni með harða húsbændur að því leyti að þeir geri háa arðsemiskröfu til þeirra og þess vegna bregðist þau skjótar við yfirvofandi kólnun í hagkerfi landsins? Að eigendur fyrirtækja á landsbyggðinni geri minni arðsemiskröfur eða jafnvel hverfandi litla þar sem markmið fyrirtækjanna geti verið oftast að veita vinnu, einkum eiganda, í stað þess að hámarka hagnað. Það er þekkt að sumir kappkosti svo mikið að búa á landsbyggðinni að þeir búi sér til vinnu með eigin rekstri og þá er aðalmarkmiðið með rekstrinum ekki hámarks hagnaðar heldur að veita vinnu – þó svo hagnaðurinn sé nauðsynlegur annað slagið til að greiða upp hallæri til að halda dampi. Oft er um einyrkja að ræða eða kannski mjög fámenn fyrirtæki þannig að annað hvort sé ekki hægt að fækka fólki eða að þeir fáu starfsmenn sem eru hjá fyrirtækinu eru nágrannar, orðnir góðir kunningjar eða vinir eigenda og þess vegna er ekki eins auðvelt segja fólki upp eins og í sambandi vinnuveitanda og starfsmanna sem þekkjast ekki eða lítið. Líkur á því eru meiri í tilfelli fyrirtækisins af höfuðborgarsvæðinu sem er með rekstur víða á landsbyggðinni eins og hér um ræðir.

Þá er einnig þekkt sterk samfélagsvitund meðal fyrirtækja í smærri byggðum þar sem eigendur leggja mikið á sig áður en ráðist er í uppsagnir. Það má kalla sterka samfélagsábyrgð.

Að lokum skal bent á þann möguleika að skýringuna sé einfaldlega að finna í því að stjórnendur hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu séu almennt svartsýnni en þeir sem eru á landsbyggðunum. Það kom fram í skoðanakönnuninni (Mynd 56). Fyrirtækin af landsbyggðinni eru vissulega bjartsýnni gagnvart hagkerfinu almennt en ekki gagnvart sínum eigin tekjum (Mynd 51). Þar er engin landshluti bjartsýnni þannig að það dugir skammt sem skýring.

### 8.3 FYRIRTÆKI SVARTSÝNUST AF HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

---

Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu voru svartsýnust þegar spurt var út í almennt útlit í efnahagsmálum (Mynd 56). Getur verið að það sé betur menntað starfsfólk á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni? Og af þeim sökum séu stjórnendur betur í stakk búnir að meta væntar aðstæður í efnahagslífinu og afleiðingar þeirra? Eða einfaldlega að atvinnugreinar fyrirtækja af höfuðborgarsvæðinu, uppbygging og samkeppnisaðstæður séu með þeim hætti að þau neyðist til að stíga varlega til jarðar og vanda sig meira en fyrirtæki af landsbyggðinni? Að uppbygging fyrirtækjanna sé áhættumeiri vegna þess hvernig efnahagsreikningurinn er uppbyggður, fjármögnun eða nýfjárfestingar? Allt eru þetta spurningar sem gaman væri að reyna að svara en verður vart gert í þessu riti.

### 8.4 ER LANDBÚNAÐURINN EKKI TENGDUR FERÐAÞJÓNUSTU?

---

Athygli vakti að ferðaþjónusta er lítil hluti af landbúnaði. Þar er atvinnugreinin sambærileg sjávarútvegi. Fyrirfram hefði maður geta talið að landbúnaður væri farinn að hafa ferðaþjónustu sem hliðargrein í ríkara mæli. Vissulega getur sjávarútvegur það líka með sjóstangveiðiferðum, hvalaskoðunum, skemmtisiglingum en þá verða fyrirtækin yfirleitt að skipta alveg úr sjávarútvegi yfir í ferðaþjónustu og erfitt að róa á bæði mið. Hefðbundinn landbúnað er auðveldara að stunda samhliða sölu á gistingu og veitingum eða leiðsögn af einhverju tagi. En samkvæmt þessu virðast ferðaþjónustufyrirtæki til sveita vera farin að skilgreina sig sem ferðaþjónustu, ef þau eru á annað borð farin að gæla við hana, en ekki landbúnað.

### 8.5 FERÐAÞJÓNUSTA Á NORÐURLANDI EYSTRA

---

Á óvart kom hvað Akureyri virðist bera skarðan hlut frá borði í viðskiptum við ferðamenn. Bent hefur verið á fjölbreytta flóru atvinnugreina sem skýringu. Einnig að mikill fjöldi ferðamanna af farþegaskipum versli ekki mikið á staðnum þó þeir spóki sig um bæinn en eyði frekar í skoðanaferðir þar sem áherslan er kannski austan við Eyjafjörð. Það er vel mögulegt að allur sá fjöldi sem komi með farþegaskipum fari beint upp í rútur og að Goðafossi og Mývatni og/eða jafnvel að Dettifossi og Ásbyrgi því Þingeyjarsýslur komu vel út er varðar tekjur af ferðmönnum í þessari könnun (Mynd 31). Þessi könnun nær auðvitað ekki til stórra tekna af ferðaþjónustu eins og hafnargjalda sem eru stórar upphæðir á hverju ári fyrir Akureyrarbæ.

Hins vegar er bjartsýni í garð efnahagshorfa á landinu mjög mikil hjá ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra (Mynd 57). Til hliðsjónar sést að fyrirtæki í öllum atvinnugreinum á Akureyri gáfu þeim í Þingeyjarsýslum lítið eftir á þennan hátt en bjartsýnust voru þau í Eyjafirði utan Akureyrar (Mynd 58). Þetta gæti mögulega tengst tækifærum sem felast í beinu flugi á milli Akureyrarflugvallar og annarra erlendra flugvalla og áformum um að nýta þá möguleika betur. Það skal hins vegar á það bent að bjartsýni er ekkert síðri hjá ferðaþjónustuaðilum á Suðurlandi og þá eru þeir á Norðurlandi vestra ekki langt undan heldur.

## 8.6 HEILDARNIÐURSTAÐA VESTFJARÐA OG NORÐURLANDS EYSTRÁ

---

Þegar styrkleikar og veikleikar voru dregnir kerfisbundið saman eftir ákveðinni forskrift kom tvennt nokkuð á óvart er varðaði röðina innan landshluta þó svo flest annað hafi fallið að þeim hugmyndum sem höfundur hafði um hana fyrirfram. Í fyrsta lagi þá lentu Vestfirðir í þriðja efsta sæti. Í öðru lagi lenti Norðurland eystra í fimmta sæti. Fyrst skal það nú tekið fram að forskriftin eða aðferðin, sem notuð var, er langt frá því að vera „fullkomin“ og ekki hafin yfir gagnrýni á nokkurn hátt. En hvað ef hin fullkomna aðferð gæfi sömu röð? Getur verið að fiskeldið sem blásið hefur nýju lífi í atvinnu- og mannlíf á Vestfjörðum sé að skila sér? En af hverju lendir Norðurland eystra svona neðarlega með nýja kísilmálmversmiðju á Bakka á Húsavík? Svo er Akureyri á Norðurlandi eystra sem verður að teljast annað stærsta þéttbýlissvæði landsins þar sem Háskólinn á Akureyri er, aflþynnuverksmiðja og Samherji svo eitthvað sé nefnt. Að vísu er tölulegur munur ekki mikill á milli sætanna þannig að lítið þyrfti til að Norðurland eystra og Vestfirðir skiptu um sæti. Hvað sem því líður, þá kemur útkoma Vestfjarða jákvætt á óvart.

## 8.7 SKAPANDI GREINAR

---

Almennt var hlutfall menningar og lista í tekjum fyrirtækja á landsbyggðinni lágt (á bilinu 2 til 5%) en athygli vakti að hæst var það í landshlutum sem eru mjög fjarlægir höfuðborgarsvæðinu, á Vestfjörðum og Austfjörðum en Vesturland var þar á milli (Mynd 38). Þá staðfestist það, með stórrí djúpgreiningu, hið þekktu jákvæða samhengi milli menningar og fjölmennis: Menning og listir eru hærra hlutfall af tekjum fyrirtækja í fjölmennari sveitarfélögum en fámennari. Hins vegar kom í ljós að fjarlægð frá Reykjavík hefur ekki marktæk áhrif á þetta hlutfall en oft hefur því verið haldið fram að nálægð við borgir geti bæði örvað menningu eða latt hana. Færð hafa verið rök fyrir því að nálægð staða við stóra borg geti örvað menningarlífið vegna jákvæðra smitáhrifa (e. *spillover effects*) frá fjölbreyttu menningarlífi sem einkennir oft borgir. Það er einnig þekkt að nálægð staða við borgir eða stóra bæi geti líka haft neikvæð áhrif á menningarlíf þeirra vegna þess að hin fjölbreytta menning borganna laðar íbúa nálægra staða í menningarferðir þangað og dregur úr eftirspurninni heima fyrir. Niðurstaða könnunarinnar bendir hins vegar til þess að hlutfall menningar og lista í tekjum fyrirtækja tveggja jafn stórra bæja sé ekki marktækt ólíkt jafnvel þó annar þeirra sé mjög nærri borginni en hinn mikið fjær (og að öllu öðru óbreyttu).

Þó hlutföll einstakra landshluta virðast lág er um tvöfaldur munur á því þar sem það er lægst 2,1% á Suðurnesjum og þar sem það er hæst á Vestfjörðum 4,3% (Tafla 7). Frekari greining kvað á um að aldur fyrirtækja hefði ekki mikil áhrif á hlutfallið en framleiðslufyrirtæki mælast lágt á þennan kvarða en þjónustugreinar hærri eins og búast mátti við.



Þá hefur ferðabjónustan haft meiri tekjur af menningu og listum en landbúnaður og sjávarútvegur og ætti ekki að koma á óvart (Mynd 38). Víða sést að ferðabjónusta togar þetta hlutfall verulega upp eins og á Austurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi vestra (sjá rautt þverstrík í samanburði við súlu). Það á hins vegar ekki við á Vestfjörðum þar sem það er annars frekar hátt í samanburði milli landshluta. Á Vestfjörðum virðist því þessi góða útkoma vera að þakka mun fleiri atvinnugreinum en í hinum þremur landshlutunum sem nefndir voru. Áhugavert væri því að skoða það nánar, hvernig atvinnulífið á Vestfjörðum hefur náð að „beisla“ menningu og listir og kanna hvort aðrir landshlutar gætu lært af því.

Þegar landshlutarnir voru síðan brotnir upp í fleiri svæði, eða 22 alls, kom í ljós að fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum höfðu mestar tekjur af menningu og listum 6%, þá fyrirtæki á Austurlandi norðan Fagradals 5% og síðan 4,5% í Dölunum og 4% á Borgarfjarðarsvæðinu (Mynd 39). Hins vegar voru þær lægstar hlutfallslega hjá fyrirtækjum í A-Hún 0,5% og 1% í Skaftafellssýslum og á sunnanverðum Vestfjörðum. Hins vegar skal taka niðurstöður þessarar miklu sundurliðunar á landinu með fyrirvara vegna fárra svara víða.

## 8.8 FERÐAÞJÓNUSTA

---

Ferðabjónusta kom vel út þegar spurt var út í afkomu, sama hvort til skemmri eða lengri tíma var litið. Þetta á sérstaklega við um afkomu til skemmri tíma (Mynd 42) en meiri munur er á milli landshluta þegar skoðuð var afkoma til lengri tíma (Mynd 47) en þar sést að afkoman í ferðabjónustu er mun lakari hjá ferðabjónustu en að jafnaði í öðrum greinum í þeim landshlutum sem eru lengst frá helstu hliðum inn í landið: Á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Vitað er að ferðabjónustan hefur byggst misjafnlega hratt upp eftir landsvæðum. Einnig að yfirleitt eru nýstofnuð fyrirtæki almennt rekin með tapi fyrstu árin. Með fjölgun ferðamanna og eftir því sem atvinnugreinin hefur náð að skipuleggja sig betur og þroskast hefur hún dreifst víðar um landið og því mátt ætla ferðabjónustufyrirtækin að jafnaði misjafnlega gömul eftir landshlutum. Þess vegna hefði jafnvel mátt búast við meiri breytileika milli landshluta í afkomu ferðabjónustufyrirtækja en hér kom í ljós.

## 8.9 LANDBÚNAÐUR OG SJÁVARÚTVEGUR

---

Bændur eru ekki af baki dottnir. Á óvart kom hvað landbúnaðurinn bar sig vel, einkum ef hann var borinn saman við sjávarútveg. Báðar atvinnugreinarnar hafa lent í áföllum og búa sig undir einhverjar og jafnvel miklar þrengingar – einkum landbúnaðurinn. Þarna má nefna hækkun veiðigjalda, aukin innflutning á erlendum landbúnaðarafurðum og breyttan lífsstíl vegna loftslagsmála svo eitthvað sé nefnt. Þó er afkoman verri í landbúnaði einstakra landshluta þegar horft var til lengri tíma. Það var á Vesturlandi, Austurlandi og jafnvel Norðurlandi eystra. Þá var einnig áhugavert að sjá atvinnugreinarnar vera á öndverðum meiði varðandi fjárfestingar og mannaáráðningar: Sjávarútvegurinn hyggst ráðast í fjárfestingar en segja upp fólki á meðan landbúnaðurinn hefur meiri hug á ráða fólk en hefur alls ekki mjög háleitar hugmyndir í fjárfestingum í samanburði við sjávarútveginn. Það er hins vegar alls ekki þannig að landbúnaðurinn ætli ekki að ráðast í fjárfestingar heldur er samanburður við sjávarútveginn

óhagstæður. Mestur hugurinn til fjárfestinga er hjá sunnlenskum bændum – sem kemur reyndar ekki á óvart þar sem Suðurlandið er hentugasta landbúnaðarhérað landsins.

## 8.10 SJÁVARÚTVEGUR MISVINNUAFLSFREKUR

---

Í ljós kom að vinnuaflsvægi í sjávarútvegi var nokkuð misjafnt á milli landshluta. Rifjum upp að vinnuaflsvægi var reiknað sem heildarlaun deilt með heildartekjum. Það var hæst á Vesturlandi og á Vestfjörðum (Mynd 25). Skýringin á þessu er trúlega fólgið í því að smábátaeigendur eru óvenju fjölmennir á þessum landsvæðum. Bæði er vægi launakostnaðar í rekstri smábáta mjög hátt en líka eru heildarlaun af fiskveiðum meiri í samfélögum þar sem smábátasjómennska er frekar stunduð en útgerð stærri báta þegar heildaraflamagnið er svipað eða það sama.

## 9 VIÐAUKI

### 9.1 SKILGREINING LANDSVÆÐA

Tafla 12: Skilgreiningar landsvæða m.t.t. sveitarfélaga og landshluta.

Sveitarfélag	Landsvæði skýrslunnar	Landshluti
Akrahreppur	Skagafjarðarsýsla	Norðurland vestra
Akranes	Akranes og Hvalfjörður	Vesturland
Akureyri	Akureyri	Norðurland eystra
Árneshreppur	Strandir og Reykhólar	Vestfirðir
Ásahreppur	Rangárvallasýsla	Suðurland
Bláskógabyggð	Árnessýsla	Suðurland
Blönduóssbær	A-Húnavatnssýsla	Norðurland vestra
Bolungarvík	Norðanverðir Vestfirðir	Vestfirðir
Borgarbyggð	Borgarfjarðarsvæði	Vesturland
Dalabyggð	Dalir	Vesturland
Dalvíkurbyggð	Eyjafjörður	Norðurland eystra
Eyja- og Miklaholtshreppur	Snæfellsnes	Vesturland
Eyjafjarðarsveit	Eyjafjörður	Norðurland eystra
Fjallabyggð	Eyjafjörður	Norðurland eystra
Flóahreppur	Árnessýsla	Suðurland
Grindavíkurbær	Suðurnes annað	Suðurnes
Grímsnes- og Grafningshreppur	Árnessýsla	Suðurland
Grundarfjarðarbær	Snæfellsnes	Vesturland
Helgafellssveit	Snæfellsnes	Vesturland
Hrunamannahreppur	Árnessýsla	Suðurland
Húnavatnshreppur	A-Húnavatnssýsla	Norðurland vestra
Húnaþing vestra	V-Húnavatnsýsla	Norðurland vestra
Hvalfjarðarsveit	Akranes og Hvalfjörður	Vesturland
Hveragerðisbær	Árnessýsla	Suðurland
Ísafjarðarbær	Norðanverðir Vestfirðir	Vestfirðir
Kaldrananeshreppur	Strandir og Reykhólar	Vestfirðir
Mýrdalshreppur	Skaftafellssýslur	Suðurland
Norðurþing	Þingeyjarsýsla	Norðurland eystra
Rangárþing eystra	Rangárvallasýsla	Suðurland
Rangárþing ytra	Rangárvallasýsla	Suðurland
Reykhólahreppur	Strandir og Reykhólar	Vestfirðir
Reykjanesbær	Reykjanesbær	Suðurnes
Sandgerði	Suðurnes annað	Suðurnes
Skaftárhreppur	Skaftafellssýslur	Suðurland
Skagabyggð	A-Húnavatnssýsla	Norðurland vestra
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Árnessýsla	Suðurland
Skorradalshreppur	Borgarfjarðarsvæði	Vesturland
Snæfellsbær	Snæfellsnes	Vesturland
Strandabyggð	Strandir og Reykhólar	Vestfirðir
Stykkishólmsbær	Snæfellsnes	Vesturland
Súðavíkurhreppur	Norðanverðir Vestfirðir	Vestfirðir

Sveitarfélagið Árborg	Árnessýsla	Suðurland
Sveitarfélagið Garður	Suðurnes annað	Suðurnes
Sveitarfélagið Hornafjörður	Skaftafellssýslur	Suðurland
Sveitarfélagið Skagafjörður	Skagafjarðarsýsla	Norðurland vestra
Sveitarfélagið Skagaströnd	A-Húnavatnssýsla	Norðurland vestra
Sveitarfélagið Vogar	Suðurnes annað	Suðurnes
Sveitarfélagið Ölfus	Árnessýsla	Suðurland
Tálknafjarðarhreppur	Sunnanverðir Vestfirðir	Vestfirðir
Vestmannaeyjabær	Vestmannaeyjabær	Suðurland
Vesturbyggð	Sunnanverðir Vestfirðir	Vestfirðir

## 9.2 SPURNINGAR KÖNNUNARINNAR

---

Spurningar könnunarinnar voru 18:

1. Samþykki skv. lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga: Þátttakandi samþykkir að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi afli og vinni með þær persónuupplýsingar sem hann gefur í könnuninni. Auk þess samþykkir þátttakandi að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi geti bætt við öðrum nauðsynlegum upplýsingum til að ljúka rannsókninni. Að lokum samþykkir þátttakandi að frumgögn og niðurstöður rannsóknarinnar verði einnig nýtt af öðrum landshlutasamtökum og atvinnuþróunarfélögum. Þátttakandi hefur lesið skilmálana og samþykkir þá.

- Já
- Nei

2. Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?

Fjölga mikið  Fjölga lítið eitt  Hvorki fjölga né fækka  Fækka lítið eitt  Fækka mikið

3. Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári?

Mikið meiri tekjur  Meiri tekjur  Svipaðar tekjur  Minni tekjur  Mikið minni tekjur

4. Hvort telur þú að fyrirtækið eigi eftir að bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum? Það gildir einu hvort fyrirtækið á, kaupir eða leigir viðkomandi húsnæði eða búnað. Með búnaði er átt við land, kvóta, tæki, bíla, innréttingar og annað þess háttar.

Bæta miklu við  Bæta við  Hvorki né  Draga saman  Draga mikið saman

5. Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?

Nei  Já

Hvaða menntun?

6. Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna færni, getu eða hæfni aðra en þá sem nefnd var í næstu spurningu á undan? [Hér er verið að spyrja um aðra færni en þá sem fæst í skólakerfinu\(hinu formlega\).](#)

Nei  Já

Hvaða færni, getu eða hæfni?

**7. Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði?**

- Mikið betri  Betri  Óbreyttar  Verri  Mikið verri

**Bakgrunnsspurningar:**

**8. Í hvaða atvinnugrein starfar fyrirtækið? Merktu eingöngu við einn valmöguleika.**  
Ef fyrirtækið starfar í fleiri en einni atvinnugrein merktu þá sem vegur þyngst í starfsemi fyrirtækisins.

- Landbúnaður og skógrækt
- Fiskveiðar
- Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu
- Fiskvinnsla
- Önnur framleiðsla
- Rafmagns, gas- og hitaveitur
- Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs- og afmengun
- Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
- Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum
- Flutningar og geymsla
- Rekstur gististaða og veitingarekstur
- Upplýsingar og fjarskipti
- Fjármála- og váttryggingarstarfsemi
- Fasteignaviðskipti
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
- Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta
- Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar
- Fræðslustarfsemi
- Heilbrigðis- og félagsþjónusta
- Menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi
- Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi
- Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og framleiðsla á ýmis konar vöru á heimilum til eigin nota

**9. Hvernig er eignarhaldi fyrirtækisins best lýst?**

Merkið við þann valkost sem kemst næst hinu sanna.

- Einkafyrirtæki (rekið undir eigin kennitölu, ehf. eða hf.)
- Í eigu sveitarfélags
- Ríkisfyrirtæki
- Sjálfseignarstofnun
- Samvinnufélag

**10. Hvaða ár fór rekstur fyrirtækisins af stað?**

**11. Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna? Áætlið eða námundið.**

- Engar  1-10%  11-20%  21-30%  31-40%  41-50%  51-60%  61-70%  
 71-80%  81-90%  91-99%  Allar

**12. Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu? Áætlið eða námundið.**

- Engar  1-10%  11-20%  21-30%  31-40%  41-50%  51-60%  61-70%  
 71-80%  81-90%  91-99%  Allar

**13. Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum? Áætlið eða námundið.**

- Engar  1-10%  11-20%  21-30%  31-40%  41-50%  51-60%  61-70%  
 71-80%  81-90%  91-99%  Allar

**14. Í hvaða landshluta starfar fyrirtækið eða hefur mestan hluta starfsemi sinnar?**

- Austurlandi  Höfuðborgarsvæðinu  Norðurland eystra  Norðurland vestra  
 Suðurlandi  Suðurnesjum  Vestfjörðum  Vesturlandi

**15. Í hvaða sveitarfélagi eru höfuðstöðvar fyrirtækisins?**

**16. Í hvaða sveitarfélagi starfar fyrirtækið eða hefur mestan hluta starfsemi sinnar?**

### 17. Hefur fyrirtækið starfsemi í öðru/öðrum sveitarfélögum?

- Já       Nei

### Önnur sveitarfélög sem fyrirtækið starfar í

#### 18. Í hvaða öðrum sveitarfélögum starfar fyrirtækið?

Merkið við öll sveitarfélög sem fyrirtækið hefur starfsemi í. Með starfsemi er átt við að fyrirtækið haldi úti starfsstöð og/eða veiti þjónustu þar.

- Akrahreppur     Akranes       Akureyri     Árneshreppur     Ásahreppur
- Bláskógabyggð     Blönduóssbær     Bolungarvík     Borgarbyggð
- Borgarfjarðarhreppur     Breiðdalshreppur     Dalabyggð     Dalvíkurbyggð
- Djúpavogshreppur     Eyja- og Miklaholtshreppur     Eyjafjarðarsveit     Fjallabyggð
- Fjarðabyggð     Fljótsdalshérað     Fljótsdalshreppur     Flóahreppur     Garðabær
- Grindavíkurbær     Grímsnes- og Grafningshreppur     Grundarfjarðarbær
- Grýtubakkahreppur     Hafnarfjörður     Helgafellssveit     Hrunamannahreppur
- Húnavatnshreppur     Húnaþing vestra     Hvalfjarðarsveit     Hveragerði
- Hörgársveit     Ísafjarðarbær     Kaldrananeshreppur     Kjósahreppur
- Kópavogur     Langanesbyggð     Mosfellsbær     Mýrdalshreppur
- Norðurþing     Rangárþing eystra     Rangárþing ytra     Reykhólahreppur
- Reykjanesbær     Reykjavík     Sandgerði / sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs
- Seltjarnarnes     Seyðisfjörður     Skaftárhreppur     Skagabyggð
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur     Skorradalshreppur     Skútustaðahreppur
- Snæfellsbær     Strandabyggð     Stykkishólmur     Súðavíkurhreppur
- Svalbarðshreppur     Svalbarðsstrandarhreppur     Sveitarfélagið Árborg
- Sveitarfélagið Garður / sameinað sveitarfélag Sandgerðis og Garðs
- Sveitarfélagið Hornafjörður     Sveitarfélagið Skagafjörður     Sveitarfélagið Skagaströnd
- Sveitarfélagið Vogar     Sveitarfélagið Ölfus     Tálknafjarðarhreppur     Tjörneshreppur
- Vestmannaeyjar     Vesturbyggð     Vopnafjarðarhreppur     Þingeyjarsveit



## Staða fyrirtækisins

**19. Hverjar voru heildartekjur fyrirtækisins á síðasta starfsári (2017)?** *Má námunda.*

**20. Hver voru heildarlaun sem fyrirtækið greiddi starfsmönnum sínum á síðasta starfsári (2017)?** *Má námunda.*

**21. Hver var hagnaður (tap) á síðasta starfsári (2017)?**

*Hagnaður/tap eftir fjármagnsliði, afskriftir og skatta.*

- Mikill hagnaður (meira en 10% af heildartekjum)
- Frekar mikill hagnaður (á bilinu hagnaður 6-10% af heildartekjum)
- Lítil hagnaður (á bilinu 2-5% af heildartekjum)
- Afkoma í jafnvægi (á bilinu -2% til 2% hagnaður af heildartekjum)
- Lítið tap (á bilinu 2-5% tap af heildartekjum)
- Frekar mikið tap (á bilinu 6-10% af heildartekjum)
- Mikið tap (meira en 10% af heildartekjum)
- Á ekki við

**22. Hver var EBITDA á síðasta starfsári (2017)?**

*EBITDA er hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði (vaxtakostnað og vaxtatekjur), afskriftir og skatta.*

- Jákvæð EBITDA (meiri en 10% af heildartekjum)
- Frekar jákvæð EBITDA (á bilinu 6-10% af heildartekjum)
- Lítil EBITDA (á bilinu 2-5% af heildartekjum)
- Hverfandi lítil EBITDA (á bilinu -2% til 2% EBITDA af heildartekjum)
- Lítið eitt neikvæð EBITDA (neikvæð á bilinu 2-5% af heildartekjum)
- Frekar neikvæð EBITDA (neikvæð um 6-10% heildartekjum)
- Neikvæð EBITDA (neikvæð um meira 10% heildartekjum)
- Á ekki við

**23. Hver hefur afkoma (hagnaður/tap) fyrirtækisins verið undanfarin ár?**

Hagnaður/tap eftir fjármagnsliði, afskriftir og skatta.

- Fyrirtækið hefur oftast verið rekið með hagnaði sl. 5-10 ár
- Fyrirtækið hefur oftast verið rekið með tapi sl. 5-10 ár
- Fyrirtækið hefur oftast verið í jafnvægi sl. 5-10 ár (hverfandi lítil hagnaður eða tap)
- Á ekki við

### 9.3 STÆRÐ ÚRTAKS MEÐ TILLITI TIL ÞÝÐIS

Tafla 13: Stærð úrtaks og þýðis

Stærð þýðis	Minnsta úrtak sem gefur öryggismörk 95% og öryggisbil +/-2-5%	
	+/-5%	+/-2%
Óendanleg	384	2.401
10.000.000	384	2.400
5.000.000	384	2.400
1.000.000	384	2.395
500.000	384	2.390
100.000	383	2.345
50.000	381	2.291
25.000	378	2.191
20.000	377	2.144
10.000	370	1.936
5.000	357	1.622
2.000	322	1.091
1.000	278	706
500	217	414
200	132	185
100	80	96
50	44	49

Heimild: (Veal, 2006).

## 10 HEIMILDASKRÁ

---

- Blanchard, O. J., & Fischer, S. (1989). *Lectures on macroeconomics*. Cambridge: The MIT Press.
- Carey, H. C. (1865). *The principle of social science*. Philadelphia: J. B. Lippincott and Co.
- Carrothers, G. A. P. (1956). A historical review of the gravity and potential concepts of human interaction. *Journal of the American Institute of Planners*, 22, 94-103.
- Einarsson, Á. (2005). *Rekstrarhagfræði*. Reykjavík: Mál og menning.
- Fjármálastöðugleiki. (2019). Retrieved from Reykjavík:  
[https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalastodugleiki/Fjarmalastodugleiki\\_2019\\_1](https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalastodugleiki/Fjarmalastodugleiki_2019_1)
- Harris, C. D. (1954). The market as a factor in the localization of industry in the United States. *Annals of the Association of American Geographers*, 44(4), 315-348.
- Jónsson, Á. I. (2018, 13.09.). Færri handbeita línuna í landi. *Morgunblaðið*. Retrieved from [https://www.mbl.is/200milur/frettir/2018/09/13/faerri\\_handbeita\\_linuna\\_i\\_landi/](https://www.mbl.is/200milur/frettir/2018/09/13/faerri_handbeita_linuna_i_landi/)
- Karlsson, V. (2018). Nýliðun í landbúnaði á Íslandi og áhrif fjarlægðar frá Reykjavík. *Íslenska þjóðfélagið*, 9(1), 5-21.
- Karlsson, V., Jóhannsson, H., & Pétursson, J. Ó. (2017). Fjöldi ferðamanna og tekjur og kostnaður íslenskra sveitarfélaga. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 13(2), 2011-2038.
- O'Sullivan, A. (2009). *Urban economics* (7th ed.). New York: McGraw-Hill / Irwin.
- Porter, M., E. (1990). *The Competitive Advantage of Nations*. London: The MacMillian Press LTD.
- Seðlabanki, Í. (2019). *Peningamál*. Retrieved from Reykjavík:  
[https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Peningamal/2019/Februar-2019/PM\\_2019\\_1.pdf](https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Peningamal/2019/Februar-2019/PM_2019_1.pdf)
- Skammtímahagvísar ferðaþjónustu. (2019). *Fréttir*. Retrieved from Hagstofa Íslands website:  
<https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/ferdathjonusta/skammtimahagvisar-ferdathjonustu-10788-10839-10915-10966-10974/?fbclid=IwAR1MpCps-6oM2B6ktwexlEtplZybmB9Sy37H-Jkf272jf0NLjtIXZrrTjXU>
- Varian, H. R. (1992). *Microeconomic Analysis*. New York: W.W. Norton & Company.
- Verbeek, M. (2004). *A guide to modern econometrics* (2 nd ed.). West Sussex: John Wiley & Sons, Ltd.